

FRÉTTABLAÐIÐ

40. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

LAUGARDAGUR 16. FEBRÚAR 2019


AUGLÝSING

BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT
BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT
BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT
BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT
BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT
BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT
BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT
BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT
BLA FRÍTT FRÍTT FRÍTT

— FRÍTT AÐ HRINGJA —
Núll
hjá
Nova
— FRÍTT AÐ HRINGJA —

Það er málfrelsi! Hvers vegna að borga fyrir að tala?

Hér má sjá sláandi verðsamanburð á farsíma-
áskrift fyrir þá sem vilja einfaldlega bara tala.
Hvað með þig? Hvað ert þú að borga í dag?



NÚLL

Frítt SMS og frítt að hringja!

Núll hjá Nova breytir öllu fyrir þá sem vilja bara tala. Í fyrsta sinn á Íslandi er frítt frítt. Þú sendir SMS og hringir, hvar sem er innan EES, án þess að borga svo mikið sem eina krónu. Þú þarft þannig ekki að kaupa neitt til að fá Núll hjá Nova. Þú þarft bara að vera hjá Nova, í hópi ánægðustu viðskiptavina á Íslandi — alveg frítt.

Dómsdagur viðvarandi ástand

Segja strákarnir í Hatara. Hugðarefni þeirra eru ekkert léttmeti. Dauðinn, neysluhyggja og tilgerð í tilverunni. Og dómsdagur. Hversdagurinn er svikamylla, segja þeir oft og leitast við að afhúpa hann í verkum sínum. ➔ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Fíkn er eins og hola í hjartanu

Nína Dögg hlaut Grimuverðlaun fyrir aðalhlutverk sitt í sýningunni Fólk, staðir og hlutir sem fjallar um fíkn. Aðstandandi Nínu glímur við fíkn. ➔ 24



Leyndarmál listasögunnar

Verk Eyborgar Guðmundsdóttur ➔ 30


30 DAGA SKILARÉTTUR
Ef þér líkar ekki varan getur þú skilað henni innan 30 daga og fengið endurgreitt. Sjá skilmála á elko.is

ELKO 

TENGDU ÍSLENSKA NÁTTÚRU OG MENNINGU INN Á GISTISTAÐINN ÞINN

Erum með íslensku mynstrin í rúmfötum, koddaverum, púðum, dúkum, svuntum, handklæðum og blóðbergs ilmörur.

Nánari upplýsingar á sala@lindesign.is.

Skoðaðu úrvalið á www.lindesign.is



Lin
DESIGN

OPNUM Í DAG KL 11:00

SUPER 1

HALLVEIGARSTÍG 1

Veður



Hæg breytileg átt fram eftir degi en snýst til vaxandi NA-áttar síðdegis, fyrst S- og V-lands. Vindur 13-23 m/s undir kvöld, hvassast syðst með slyddu eða snjókomu við S- og A-ströndina. Léttskýjað víðast hvar en þykkar upp austan til síðdegis. **SJÁ SÍÐU 40**

Kaupmaður á horninu opnar á Hallveigarstíg

VERSLUN „Ég fékk lykllana afhenta fyrir tveimur vikum og við erum búin að vinna nánast allan sólarhringinn,“ segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson sem opnar í dag verslunina Super1 við Hallveigarstíg. Verslunin kemur í stað Bónuss sem var lokað í janúar.

Sigurður Pálmi hyggst verða eins konar kaupmaður á horninu. „Það verður meira úrval og lengri opnunartími. Ef einhver vill koma á framfæri ábendingum þá er bara nóg að koma, ég verð hér alla daga,“ segir hann.

Sigurður Pálmi segir að Super1 muni einbeita sér að vörum í minni pakkningum, lífrænum vörum og umhverfisvænum. Áhersla verði á

●● Það er bara gríðarleg stemning í hópnum og það má segja að við höfum framkvæmt kraftaverk.

Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, verslunarmaður í Super1



að þjónusta gangandi vegfarendur. „Við verðum með litlar pakkningar og þá verður hægt að kaupa allt sem vantar og ganga með það heim.“

Segja má að verslunarrekstur sé Sigurði Pálma í blóð borinn; afi hans, Pálmi Jónsson, stofnaði Hagkaup. „Ég ólst upp við þetta, þetta er bara áhugamálið mitt.“

Á þriðja tug starfa í nýju versluninni. Margir voru áður í Bónus.

„Ég er ofboðslega þakklátur fyrir að hafa svona hóp af fólki með mikla reynslu og þekkingu, annars hefði þetta aldrei tekist,“ segir Sigurður Pálmi. – ab

Á reiðiskjálfi



Miklar drunur voru í Hafnarfjarðarhöfn í gær er verktaki sprengdi á hafnarbotninum vegna framkvæmda við nýjan 100 metra langan stálþilsbakka sem verður milli enda Suðurbakka og Öseyrarbryggju, framan við Fornubúdir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir af sprengingunni er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Sjaldan vottorð frá lögreglunni

LÖGREGLUMÁL Afar sjaldgæft er að lögregla sendi yfirlýsingar eða veiti vottorð sambærilegt því sem Hörður Jóhannesson, aðstoðarlög- reglustjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, veitti Jóni Baldvini Hannibalssyni um Aldisi Schram dóttur hans. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins hjá lögreglunni.

Í yfirlýsingunni sem Jón Baldvin hefur rætt í fjölmiðlum segir að lögregla hafi nokkrum sinnum á undanföllum árum haft afskipti af Aldisi eða sinnt verkefnum vegna hennar. Foreldrar hennar, Jón Baldvin og Bryndis Schram, hafi aldrei kallað til lögreglu vegna hennar.

Aldís hefur nú kært Hörð til Embættis héraðssaksóknara vegna vottorðsins. Kæran fer til sérstaks teymis lögreglumanna hjá embættinu, þar sem tekin er afstaða til hennar, í samráði við saksóknara, hvort efni séu til að hefja formlega rannsókn á efni hennar. – að

Ákvörðun Lilju um Víkurgarð á mánudag

Næstu skref í mál-efnum Víkurgarðs ráðast á mánudag þegar mennta- og menningarmálaráðherra þarf að taka ákvörðun um framhald skyndifriðunar. Fornminjanefnd tekur ekki undir með Minjastofnun.

SKIPULAGSMÁL Fornminjanefnd telur að markmiðum um vernd minjasvæðis í Víkurgarði verði síður náð með stækkun friðlýsingarsvæðis garðsins eins og tillaga Minjastofnunar gerir ráð fyrir. Þetta kemur fram í bókun nefndarinnar frá 31. janúar síðastliðnum. Eitt af hlutverkum nefndarinnar er að fjalla um tillögur Minjastofnunar að friðlýsingum áður en þær eru sendar ráðherra.

Ákvörðun Lilju Alfredsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra vegna skyndifriðunar Víkurgarðs þarf að liggja fyrir næstkomandi mánudag. Málið hefur verið til umfjöllunar í ráðuneytinu en Minjastofnun ákvað þann 8. janúar síðastliðinn að skyndifriða þann hluta garðsins sem er innan þess reits sem félagið Lindarvatn áformar að reisa hótél á.

Sá hluti Víkurgarðs sem í daglegu tali nefnist Fógetagarður er þegar friðlýstur. Minjastofnun taldi hins vegar nauðsynlegt að stækka friðlýsingarsvæðið um átta metra í austur. Var vísað til þess að ekki hefði náðst ásættanleg niðurstaða um inngang fyrirhugaðs hótels. Þannig yrði Víkurgarður nýttur sem aðkomusvæði hótelsins sem væri algerlega óásættanlegt.

Í fyrrnefndri bókun fornminja-



Framkvæmdir hafa legið niðri frá því að skyndifriðun austurhluta Víkurgarðs tók gildi þann 8. janúar síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

nefndar segir að áform framkvæmdaáðila um inngang að hótelinu hafi ekki í för með sér umráðarétt yfir næsta nágrenni, heldur þurfi þeir að lúta þeim skilyrðum sem Minjastofnun setji.

Þá er brýnt fyrir Minjastofnun, Reykjavíkurborg og framkvæmdaðilum að ná samkomulagi sem komi til móts við sjónarmið allra aðila þó þannig að vernd minjasvæðisins verði í öndvegi.

Töluverðar deilur hafa staðið um fyrirhugaða hótélbyggingu og hafa heiðursborgarar Reykjavíkur meðal annars mótmælt framkvæmdunum. Í dag stendur félagsskapurinn Verndum Víkurgarð fyrir baráttuskemmtun í Iðnó sem hefst kl. 14.

Í yfirlýsingu sem meðal annars var birt í Fréttablaðinu í gær skorar fjöldi nafntogaðra einstaklinga á Lilju Alfredsdóttur að friðlýsa austurhluta Víkurgarðs en þar með yrði allur garðurinn, eins og mörk hans voru árið 1838, friðlýstur.

sighvatur@frettabladid.is

Vilja almenninggarð

Samkvæmt könnun sem Gallup framkvæmdi fyrir Lindarvatn eru tæp 63 prósent landsmanna jákvæð gagnvart því að byggja upp og viðhalda Víkurgarði sem almenningsgarði en aðeins rúm fimm prósent voru neikvæð. Tæpur þriðjungur var hlutlaus.

Einnig var spurt um afstöðu til þess að garðurinn verði afgirtur og friðaður þannig að helgi staðarins sem kirkjugarðs verði endurspegluð. Rúm 42 prósent reyndust jákvæð og tæp 23 prósent neikvæð. Rúmur þriðjungur var hlutlaus.

Þá var fólk beðið um að velja á milli þessara tveggja kosta og vildu rúm 80 prósent frekar almenningsgarð. Andstæðingar hótélbyggingar á reitnum hafa einnig talað fyrir því að Víkurgarður verði almenningsgarður.

Náðu tökum á þunglyndi

Þunglyndi er með algengari vandamálum sem fólk glímir við og ein-kennist af depurð eða áhugaleysi, þreytu, svartsýni, lífsleiða, breyttri matarlyst og of- eða vansvæfni.

Mánudaginn 11. mars hefst níu vikna hugræn atferlismeðferð í hóp við Kvíðameðferðarstöðina þar sem þátttakendur læra að fást við líðan sína, draga úr grufli, njóta lífsins í auknum mæli, bæta svæfn og tengsl við aðra.

Nánari upplýsingar og skráning á www.kms.is.





HÚSASMIDJAN
HLUTI AF BYGMA

Húsasmiðjublaðið
skoðaðu á husa.is



SÚPER

TILBOÐ Í HÚSASMIDJUNNI

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

GROHE
Blöndunartæki
25%
afsláttur

HITACHI → HiKOKI
Verkfæri
20%
afsláttur

BLACK+DECKER
Verkfæri
30%
afsláttur

DEWALT
Verkfæri
20%
afsláttur

Handverkfæri og verkfæratöskur
Gildir ekki af Topex handverkfærum
25-30%
afsláttur

AVASCO
Hillurekkar
20%
afsláttur

JUMBO
Stigar og tröppur
25%
afsláttur

JOTUN
LADY málning
25%
afsláttur

Philips ljós
25%
afsláttur

Lagerhreinsun
40%
afsláttur
af völdum harðparketi
Alsapan
Alsapan parket
20%
afsláttur

Nilfisk
Háprýstidælur
20-30%
afsláttur

BerlingerHaus
Berlinger Haus heimilisvörur
25-30%
afsláttur

Verkfæradagar í Húsasmiðjunni

30%
afsláttur

BLACK+DECKER

15.397 kr

21.995 kr

Borvél 18V

Multievo 2 stk., hægt að taka patrónu af og setja aukahluti framan á vélinna (selt sér) t.d. patrónu með höggi, juðarahaus, stingsagarhaus o.fl.

5245997

40%
afsláttur

8.995 kr

14.995 kr

Topplykasett

73 stk., 1/2"-1/4", toppar 4-27 mm, skráll 72T.

5052569

blómauval

POTTAPLÖNTUR TILBOÐ

-25%

Friðarlilja

9 cm pottur

890 kr

1.190 kr

11400017

-26%

Orkidea

1.990 kr

2.690 kr

11325000

-25%

Túlípanar

10 stk.

1.490 kr

1.990 kr

Skoðaðu allt úrvalið í vefverslun okkar husa.is

TÖLUR VIKUNNAR 10.02.2019 TIL 16.02.2019

38

milljónir ári eru meðaltalslaun lykilstjórnanda í banka.



11,4

milljarðar króna var heildarvelta IKEA á síðasta ári.



121

milljón króna var varið af Íslandspósti í lögmannsþjónustu á sex árum.



260

milljónum króna nam hagnaður færeyska póstsins á árunum 2012 til 2017 eftir að breytingar voru gerðar á rekstri ríkisfyrirtækisins.



82

prósentum alls nam launahækkun bankastjóra Landsbankans.



18

leiðtogar katalónsku aðskilnaðarhreyfingarinnar mættu í dómsal í Madrid í vikunni.



18

prósent lækkun er fyrirhuguð á launum bæjarstjóra og bæjarfulltrúa í Kópavogi.



Þrjú í fréttum Laun, kynrænt sjálfræði og Katalónía

Jón Gunnar Jónsson

forstjóri

Bankasýslu ríkisins vildi ekkert tjá sig við Fréttablaðið um launahækkunir bankastjóra Landsbankans. Bankasýslan fer með hlut ríkisins í bankanum, framfylgir eigenda-stefnu ríkisins og skipar bankaráð.



Guðlaugur Þór Þórðarson

utanríkisráðgjafi

sagði íslensk stjórnvöld fylgjast grannt með réttarhöldum yfir hópi katalónskra aðskilnaðarsinna. Ísland hefur itrekað komið áhyggjum á sínum á framfæri við Spánverja.



Ugla Stefánía Kristjónsdóttir

kynjafræðingur

segist binda miklar vonir við fyrirhugaða réttarbot trans- og intersexfólks sem felst í fyrirhugaðri löggjöf um kynrænt sjálfræði. Þetta yrðu bestu lög í heimi að hennar mati.



FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Beðið eftir útspili stjórnvalda

Boltinn í kjaraviðræðum er kominn til stjórnvalda eftir að SA höfnuðu í gær gagntilboði VR, Eflingar, VLFA og VLFG. Fáist ekki niðurstaða í næstu viku stefnir í viðræðuslit að sögn formanns VLFA.

KJARAMÁL „Nú er boltinn hjá stjórnvöldum og það mun hafa úrslitaáhrif um framhaldið þar sem lengra verður væntanlega ekki gengið milli Samtaka atvinnulífsins og okkar,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Samtök atvinnulífsins (SA) höfnuðu á fundi hjá ríkissáttasemjara í gær gagntilboði VR, Eflingar, Verkalýðsfélags Akraness og Verkalýðsfélags Grindavíkur. Í gagntilboðinu var komið til móts við tilboð SA með því skilyrði að stjórnvöld geri kerfisbreytingar og noti skattkerfið til að auka ráðstöfunartekjur.

RÚV greindi frá því í gær að tilboðið sem SA lagði fram á miðvikudag hafi gengið út á þriggja ára samning og myndu laun upp að 600 þúsund hækka um 20 þúsund á hverju samningsári en laun yfir 600 þúsund myndu hækka um 2,5 prósent á ári.

Ragnar Þór segir að enn sé töluvert langt á milli aðila. „Ef þessi deila á að leysast þá verður aðkoma stjórnvalda að vera umtalsverð.“

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segist bundinn trúnaði um innihald móttilboðs stéttarfélaganna fjögurra og þann trúnað muni hann virða. „Ég get samt sagt að tilboðið er óaðgengilegt Samtökum atvinnulífsins og getur ekki orðið grundvöllur fyrir kjarasamningi milli aðila.“

Þá segir hann það alltaf hafa verið sinn skilning að aðkoma stjórnvalda að samningum sé háð því skilyrði að samningsaðilar séu á lokametrunum að ná samningi. „Enn fremur að þeir kjarasamningar séu innan þess skilgreinda efnahagslega svigrúms sem atvinnulífið getur staðið undir.“

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir niðurstöðu fundarins viss vonbrigði. Ábyrgð samningsaðila og stjórnvalda sé mikil og segist hann vona að allir geri sér grein fyrir því.



Ekki verður lengra komist í viðræðum aðila og því er nú beðið eftir aðkomu stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lýst eftir róttækni

Sams konar tilboð og SA gerðu VR, Eflingu, VLFA og VLFG hefur verið rætt við samningsborð SA og Starfsgreinasambandsins (SGS). Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins litu þau félög sem enn eru í samfloti SGS ekki á útspil SA sem alvöru tilboð. Því hafi verið ákveðið að leggja ekki fram gagntilboð.

Heimildarmenn blaðsins innan verkalýðshreyfingarinnar segja að margir hafi verið hissa á því hversu jákvætt fyrirnefnd fjögur félög hafi tekið í tilboð SA. Einn viðmælandi blaðsins spurði hvar væri að finna róttækni í verkalýðshreyfingu sem ætli að sækja allar kjarabætur sínar til ríkisins.

Þá telja heimildarmenn blaðsins að brestir séu að koma í samstöðu félaganna fjögurra. Farið sé að draga úr átakaáhuga VR og VLFA á meðan fulltrúar Eflingar séu tilbúnir í harðari aðgerðir. VLFG er talið fylgja Eflingu frekar að málum.

„SA höfnuðu okkar tilboði en við reyndar itrekuðum það að tilboðið sem þeir gerðu okkur væri ekki grundvöllur þess að ganga frá kjarasamningum. Menn þurfa bara að gjöra svo vel og finna leiðir og hugsa út fyrir boxið.“

Næsti samningafundur verður á fimmtudaginn en stjórnvöld munu fara yfir áherslur verkalýðshreyfingarinnar á mánudag. Vilhjálmur segir að forsetateymi ASÍ verði svo væntanlega kallað til fundar við stjórnvöld á þriðjudag.

„Tíminn er að renna út og ef við náum ekki saman í næstu viku er alveg ljóst að það stefnir í viðræðuslit og menn munu hefja undirbúning að kosningu um verkfall.“ sighvatur@frettabladid.is

JEEP® ALVÖRU JEPPAR - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF VIÐ KYNNUM NÝJAN JEEP® CHEROKEE

jeep.is

CHEROKEE LONGITUDE LUXURY

STAÐALBÚNAÐUR M.A. 2.2 LÍTRA 195 HÖ. DÍSELVÉL, 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING, JEEP® ACTIVE DRIVE MED 4 DRIFSTILLINGUM, HÁTT OG LÁGT DRIF (LIMITED ÚTFÆRSLA), LEDURINNRETTING, 8,4" UPPLÝSINGA- OG SNERTISKJÁR, ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI, RAFDRIFIN OG SNERTILAUS OPNUN Á AFTURHLERA, APPLE & ANDROID CARPLAY, FJARSTART, BAKKMYNDAVÉL MED BILASTÆÐAÐSTÖÐ OG SKYNJURUM, LYKILLAUST AÐGENGI OG RÆSING, HITI Í FRAMSÆTUM, HITI Í STÝRI, LED AÐALLJÓS, LED AFTURLJÓS, RAFDRIFNIR OG UPPHITAÐIR HLIÐARSPEGLAR, BLUETOOTH TIL AÐ STREYMA TÓNLIST OG SÍMA.

JEEP® CHEROKEE LONGITUDE LUXURY FRÁ: 7.990.000 KR

JEEP® CHEROKEE LIMITED VERÐ FRÁ: 9.580.000 KR



ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ÆVINTÝR Á FJÖLLUM JEPPASÝNING

★ KAPTÚNI Í DAG ★
KL. 12-16



RAV4
VERÐ FRÁ:
5.090.000 kr.



LAND CRUISER
VERÐ FRÁ:
8.150.000 kr.



HILUX
VERÐ FRÁ:
5.950.000 kr.

JEPPASÝNING TOYOTA – TÍUNDA ÁRIÐ Í RÖÐ
Hin árlega jeppasýning Toyota í Kaupþúni er fastur liður
í tilveru jeppamanna og útivistarfólks.

Stjörnur sýningarinnar í ár eru þrjár öndvegisjeppar:
Sjálfur konungur jeppanna, Land Cruiser 150, fjallmyndarlegur
og útbúinn Adventure-aukahlutapakka með 33" breytingu líkt
og Hilux Invincible sem verður til sýnis í fríðu föruneyti nýja
RAV4 jeppans ásamt fjölda ferðatengdra sýningaratriða.

Ferðafélag Íslands kynnr ævintýri á fjöllum: Tómas Guðbjartsson
segir spennandi ferðasögur og John Snorri Sigurjónsson lýsir
viðureign sinni við K2 – hættulegasta tind heims.

Ellingsen: fjórhjól, sexhjól, Buggy-bílar o.fl.
GG sport: græjar allt í sjósportið.
Klettur: með dekin undir jeppann.
Feed the Viking: veganesti fyrir ævintýrin.
Brenderup-kerrur til sýnis og sölu.



toyotakaupni.is



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Opnunartímar
Mánudaga til föstudaga 7:45-18:00
Laugardaga 12:00-16:00

Bílarir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi
kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Styrkir úr Barnamenningarsjóði

Umsóknarfrestur til 1. apríl

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Barnamenningarsjóði Íslands til verkefna sem uppfylla markmið og reglur sjóðsins. Barnamenningarsjóður Íslands er átaksverkefni til fimm ára, stofnaður í tilefni aldarafmælis fullveldisins með ályktun Alþingis á hátiðarfundi 18. júlí 2018.

Hlutverk sjóðsins er að styðja fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi. Verkefni, sem auk ofangreindra þátta, stuðla að lýðræðislegri virkni barna í samfélaginu eða taka að öðru leyti mið af inntaki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa sérstakt vægi. Einnig þau verkefni sem unnin eru í nánun samstarfi tveggja aðila eða fleiri, svo sem menningarstofnana, skóla, listafólks og félagasamtaka.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Umsóknarfrestur rennur út 1. apríl 2019 kl. 16.00.
Ekki er hægt að senda inn umsóknir eftir þann tíma.

Einungis er veitt úr sjóðnum einu sinni á ári.
Næsti umsóknarfrestur verður í lok mars 2020.

Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími 515 5800, barnamenningarsjodur@rannis.is



PHOTOSHOPIR GETISKEIÐ



Miðlun fréttu og myndefnis á samfélagsmiðlum gæti breyst verulega verði tilskipunin samþykkt í Evrópuþinginu.

Segja tilskipunina eyðileggja internetið

Úrslitastund nálgast eftir margra ára deilur um höfundarrétt og framtíð internetsins. Atkvæði greidd um umdeilda tilskipun í Evrópuþinginu á næstu vikum. Þingmaður segir reglurnar útiloka frjálsa miðlun á upplýsingum.

SAMFÉLAG Það styttist í úrslitastundina í tæplega þriggja ára löngu lobbíastafríði um nýja höfundarréttartilskipun sem verði hefur í smíðum í Brussel í tæp þrjú ár. Helstu hagsmunaaðilar á sviði annars vegar höfundarréttar og hins vegar upplýsingamiðlunar í Evrópu, og reyndar heiminum öllum hafa skipst í fylkingar með og á móti tilskipuninni. Annar hópurinn, með tónlistarmenn, kvikmyndaframleiðendur og alla helstu fjölmiðla Evrópu innanborðs, segir tilskipunina nauðsynlega til að stemma stigu við alræði og rányrkju netrisanna Google, YouTube, Facebook og Twitter, sem hagnist gríðarlega á ólöglegum deilingum höfundarvarins efnis, án þess að eigendur efnisins og rétthafar fái nokkuð í sinn hlut.

Hinn hópurinn, sem í eru ekki aðeins netrisarnir sjálfir heldur

Tilgangurinn er að takmarka frjálsa upplýsingamiðlun, enda afleiðingin sú að fjölmiðlar mega ekki vísa hver í annan og almenningur má ekki vísa í fjölmiðla.

Smári McCarthy, þingmaður Pírata



einnig fjölmörg mannréttindasamtök og talsmenn tjáningar- og upplýsingafrelsis, segir að tilskipunin muni binda enda á frjálsa miðlun upplýsinga og breyta internetinu eins og við þekkjum það og jafnvel eyðileggja það alveg.

Talsmenn tilskipunarinnar á

vettvangi Evrópusambandsins hafa brugðist hart við gagnrýninni og vísa henni á bug sem falsfréttum runnum undan rifjum netrisanna Google, YouTube, Facebook og Twitter. Hugmyndin sé að færa höfundarréttinn inn í 21. öldina og rétta hlut tónlistarmanna, kvikmyndaframleiðenda, fjölmiðla og annarra rétthafa enda raunveruleikinn sá að netrisarnir taki til sín lungann af tekjum þeirra.

Tilskipunin verður borin upp til samþykktar í vídeigandi nefnd Evrópuþingsins næsta mánudag og verði hún samþykkt þar fer hún til almennrar atkvæðagreiðslu í Evrópuþinginu annaðhvort seint í mars eða snemma í apríl. Búast má við að stríðandi fylkingar nýti sér nú komandi kosningar til Evrópuþingsins og þrýsti sem aldrei fyrr á þingmenn sem hyggja á endurkjör. adalheidur@frettabladid.is

Mest deilt um meinta ritskoðunarsíu og deiliskatt

Ritskoðunarsía – 13. gr.

Gera á vefsíður ábyrgar fyrir birtingu höfundarréttarvarins efnis nema þær sýni fram á að reynt hafi verið að koma í veg fyrir birtingu með öllum ráðum. Gagnrýnendur segja þetta þýða að miðlarnir þurfi að setja allt efni í ritskoðunarsíu með tengingu við gagnagrunna sem þurfi að innihalda allt höfundarréttarvarið efni í heiminum. Þetta verði bæði of dýrt auk þess sem þessi aðferð leiði óhjákvæmilega til þess að löglegt efni verði tekið niður.

„Þetta þýðir til dæmis að ég gæti hvorki birt ljóð eftir Jónas Hallgrímsson á mínum Facebook-vegg né ljósmynd af málverkum Seðlabankans. Slíkar færslur kæmust ekki í gegnum höfundarréttarsíuna,“ segir Smári McCarthy, þingmaður Pírata. Hann segir aðferðina vanhugsaða enda ógerlegt að framkvæma svona ritskoðun með notkun gervigreindar án þess að komið verði í veg fyrir birtingu

fullkomlega löglegs efnis sem geti átt mikilvægt erindi við almenning. Als óvist sé til dæmis að kerfið viti hvort verk Jónasar séu enn þá háð höfundarrétti.

Deiliskattur – 11. gr.

Tryggja á fjölmiðlum skerf af þeim tekjum sem samfélagsmiðlar og leitarvélur hafa af því að deila fréttum þeirra með svokölluðum deiliskatti (e. Link-tax). Samkvæmt 11. gr. þurfa samfélagsmiðlar og leitarvélur að ganga til samninga við hvert og eitt fjölmiðlafyrirtæki um greiðslu fyrir birtingu og deilingu fréttafnis.

Samkvæmt könnun Evrópuþingsins frá 2016 nálgust yfir 50 prósent allra netnotenda fréttafni í gegnum leitarvélur og samfélagsmiðla og tæplega helmingur þeirra las eingöngu útdrætti sem þar birtast án þess að fara nokkru sinni inn á fréttasíðurnar sjálfar. Vegna þessarar nethegðunar aukist auglýsingatekjur netrisanna

en bæði auglýsingar og áskriftir fréttamiðlanna hrynj.

Smári segir að hið eina sem hafist upp úr þessum breytingum verði alger takmörkun á frjálsri upplýsingamiðlun almennings. „Ef ég væri með bloggsíðu og ætlaði að fjalla um frétt í Fréttablaðinu, þyrfti ég að borga Fréttablaðinu fyrir það og Fréttablaðið þyrfti að greiða Stundinni fyrir að vísa í þeirra fréttir.“ Smári segir mesta skaðann hins vegar verða þegar hinn almenni borgari hyggst deila fréttum á samfélagsmiðlum. „Um leið og fólk fer að deila fréttum með hvert öðru, til dæmis á Facebook, þá þarf Facebook að borga fyrir þá deilingu,“ segir Smári og bætir við: „Það blasir við að samfélagsmiðlar hætti að heimila deilingu fréttu og annars efnis. Tilgangurinn er að takmarka frjálsa upplýsingamiðlun, enda afleiðingin sú að fjölmiðlar mega ekki vísa hver í annan og almenningur má ekki vísa í fjölmiðla.“



KRONAN

Besta uppskeran núna!

Mangó í lausu, Brasilía

539

kr. kg

Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.

Meira nýbakað

Brauð & bakkelsi
bakað á staðnum



**B A K
A R Í
I Ð**

STEINBÖKUÐU SÚRDEIGSBRAUÐIN ERU BÖKUÐ EFTIR
ALDARGAMALLI FRANSKRI HEFÐ, DEIGIÐ ER LÁTIÐ
HEFAST Í 24 TÍMA FYRIR BAKSTUR. SÚRDEIGSBRAUÐIN
OKKAR ERU GÆÐAVARA OG INNIHALDA EKKERT GER

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

HYUNDAI Notaðir

ALLT AÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ

Eigum nokkra yfirfarna nýlega Hyundai hjá okkur í Kaupúni 1, Garðabæ sem eru enn í ábyrgð. Komdu og gerðu frábær kaup!

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR



Hyundai i30 Style+

Nýskr. 06/17, ekinn 23 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:

3.350.000 kr.



Hyundai Santa Fe III Style

Nýskr. 03/16, ekinn 56 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:

5.390.000 kr.



HYUNDAI i20 Premium

Nýskr. 10/17, ekinn 12 þ.km, dísil, beinskíptur.

VERÐ:

2.690.000 kr.



Hyundai KONA Premium

Nýskr. 04/18, ekinn 9 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ:

5.190.000 kr.



Hyundai Tucson Comfort 2wd

Nýskr. 05/17, ekinn 15 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:

4.390.000 kr.



Hyundai Santa Fe III Comfort

Nýskr. 04/16, ekinn 31 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:

5.350.000 kr.



Hyundai Tucson Premium

Nýskr. 03/17, ekinn 23 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:

5.290.000 kr.



HYUNDAI Santa Fe III Style

Nýskr. 04/17, ekinn 25 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ:

6.490.000 kr.

HYUNDAI

Hyundai notaðir bílar
Kaupúni 1 - 210 Garðabæ

bilaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík

Sími: 575 1200 - bilaland@bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 virka daga og á laugardögum frá kl. 12-16.

Nefnd HÍ skeri ekki úr um lögmati rannsókna

Vísindasiðanefnd getur ekki skorið úr um lögmati rannsókna heldur aðeins um siðferðisleg álitamál. Til stendur að uppfæra vísindasiðareglur Háskóla Íslands.

REYKJAVÍK Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir að jákvæð umsögn vísindasiðanefndar Háskóla Íslands verði ekki lögð að jöfnu við tilkynningu Reykjavíkurborgar til Persónuverndar um fyrirhugaðar sms-sendingar í aðdraganda síðustu borgarstjórnarkosninga. Það sé ekki hlutverk vísindasiðanefndarinnar að úrskurða um lögmati rannsókna heldur aðeins um siðferðisleg álitamál.

Í síðustu viku birti Persónuvernd álit sitt um að Reykjavíkurborg hefði brotið lög um persónuvernd með bréfa- og smáskilaboðasendingum til ákveðinna kjósendahópa fyrir kosningarnar í fyrra. Hluti sendinganna, sem sneri að afmörkuðum hópi ungra kjósenda, var hluti af rannsókn Magnúsar Þórs Torfasonar og Huldu Þórisdóttur við Háskóla Íslands.

Í svari Reykjavíkurborgar við ákvörðun Persónuverndar segir að það hafi verið mat þeirra sem að verkefninu komu „að ekki væri nauðsynlegt að senda erindi til Persónuverndar vegna útsendinga á bréfum þar sem Vísindasiðanefnd Háskólans hafði þegar samþykkt rannsókn Háskólans“.

Í erindi rannsakendanna til nefndarinnar sem Fréttablaðið hefur undir höndum segir að það hafi verið sótt um leyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar og Persónuverndar til þess að fá að senda textaskilaboð á hluta kjósenda á kjördag. Þrátt fyrir að Vísindasiðanefndin gæfi rannsókninni jákvæða umsókn segir í svari nefndarinnar



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Útfærsla þeirra var ákveðin í samráði við rannsakendur við Háskóla Íslands.

Pétur Krogh Ólafsson, aðstoðarmaður borgarstjóra

ad hlutverk smáskilaboðanna sé „óljóst“. Persónuvernd segir hins vegar í úrskurði sínum um málið í síðustu viku að Reykjavíkurborg hafi ekki upplýst stofnunina um eðli skilaboðanna en nokkrum dögum fyrir kosningar, fram að því hafi stofnunin talið að það ætti að senda skilaboð á alla nýja kjósendur.

Eftir að Persónuvernd var upplýst um eðli rannsóknarinnar sendi stofnunin bréf til dómsmálaráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis. Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið um síðustu helgi að ráðuneytið hafi bent borginni á það fyrir kosningar að sendingarnar gætu varðað kosningalöggjöfina og ráðuneytið hefði talið að borgin

myndi láta af fyrirætlanum sínum.

Pétur Krogh Ólafsson, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins um hvers vegna sms-skilaboðin voru send að markmiðið hafi verið að upplýsa kjósendur um hvar þeir ættu að kjósa. „Smáskilaboðin voru sérstaklega nefnd í áður nefndri skýrslu sem allir fulltrúar í borgarráði samþykktu í febrúar. Útfærsla þeirra var ákveðin í samráði við rannsakendur við Háskóla Íslands og textinn í þeim sömuleiðis,“ segir Pétur.

Jón Atli segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að jákvæð umsögn vísindasiðanefndar Háskóla Íslands „verði ekki lögð að jöfnu við tilkynningu til Persónuverndar“. Vísar hann þar til að það sé ekki hlutverk nefndarinnar að skera úr um lögmati rannsókna heldur aðeins um siðferðisleg álitamál. Segir hann jafnframt að það standi til að uppfæra vísindasiðareglur Háskólans með hliðsjón af nýjum persónuverndarlögum, en núverandi reglur eru frá árinu 2014. arib@frettabladid.is

Nýtt deiliskipulag við Stekkjarbakka

Kynningarfundur miðvikudaginn 20. febrúar
í Menningarmiðstöðinni Gerðuberg í Breiðholti kl. 17.30



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar heldur kynningarfund um deiliskipulag við Stekkjarbakka (P73) sem er í auglýsingu til 4. mars 2019. Um er að ræða opið svæði og þróunarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Á fundinum verður einnig sagt frá vinnu sem hafin er við heildarskipulag Elliðaárdalsins sem er skilgreindur sem borgargarður. Auk þess verður kynnt fyrirhuguð uppbygging ALDIN Biodome gróðurhvelvingar á þróunarreitnum og starfssemi Garðyrkjufélagsins á svæðinu.

Allir velkomnir.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

VINSÆLUSTU LÚXUSBÍLAR Á ÍSLANDI 2018

VOLVO XC60 AWD HANNÆÐUR FYRIR ÞIG

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti billinn hjá Euro NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílblaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.

Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðafnum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.290.000 kr.
XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.890.000 kr.

VOLVO XC90 AWD OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti billinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggisstofnuninni (IIHS).

Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.190.000 kr.

VOLVO XC40 AWD TÍMAMÓTABÍLLINN

Það eru breyttir tímar. Meira er ekki lengur allt. Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft. Engu er ofaukið. Framúrsteftnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjórnur í árekstrarprófunum Euro NCAP. Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.290.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá: 6.690.000 kr.

**Komdu og skoðu þessa vinsælu verðlaunajeppa
í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6**



V O L V O

Volvo á Íslandi | Brimborg

volvocars.is

Brimborg Reykjavík | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 Brimborg Akureyri | Tryggvabraut 5 | Sími 515 7050


+PLÚS



Nýir tímar

Verið er að undirbúa komu Haf-rannsóknastofnunar sem flytur í Suðrhöfn í Hafnarfirði síðar á árinu. Reka þarf niður mikið stál-þil og til þess er sprengdur skurður í sjávarbotninn. Um er að ræða öflugar sprengingar sem varað er við fyrir fram með hljóðmerkjum. Áætlað er að verkinu verði að fullu lokið næsta haust.





Styrkir til verkefna sem tengjast hagsmunum fatlaðs fólks og öryrkja

Öryrkjabandalag Íslands veitir árlega sérstaka styrki til ýmissa hagnýtra verkefna sem tengjast hagsmunum fatlaðs fólks og öryrkja í samræmi við málefni, markmið og/eða stefnu bandalagsins. ÖBÍ auglýsir hér með eftir styrkumsóknum.

Umsóknarfrestur er til 15. mars næstkomandi.

Sótt er um styrk rafrænt á vef Öryrkjabandalagsins, obi.is. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk á skrifstofu ÖBÍ. Netfang: mottaka@obi.is. Sími. 530 6700.

Öllu tjaldað til við leit að loðnu austur fyrir landi

Búið er að finna um 300 þúsund tonn af loðnu. Fimm skip eru við loðnuleit, þar af eitt grænenskt og tvö norsk fyrir austan land. Ekki enn búið að finna nægilegt magn til að hægt sé að gefa út kvóta. Vertíðin gæti því orðið snörp ef loðnan finnst.

SJÁVARÚTVEGUR Öllu er nú til tjaldað við loðnuleit suðaustur af landi. Fimm skip eru við leitina, þar af tvö norsk og eitt grænenskt. Ekki hefur nægilega mikið af loðnu fundist til að hægt sé að gefa út kvóta til veiða.

Í janúar í fyrra höfðu veiðst um 68 þúsund tonn af loðnu. Heildarloðnukvótinn á þeirri vertíð var 285 þúsund tonn. Í venjulegu árferði fást um 20 milljarðar króna á loðnuvertíðinni og er loðnan því næstmikilvægasta nytjategund landsmanna á eftir þorsknum.

Hoffellið, skip Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði, sigldi í gær yfir lóðningar sem gefa þó einhverja von um að hún finnst í nægilegu magni til að hægt sé að gefa út kvóta. „Við fundum loðnu og höfum heyrt af öðrum skipum sem hafa siglt yfir nokkuð stórar lóðningar. Nú er bara vonandi að hún finnst í nægilega miklu magni. Það er enn töluvert í það sýnist manni,“ segir Bergur Einarsson, skipstjóri á Hoffelli SU-80, þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Ekki er nóg með að útgerðirnar verði af tekjum heldur eru einnig starfsmenn í landi sem missa spón úr aski sínum. Ekki er unnið dag og nótt eins og er á loðnuvertíð og biða menn því nokkuð óþreyjufullir eftir að loðna finnst.



Það er oft handgangur í öskjunni þegar skipin liggja þétt saman við loðnuleit austur fyrir landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRÍÐRIKSSON

„Það má segja að öllu sé tjaldað til. Staðan er sú að við erum með þrjú skip sem búið er að gera að rannsóknarskipum fyrir suðaustan, Árni Friðriksson er við loðnuleit auk Ásgríms Halldórssonar frá Höfn og Polar Amaroq frá Grænlandi. Við þetta eru nú að bætast tvö norsk skip sem voru að landa kolmunna á Austurlandi,“ segir Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun. „Skipin eru að vinna sig úr suðaustri og færa sig svo norður. Það skiptir miklu að finna loðnu og fá eins rétt mat á stöðunni og hægt er.“ sveinn@frettabladid.is

2016 XC90 T8 Plug-in Hybrid

Staðgreiðsluverð: 5.995.000 kr.
Verð: 6.795.000 kr.



2016 X5e Plug-in Hybrid

Staðgreiðsluverð: 6.395.000 kr.
Verð: 7.095.000 kr.



2017 Audi Q7 E-Tron Plug-in Hybrid

Staðgreiðsluverð: 8.990.000 kr.
Verð: 9.590.000 kr.



546-0088 | Fellsmúli 26
www.smartbilar.is
Opíð laugardag 12-16

2017 Nissan Leaf Tekna 30KwH

Staðgreiðsluverð: 2.390.000 kr.
Verð: 2.790.000 kr.



2018 Nissan Leaf Tekna 40KwH

Staðgreiðsluverð: 3.495.000 kr.
Verð: 3.995.000 kr.



2018 Nissan Leaf Tekna 40KwH

Staðgreiðsluverð: 3.895.000 kr.
Verð: 4.395.000 kr.



2019 Nissan Leaf Tekna 40KwH

Staðgreiðsluverð: 3.795.000 kr.
Verð: 4.295.000 kr.



2017 Chrysler Pacifica Premier Plug-in Hybrid

Verð frá: 5.490.000 kr.



2017 Ford Fusion Energi Plug-in Hybrid

Staðgreiðsluverð: 2.495.000 kr.
Verð: 2.995.000 kr.



2017 BMW i3 33KwH

Staðgreiðsluverð: 3.495.000 kr.
Verð: 3.995.000 kr.



2017 Chevy Bolt 60KwH

Staðgreiðsluverð: 3.795.000 kr.
Verð: 4.295.000 kr.



Mitsubishi Outlander PHEV

Staðgreiðsluverð: 4.290.000 kr.



Porsche Cayenne S E-Hybrid

Staðgreiðsluverð: 12.495.000 kr.
Verð: 12.995.000 kr.



BMW 530e Plug-in Hybrid

Staðgreiðsluverð: 6.950.000 kr.
Verð: 7.550.000 kr.



2014 Porsche Cayenne S E-Hybrid

Staðgreiðsluverð: 5.990.000 kr.
Verð: 6.590.000 kr.



Land Rover Range Rover LWB P400e Plug-in Hybrid

Staðgreiðsluverð: 15.900.000 kr.
Verð: 16.400.000 kr.



Land Rover Range Rover Sport P400e Plug-in Hybrid

Staðgreiðsluverð: 11.890.000 kr.
Verð: 12.490.000 kr.



2017 XC90 Inscription Bowers & Wilkins

Staðgreiðsluverð: 8.880.000 kr.
Verð: 9.380.000 kr.



2018 Volvo XC90 T8

Staðgreiðsluverð: 8.395.000 kr.
Verð: 8.995.000 kr.





Straumhvörf



Audi A3 e-tron sameinar tvo heima

Pú kemst á raforkunni einni saman í flestar ferðir með allt að 50 kílómetra drægni, eftir það tekur sparneytin bensínvélin við.

Verðlistaverð 4.860.000 kr.

Verð 4.560.000 kr.

+ vetrardekk fylgja

Meðal búnaðar á tilboðsbíl:

- ▶ Nálgunarvörn framan og aftan
- ▶ Dynamic stefnuljós
- ▶ LED afturljós
- ▶ Lyklalaust aðgengi
- ▶ Tvískipt sjálfvirk loftkæling
- ▶ Skriðstillir (Cruise control)
- ▶ Audi hljóðkerfi 180w með 10 hátölurum
- ▶ Árekstrarvörn (pre sense)
- ▶ 17" álfelgur
- ▶ Bakkmyndavél
- ▶ Dökkar rúður

5 ára
ábyrgð

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is



Fangelsisdómar í Icelandair-máli

DÓMSMÁL Þrjú menn voru í Héraðsdómi Reykjavíkur gær dæmdir sekir fyrir innherjasvik með því að að nýta sér ólöglega trúnaðarupplýsingar úr rekstri Icelandair við viðskipti með hlutabréf í félaginu.

Sá sem hlaut harðasta dóminn, þriggja og hálfis ára fangelsi, var Kristján Georg Josteinnsson. Annar meðsakborninga Kristjáns, fyrrverandi starfsmaður Icelandair og svokallaður fruminnherji vegna aðgangs að upplýsingum hjá félaginu, var dæmdur í átján mán-

áða fangelsi og sá þriðji í fjögurra mánaða fangelsi sem er skilorðsbundið. Að auki er þeim gert að sæta upptöku fjármuna sem þeir komust yfir með glæpum sínum. Er þar um að ræða samtals tæplega 54 milljónir króna.

„Báðir gáfu ákærðu skýringar á samskiptum og tölvupóstum sem dóminum þóttu ekki trúverðugar og á köflum hjákátlegar og samhengislausar,“ segir í dóminum um samskipti tveggja fyrstnefndu manna. „Eru skýringar þeirra að engu hafandi.“ – gar

Alvöru carbide dósaborasett fyrir tré



Skerping ehf.

Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 **Gul Gata**
skerpingehf.is þjónusta við tré- og málmíðnað í 36 ár

Synjað um námu fyrir jólatré við Bláfjallaveg

Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar synjaði skógræktarfélaginu í bænum um afnot af aflagðri námu við Bláfjallaveg. Heilbrigðiseftirlitið telur vatnsból í hættu.



Í námunni var hluti stórmyndarinnar Noah tekinn upp. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

UMHVERFISMÁL Áform Skógræktarfélags Hafnarfjarðar um ræktun í námu við Bláfjallaveg virðast ekki ætla að ganga eftir.

Skógræktarfélagið kvaðst í erindi til Hafnarfjarðarbæjar vilja fá námuna og svæðið í norðanverðum Undirhlíðum til ræktunar. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mælir hins vegar gegn því varðandi námuna. Hún var opnuð í tengslum við gerð Bláfjallavegar og lokað fyrir nokkrum árum.

„Náman er inni á fjarssvæði vatnsverndar vegna vatnsbólanna í Kaldárbotnum. Botn hennar er klöpp og skammt niður á grunnvatn sem líkur eru á að geti streymt til vatnsbóla Hafnfirðinga í Kaldárbotnum. Ljóst er að ef farið verður í áformaða skógrækt innan marka námunnar þurfa að koma til miklir flutningar á jarðvegi og hrossataði eða öðrum áburðarefnum,“ bendir heilbrigðiseftirlitið á í umsögn til bæjaryfirvalda.

„Heilbrigðiseftirlitið telur ótíma-

bært að verða við erindinu fyrr en niðurstöður úr rannsóknum liggja fyrir og að sýnt hafi verið fram á að öryggi vatnsbólanna verði ekki stefnt í hættu,“ segir í umsögninni.

Skógræktarfélagið vill námuna undir ræktun á jólatrjáum. „Náman verður fyrst og fremst notuð til að gera tilraunir með ræktun sígrænna trjátegunda, sem gætu hentað sem jólatré.“

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hafnaði á miðvikudag erindi skógræktarfélagsins á grundvelli álits heilbrigðiseftirlitsins. Jónatan Garðarsson, stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Hafnar-

fjarðar og formaður þess er erindið var sent 2017, segir álit heilbrigðiseftirlitsins byggt á misskilningi.

„Það verða engin efni sett í jörðu. Ætlunin er að dreifa fræjum af furu og greni og það verður látið spretta af sjálfu sér á náttúrulegan hátt,“ segir Jónatan Garðarsson. „Þeir hafa ekki einu sinni leitað til okkar til að kanna málið. Furan er best í svona grýttu, rýru landi og það að setja mold þarna myndi eyðileggja svæðið. Og hrossaskítur þarf ekki að vera þarna; það þarf ekki að vera neinn áburður. Þetta þrífst algjörlega án hans.“

gar@frettabladid.is

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE
JAGUAR E-PACE



Búnaður í Jaguar E-Pace D150 er m.a.: 10" Touch Pro skjár, símkerfi, 125w Jaguar hljómkkerfi, LED-aðaljós með einkennandi dagljósum, 17" álfelgur, íslenskt leiðsögukerfi, rafdrifnir upphitaðir speglar með sjálfvirkri deyfingu og aðkomuljósum, varadekk, neyðarhæmlunarbúnaður, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar að framan og aftan. jaguarisland.is

Jaguar E-Pace D150, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ: 6.290.000 KR.

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

STÓRLÆKKAD VERÐ

Í FEBRÚAR

ALLT AÐ **85%** LÁNHLUTFALL **50%** AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM **ergo**

900.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993586

Kia

Sportage

Árgerð 2017, ekinn 21 þús. km, dísil, 116 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 4.290.000 kr.

Verð nú **3.390.000 kr.** Útborgun frá 510 þ. kr.

900.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993646

RENAULT

Espace

Árgerð 2017, ekinn 75 þús. km, dísil, 161 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 4.890.000 kr.

Verð nú **3.990.000 kr.** Útborgun frá 599 þ. kr.

250.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993393

KIA

Soul EX

Árgerð 2017, ekinn 50 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 2.640.000 kr.

Verð nú **2.390.000 kr.** Útborgun frá 360 þ. kr.

900.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993208

MERCEDES-BENZ

C-Class 220 d BLUETEC

Árgerð 2015, ekinn 23 þús. km, dísil, 170 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.

Verð áður: 4.890.000 kr.

Verð nú **3.990.000 kr.** Útborgun frá 599 þ. kr.

850.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993312

RENAULT

Master

Árgerð 2013, ekinn 130 þús. km, dísil, 125 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 2.840.000 kr. +vsk

Verð nú **1.990.000 kr.** Útborgun frá 299 þ. kr. +vsk

790.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993172

MERCEDES-BENZ

A-Class 180 d

Árgerð 2018, ekinn 7 þús. km, dísil, 109 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 4.780.000 kr.

Verð nú **3.990.000 kr.** Útborgun frá 599 þ. kr.

200.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 390349

TOYOTA

Yaris Hybrid Active

Árgerð 2016, ekinn 61 þús. km, bensín, 70 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 1.590.000 kr.

Verð nú **1.390.000 kr.** Útborgun frá 210 þ. kr.

1.200.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993826

VOLVO

V90 Cross Country

Árgerð 2018, ekinn 1 þús. km, dísil, 191 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 8.190.000 kr.

Verð nú **6.990.000 kr.** Útborgun frá 1.050 þ. kr.

200.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993412

KIA

cee'd SW LX

Árgerð 2015, ekinn 69 þús. km, dísil, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 1.890.000 kr.

Verð nú **1.690.000 kr.** Útborgun frá 255 þ. kr.

460.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993661

HONDA

CR-V

Árgerð 2014, ekinn 69 þús. km, dísil, 120 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 2.950.000 kr.

Verð nú **2.490.000 kr.** Útborgun frá 375 þ. kr.

340.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993366

TOYOTA

Auris Terra

Árgerð 2012, ekinn 114 þús. km, bensín, 100 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.

Verð áður: 1.190.000 kr.

Verð nú **850.000 kr.** Útborgun frá 130 þ. kr.

1.900.000 kr. AFSLÁTTUR



Raðnúmer: 993120

MERCEDES-BENZ

GL 350 BLUETEC 4MATIC

Árgerð 2016, ekinn 37 þús. km, dísil, 259 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.

Verð áður: 12.890.000 kr.

Verð nú **10.990.000 kr.** Útborgun frá 1.650 þ. kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli



NOTAÐIR BÍLAR
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · 590 2160

Opið:
Fim-Fös 10-18
Laugardag 10-16

Kíktu á úrvalið
á notadir.is

HÚSGAGNAHÖLLIN –



ELLY

Nettir fallegir 2ja og 3ja sæta sófar og stóll í klassískri lögun. Fölbleikt (Dusty Rose) sléttflauel

2ja sæta sófi.
Stærð: 145 x 82 x 85 cm

55.992 kr. ~~69.990 kr.~~



3ja sæta sófi.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

71.992 kr. ~~89.990 kr.~~

Stóll

43.992 kr. ~~54.990 kr.~~



MAX

2ja og 3ja sæta sófar. Rocco grátt slitsterkt áklæði.

2ja s.: 160 x 85 x 87 cm

55.992 kr. ~~69.990 kr.~~



3ja s.: 220 x 85 x 87 cm

63.992 kr. ~~79.990 kr.~~



EASY

Hornsófi. Ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 305 x 220 x 95 cm.

191.992 kr.

~~239.990 kr.~~



FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt, ljósgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 256 x 175 x 91 cm

143.993 kr.

~~179.990 kr.~~



MANLEY

Fallegur og látlaus hægindastóll úr dökkbláu sléttflaueli með svörtum viðarfótum.

19.973 kr.

~~26.990 kr.~~



CARINA

Borðstofuborð, hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

FYRIR LIFANDI HEIMILI

L A Z B O Y®

Live life Comfortably.®



PARKER

La-z-boy hægindastóll.
Brúnt áklæði eða dökkbrúnt leður.
Stærð: 84 x 95 x 103 cm.

Brúnt áklæði
69.993 kr. ~~99.900 kr.~~

Dökkbrúnt leður
111.993 kr. ~~159.900 kr.~~



BATILDA

Borðstofustóll.
Svart PU-leður og viðarfætur

11.992 kr. ~~14.990 kr.~~



ERIS

Borðstofustóll. Svört eða hvít skel,
sessa og fætur í sama lit.

7.992 kr. ~~9.990 kr.~~



CAZAR

Skemmtilegur hægindastóll.
Svart PU-leður og viðarfætur.

26.243 kr. ~~34.990 kr.~~



BELINA

Borðstofuborð,
viður/hvít.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

79.990 kr. ~~99.990 kr.~~



BATILDA

Hægindastóll í retró-útliti.
Dusty Rose eða koparlítt slétt-
flauel og svartir fætur

29.993 kr. ~~39.990 kr.~~



VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Vill ekki vanrækja bandamenn lengur

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna heim-sótti Ísland í gær og samkomulag náðist um stofnun samráðs-vettvangs um viðskipti ríkjanna. Hann sagði Bandaríkin hafa van-rækt nána og mikil-væga bandamenn í tíð síðustu stjórnar. Guð-laugur Þór Þórðarson ánægður með skrefið sem stigið var í gær.

UTANRÍKISMÁL Mike Pompeo, utan-ríkisráðherra Bandaríkjanna, heim-sótti Ísland í nokkrar klukkustundir í gær. Átti fundi með Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra í Hörpu og Katrínu Jakobsdóttur for-sætisráðherra í ráðherrabústaðnum. Á blaðamannafundi sögðu utan-ríkisráðherrarnir frá því að þeir hefðu ákveðið að stofna til samráðs-vettvangs um viðskipti ríkjanna.

„Það eru enn sóknarfæri í við-skiptasambandi okkar og í dag ákváðum við að stofna samráðs-vettvang um viðskipti í því skyni að bæta viðskiptatengsl ríkjanna enn frekar,“ sagði Guðlaugur Þór.

Pompeo fór fögrum orðum um samband ríkjanna tveggja og minntist á að íslenskir landkönn-udir hefðu komið til Ameríku löngu



Vel fór á með utanríkisráðherrunum Mike Pompeo og Guðlaugi Þór Þórðarsyni í Hörpu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Við munum ekki lengur líta á vini okkar sem sjálfgefna.

Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna

áður en Bandaríkin urðu til. „En nú hefur þetta snúist við og Banda-ríkjamenn flykkjast til Íslands,“ sagði Pompeo og bætti við:

„Viðskiptasamband okkar er

sterkt og við vonumst til þess að styrkja það enn frekar. Það mun þessi samráðsvettvangur gera.“

Pompeo sagði viðræður um viðskipti mikilvægar af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi væri mikil-vægt að leiða saman einkaaðila og fræða þá um tækifæri í öðrum löndum. „Í öðru lagi teljum við að betri skilningur á viðskiptasam-bandinu leiði af sér tækifæri til enn frekari samvinnu. Hvort sem það felur á endanum í sér formlegan frí-

verslunarsamning, sem væri afar gott, eða lækkar kostnað og fækkar hindrunum.“

Guðlaugur Þór sagði fríverslun mikilvæga í huga íslenskra stjórn-valda. „Ísland sjálft er gott dæmi um þetta mikilvægi. Áður vorum við á meðal fátækustu þjóða Evrópu en erum nú ein sú ríkasta. Ein ástæðan er sá aðgangur sem við höfum að öðrum mörkuðum,“ sagði hann. „Það gleður mig að heyra orð ráð-herrans og að við höfum ákveðið

að taka þetta mikilvæga skref.“

Pompeo sagði að Bandaríkin hefðu vanrækt mikilvæga banda-menn í tíð fyrri ríkisstjórnar og nefndi að bandarískur utanríkis-ráðherra hafi síðast komið til Íslands árið 2008. „Undanförunum fjórum dögum varði ég í að heim-sækja höfuðborgir í Mið- og Austur-Evrópu sem fyrri ríkisstjórn van-rækti einnig. En þetta mun ekki viðgangast lengur. Við munum ekki lengur líta á vini okkar, sannkallaða bandamenn okkar, sem sjálfsgöða. Við höfum einfaldlega ekki efni á slíkri vanrækslu. Hagkerfi okkar eru of nátengd.“

„Við hlökkum til að vinna með ykkur að mikilvægum málum þegar þið takið við formennsku í Norðurslóðaráðinu í maí. Við vitum að þegar Bandaríkin hörfa fylla Kína og Rússland upp í tómarúmið sem myndast. Það er óhjákvæmilegt,“ bætti Pompeo við.

Þá sagði hann að Bandaríkin hefðu skilning á mikilvægi norðurslóða og hættum á svæðinu. „Við höfum fylgst með andstæðingum okkar koma sér upp kerfum sem þeir telja að skaði stöðu Bandaríkjanna, Íslands og Evrópu á svæðinu. Það er enn óljóst í hvaða mynd aðgerðir okkar á svæðinu verða en ég er viss um að Bandaríkin og Ísland geta náð árangri með samvinnu á þessu sviði,“ sagði Pompeo.

Guðlaugur Þór sagði mikilvægt að norðurslóðir væru fríðsam-legur staður og án togstreitu, jafnt í náinni sem fjarlægri framtíð.

thorgnyr@frettabladid.is



Haltu uppi fjörinu

Óvæntur leki

Samsung birti upplýsingar um nýjar græjur sem fyrirtækið ætlaði ekki að kynna fyrr en í næstu viku. Snjallúr og þráðlaus heyrnartól á listanum.


Starfsmenn á skrifstofum kóreska tæknirísans Samsung klóruðu sér líklega í hausnum eða fengu vægt áfall þegar þeir komust að því í gær að fyrirtækið hefði sjálft lekið öllum þeim nýju klæðanlegu (e. wearable) tæknivörum sem fyrirtækið ætlaði sér að kynna í fyrsta sinn samhliða Galaxy S10 snjallsímanum í næstu viku.

Ekki er ljóst hvort hugbúnaðarvilla eða mannleg mistök leiddu til þess að snjallforrit fyrirtækisins fyrir umræddar græjur var uppfært of snemma í gær. Eftir uppfærsluna gátu notendur forritsins séð myndir af hinum nýju vörum og nöfn þeirra.

Efst á þessum nýja lista var Galaxy Watch Active, snjallúr sem sérstaklega er ætlað fyrir hreyfingu. Því hafði reyndar verið lekið áður, en þann 4. febrúar síðastliðinn birti 91Mobiles teikningar af úrinu.

Galaxy Fit og Fit e voru næstefst á listanum. Svokölluð heilsuúr með gúmmíól. Þess lags úr eru útbúin meiri heilsutækni en hefðbundin snjallúr en eru hins vegar ekki útbúin jafnmikilli hefðbundinni snjalltækni. Þótt nafni Galaxy Fit e hafi verið lekið í síðasta mánuði var þetta í fyrsta skipti sem mynd af vörinni sást opinberlega.

Síðast en ekki síst ber að nefna Galaxy Buds, þráðlaus heyrnar-



Svona leit appið út í gær.

» Upplýsingarnar urðu óvart aðgengilegar í snjallforriti frá Samsung.

tól sem greinilega er ætlað að keppa við AirPods-heyrnartólin frá Apple. Buds hafði, líkt og Watch Active, verið lekið áður. Samkvæmt leikum er hægt að hlaða þau þráðlaust í gegnum Galaxy S10 snjallsímann sjálfan. thorgnyr@frettabladid.is

Íslendingur í einni stærstu rafíþróttadeild heims

Overwatch League, atvinnu-mannadeildin í tölvuleiknum Overwatch, hófst í fyrri-nótt. Þetta er annað tímabil deildarinnar en hún þykir í raun einstök í rafíþróttahæminum. Leitast hefur verið við að gera fyrirkomulagið keimlíkt því sem tíðkast í hefðbundnum bandarískum íþróttadeildum. Liðin eru kennd við þær borgir sem þau eru stað-



sett í, fyrirtæki á borð við Toyota og Coca-Cola styrkja keppnina og ESPN er á meðal sýningar-aðila, auk Twitch.

Átta lið mæta ný til leiks í ár. Eitt þeirra, Paris Eternal, hefur fengið til liðs við sig Íslendinginn Finnbjörn Jónasson. Finnbjörn er án nokkurs vafa sá Íslendingur sem lengst hefur náð í Overwatch. Hann lék með Los Angeles Valiant, sem komst í

undanúrslit, á síðasta tímabili. Þar áður var hann í liðinu 123 sem lék í Overwatch Contenders, sem nú er neðri deild. Þar var einnig Hafþór Hákonarson sem nú leikur með British Hurricane í Contenders-deildinni.

Paris keppir í fyrsta sinn klukkan 8 í kvöld og mætir þar London Spitfire, meistarliðinu frá því í fyrra. Lundúnaliðið missteig sig í fyrsta leik sínum á tímabilinu og tapaði fyrir Philadelphia Fusion. — þea

Áttu von á smáfólki í fyrirtækið á öskudaginn?

Öskudagsnammi 2019

Sjáðu úrvalið á goa.is

Allt í einum pakka á lægra verði

Heima + Skemmtipakkinn fyrir 16.990 kr. á mánuði.*



Ótakmarkað
Internet



Netbeinir og WiFi
framlenging



Myndlykill



Ótakmarkaður
heimasími



Skemmtipakkinn

Kláraðu málið á vodafone.is, í síma 1414 eða komdu við í næstu verslun.

vodafone

Hluti af sýn

*Aðgangsgjald og dreifingjald er ekki innifalið í verði.

Fjáraustur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Frestur til að skila inn umsögnum um fjölmiðlafrumvarpið rann út í gær. Gert er ráð fyrir 300 til 400 milljóna árlegum stuðningi við einkarekna fjölmiðla. Sú fjárhæð bætist við milljarðana 4,7 sem ríkið leggur RÚV til á þessu ári.

Þegar lagst er yfir tölur um framlög til RÚV blasir við að stjórnvöld hafa um áratugaskeið predikað eitt en framkvæmt annað.

Í skýrslu um RÚV frá 2015 voru dregnar fram sláandi upplýsingar um stöðu RÚV í samanburði við ríkismiðla í nálægum löndum. Fram kom að framlög á íbúa til RÚV væru að jafnaði um fjórðungi hærrí á Íslandi en til ríkismiðla á Norðurlöndum, Bretlandi og Írlandi. Ótalin var auglýsingasala RÚV sem enn breiðkar bilið í samkeppninni, ríkisrisanum í vil.

Skýrsluhöfundar bentu á þetta og stjórnmalamenn tóku undir, einkum þeir sem skipa sér á hægri vænginn. Nú væri nóg komið. Tæpum fimm árum síðar er myndin svartari. Bein framlög úr ríkissjóði hafa vaxið um ríflega 42% og verða eins og að ofan greinir 4,7 milljarðar króna á þessu ári. Skerfur RÚV af auglýsingakökunni hefur sömuleiðis stækkað um hátt í þrjátíu prósent og nemur 2,3 milljörðum á ári. Það sem áður þótti líklegt heimsmet í meðgjöf til ríkismiðils er nú örugglega heimsmet. Sjö milljarðar króna!

Áhyggjustunur stjórnmalamanna reyndust marklausar. Sjálfstæðisflokkurinn ber langstærsta ábyrgð. Hægri flokkurinn sem ráðið hefur ríkjum í menntamálaráðuneytinu nánast samfelld í áratugi þórir ekki gegn bákninu. Orð reyndust eitt, gjörðir annað.

Núverandi menntamálaráðherra má eiga að hún lagði fram tillögur sem hönd á festir. Gallinn er þó sá að þær ganga alltof skammt og komast ekki nálægt því að berjja í markaðsbrestina sem ægivald RÚV kallar yfir okkur.

Gjafmildi stjórnvalda í þágu RÚV hefur ekki bara orðið til þess að þrengja að einkamiðlum í landinu, heldur einnig valdið fádæma agaleysi í rekstri RÚV.

Árið 2014 kostaði stofnunin um 50% meira í sambærilegum rekstri en einkamiðillinn 365, þrátt fyrir margfalt umfangsmeiri útsendingar og starfsemi hjá síðarnefnda félaginu. Hjá RÚV var starfsmannahópurinn í það minnsta tvöfaldur.

Miðlar 365 tilheyra nú Sýn. Allar líkur eru á að enn frekar hafi dregið sundur á síðari árum með síauknum framlögum til RÚV. Auðvitað endurspeglast það í fjárútlátum þeirra sem hafa það náðugt. Nýtt fréttasett RÚV kostaði eins og 20 sett á Stöð 2, sem tekin voru í notkun nokkrum misserum fyrr. Slík dæmi eru mörg.

Hvert mannsbarn sér að þetta getur ekki haldið svona áfram. Eðlilegt er að gera sparnaðarkröfu til ríkismiðilsins. Danska ríkissjónvarpinu var gert að skera niður árleg útgjöld um 20% á fimm árum. Farin var sú leið að draga úr starfsemi. Loka sjónvarps- og útvarpsrásum. Af hverju má ekki skikka RÚV til að fara svipaða leið?

Skattgreiðendur vilja ekki frekari fjáraustur til fjölmiðla. Ríkið á ekki að setja krónu aukalega í málaflökkinn. Heldur ætti að beina hluta þeirra fjármuna sem fara til RÚV árlega til einkamiðlanna, og gera sparnaðarkröfu á móti. Af nógu er að taka.



Skattgreiðendur vilja ekki frekari fjáraustur til fjölmiðla. Ríkið á ekki að setja krónu aukalega í málaflökkinn.

Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík

Fundur verður haldinn til að kynna ferðir ársins 2019 á Hótel Natura (Loftleiðahótelinu) þriðjudaginn 19. febrúar 2019 kl. 19:30

Kaffaveitingar, verð kr. 3.190,-

Upplýsingar um ferðir ársins 2019 er hægt að finna á <http://orlofrvk.123.is/> Hægt er að nálgast upplýsingar og bækling á skrifstofunni að Hverfisgötu 69, á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum, milli klukkan 16:00 til 17:30, í mars og apríl 2019 og í síma 551-2617/864-2617 á sama tíma.

„Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof.“

Nefndin

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Kæri Jón

Þetta byrjaði allt saman í University of British Columbia...“ Svo segir í grein sem birtist í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag eftir Jón Baldvin Hannibalsson undir fyrirsögninni „Til varnar femínisma“. Í greininni segir Jón að svo kallaðir öfgafemínistar komi nú óorði á femínismann. „Við megum ekki láta þeim takast það.“ segir Jón. Í grein sinni segir Jón sögu af rithöfundinum Steven Galloway sem kenndi skapandi skrif við háskóla í Kanada en var sagt upp störfum þegar nemandi „sakaði hann um nauðgun“. Jón fer reyndar ekki rétt með staðreyndir í frásögninni. Kennarinn var sakaður um ýmislegt fleira og ekki er rétt eins og Jón heldur fram að „virtur hæstaréttarlögmaður“ hafi fundið Galloway „not guilty“. Málið er ekki jafn klippt og skorið og Jón lætur í veðri vaka.

En látum það liggja milli hluta. Tilefni þessa pistils er ekki að leiðrétta söguna hans Jóns. Þvert á móti vil ég þakka Jóni fyrir að láta sig varða velferð okkar femínista. Æ skal gjöf gjalda og til að launa Jóni hugulsemina vil ég segja honum sögu á móti:

Bráðnandi ananas

Þetta byrjaði allt saman á kvikmyndahátíðinni Sundance árið 1997... Bekkt leikkona, Rose McGowan að nafni, er þangað komin til að kynna nýjustu kvikmynd sína. Ári áður hafði McGowan slegið í gegn í myndinni *Scream* sem hlaut lof gagnrýnenda og gríðarlega aðsókn.

Þegar áhrifamesti kvikmyndaframleiðandi Hollywood og yfirmaður McGowan boðar hana á fund sinn er hún upp með sér. „Ég held að líf mitt sé loks að verða auðveldara,“ segir hún þegar hún kveður myndatökumenn sjónvarpsstöðvarinnar MTV sem eru að gera um hana heimildarmynd og bankar á hurð hótellherbergis Harvey Weinstein.

Dyrnar opnast. McGowan býður aðstodarmönnum Weinstein góðan daginn en þeir líta undan og yfirgefa herbergið. McGowan og Weinstein ræða málin. En þegar fundinum lýkur vill Weinstein ekki að hún

fari. Hann vill sýna henni nuddpottinn sinn. Weinstein visar McGowan inn á baðherbergi. Í bók sinni *Brave* lýsir McGowan andartakinu þegar líf hennar breytist í martröð. Weinstein gnæfir yfir henni, stór á alla kanta, grófgerður, illúðlegur með fitugt andlit þakið örum – eins og tröll, eins og bráðnandi ananas. Því næst stekkur hann á hana, rifur hana úr fötunum, lyftir henni upp og skellir henni ofan í nuddpottinn. Hann skorðar hana upp við vegg og þvingar fötleggi hennar í sundur. Sírenur glymja í höfði McGowan. „Vaknaðu, Rose. Vaknaðu.“ Það er sem hún svífi upp úr eigin líkama og horfi niður á atvikið þegar Weinstein kemur vilja sínum fram við hana.

Líf Rose McGowan varð aldrei samt. „Sorgin heltók mig,“ segir hún í bók sinni. „Kynferðislegt ofbeldi sviptir mann getunni til að vera manneskjan sem maður var og það stelur manneskjunn sem manni var ætlað að verða.“

„Réttarmorð“

Jón Baldvin segir ásakanir í garð Steven Galloway „réttarmorð“. Í ljósi þess að engin voru réttarhöldin á Jón líklega við að Steven Galloway hafi – ef við lítum fram hjá rangfærslum Jóns um málið – orðið fyrir óréttlæti – glæp, ofbeldi – sem þrífst fyrir utan lög-sögu dóms og laga.

Í kjölfar Sundance hátíðarinnar leitaðist Rose McGowan við að gera samskipti sín við Weinstein að máli sem varðar réttarríkið en án árangurs. Það var ekki fyrr en tuttugu árum síðar að spilaborgin féll. Niútiú konur hafa nú greint opinberlega frá kynferðislegri áreitni og ofbeldi af hálfu Weinstein undir formerkjum #metoo en þeirra á meðal eru Gwyneth Paltrow, Salma Hayek og Angelina Jolie.

Það skiptir ekki máli hvort við erum femínistar, and-femínistar eða öfgafemínistar; flest getum við sammælt um að eitt „réttarmorð“ er einu „réttarmorði“ of mikið. En af því hlýtur að leida að niútiú réttarmorð eru líka of mikið. Það sama gildir um tuttu og þrjú.

RAFBÍLASÝNING Í DAG FRÁ 12-16

Ferðamáti fram tíðarinnar.

Hyundai IONIQ EV

100% rafbíll, drægi 280 km*
120 hestöfl / 295 Nm tog
Verð frá: 4.190.000 kr.

Hyundai IONIQ PHEV

Eldsneytisnotkun 1,1 l í blönduðum akstri.
PHEV rafhláða 8,9 kWh - drægi 63 km.*
141 hestöfl / 265 Nm tog
Verð frá: 4.390.000 kr.

Hyundai KONA EV

100% rafbíll, drægi 449 km**
204 hestöfl / 395 Nm tog
Verð frá: 5.390.000 kr.



ENNEMM / SIA / NM92343

Hyundai NEXO vetnisrafbíll

Bíll sem hreinsar andrúmsloftið í akstri.
Drægi 667 km**. Hver hleðsla tekur
5 mínútur. Einn mest verðlaunaði bíll
síðari tíma. Komdu og upplifðu framtíðina.

*Drægi samkvæmt NEDC-prófun (New European Driving Cycle). **Drægi samkvæmt nýjustu WLTP stöðlum. Drægi bíls fer eftir aksturslagi, hitastigi, ástandi, vegu og ýmsum öðrum þáttum. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa og á vefsíðunni hyundai.is

Rafmagn og vetni breytir heiminum.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Hyundai er einn fremsti framleiðandi heims á sviði umhverfisvænna bíla. 100% rafdrifnir Hyundai Kona og Hyundai Ioniq hafa slegið í gegn og unnið til fjölda verðlauna fyrir orkunýtingu og drægi og nú bætist nýi vetnisrafbíllinn Hyundai Nexo í hópinn. Komdu á rafbílásýningu Hyundai í dag og skoðaðu og reynsluaktu öllu því nýjasta í ferðamáta framtíðarinnar.



Veldu rafmagn, veldu stíl, veldu umhverfisvænan Hyundai.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð án takmörkunar á akstri. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðalrafhlöðu bílsins.

Margrét Lára valin í hópinn

FÓTBOLTI Margrét Lára Viðarsdóttir er í leikmannahópi íslenska kvennalandsliðsins sem keppir á hinu árlega Algarve-móti í Portúgal. Margrét Lára hefur ekki leikið með landsliðinu síðan í apríl 2017. Hún sleit krossband í hné skömmu fyrir EM 2017 og lék ekkert með Val á síðasta tímabili. Margrét Lára er hins vegar komin aftur á ferðina og hefur leikið vel með Val á undirbúnings-tímabilinu. Hún er langmarkahæsti leikmaður íslenska landsliðsins frá upphafi með 77 mörk í 117 landsleikjum.

Dagný Brynjarsdóttir er einnig í hópnum en hún hefur ekki leikið með landsliðinu síðan í október 2017. Hún eignaðist sitt fyrsta barn á síðasta ári.

Landsliðsþjálfarinn Jón Þór Hauksson valdi 23 leikmenn í Algarve-hópinn. Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, leikmaður Kristianstad, er eini nýliðinn í hópnum. Fanndís Friðriksdóttir var ekki valin en Sandra María Jessen snýr aftur í landsliðið eftir að hafa ekki verið valin í síðasta verkefni; vináttuleik gegn Skotlandi á La Manga.

Ísland mætir Kanada 27. febrúar og Skotlandi 4. mars. Tveimur dögum síðar verður leikið um sæti. Leikjunum á Algarve-mótinu hefur verið fækkað úr fjórum í þrjá. – **ÍÞS**



Möguleiki á tvöföldum bikarföggnuði í Garðabænum

Úrslitaleikirnir í Geysisbikarnum fara fram í dag. Stjarnan er í úrslitum í bæði kvenna- og karlaflokki og getur því unnið tvöfalt. Kvennalið Stjörnunnar mætir sjóðheitum Valskonum sem eru einnig í leit að sínum fyrsta bikartitli. Karlamegin standa Njarðvíkingar í vegi fyrir fjórða bikartitli Stjörnumanna.

BETRA AÐ BORGGA

Nú þarftu bara að muna bílnúmerið. Hvort sem þú nýtir stöðumæli eða app. Enginn miði í mælaborðið.

Bilastæðasjóður | bilastaedasjodur.is

P

KÖRFUBOLTI Ljóst er að nýtt nafn fer á bikarinn í kvennaflokki en í úrslitaleiknum, sem hefst klukkan 13.30 í dag, mætast Stjarnan og Valur. Hvorugt liðið hefur áður orðið bikarmeistari, eða unnið stóran titil í kvennaflokki. Stjarnan hefur aldrei komist í bikarúrslit en Valur einu sinni; árið 2013 þegar liðið tapaði fyrir Keflavík, 68-60.

Valskonur hafa verið með besta lið landsins eftir komu Helenu Sverrisdóttur og unnið tólf leiki í röð í deild og bikar.

„Það er ekki margt sem bendir til þess, nema kannski þær sjálfar,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari karlaliðs Vals, við Fréttablaðið, aðspurður hvort hægt væri að stöðva Valsliðið þessa dagana. Ágúst stýrði Valskonum í bikarúrslitum fyrir sex árum og gerði kvennalið Hauka að bikarmeisturum 2005 og 2007. Þá var Helena í lykilhlutverki hjá Haukum og fyrirliði seinna árið.

„Valsliðið er gríðarlega vel mannað og það er erfitt að finna veikleika á því. Þær eru með breidd, besta leikmann sem Ísland hefur átt, góðan bandarískan leikmann [Heather Butler] og Simonu [Podessova]. Það er enginn leikmaður sem gerir meira fyrir liðið sitt án þess að skora en hún. Svo er Guðbjörg [Sverrisdóttir] ein af bestu leikmönnum deildarinnar,“ sagði Ágúst. Þrátt fyrir styrk Vals segir hann að það megi ekki vanmeta Stjörnuliðið sem er í 5. sæti Domino's-deildar kvenna, aðeins tveimur stigum frá sæti í úrslitakeppninni.

„Stjarnan er með mjög gott lið og hefur styrkst frá því tímabilið hófst. Þær eru á finu skriði,“ sagði Ágúst. „Danielle Rodriguez er auðvitað algjör lykilmáður og ég sé ekki hvernig Stjarnan á að vinna Val án þess að hún eigi toppleik.“

Umrædd Danielle var frábær í sigri Stjörnunnar á Breiðabliki, 82-103, í undanúrslitunum. Þar skoraði hún 33 stig, tók tólf fráköst og gaf níu stoðsendingar. Í þremur leikjum í Geysisbikarnum er Danielle með 25,7 stig, 9,7 fráköst og 10,0 stoðsendingar að meðaltali.

Ágúst segir að Valur sé mun sigurstranglegrí aðilinn en bæði lið vilji að sjálfsgöðu ná í sinn fyrsta stóra

●● Valsliðið er gríðarlega vel mannað og það er erfitt að finna veikleika á því.

Ágúst Björgvinsson



» Liðin sem mætast í úrslitum Geysisbikars kvenna hafa aðeins samtals einu sinni áður komist í bikarúrslit.

titil. „Í undanúrslitunum gegn Snæfelli sást að Valskonur voru stressaðar og það er pressa á þeim. En það er líka búið að leggja mikið í Stjörnuliðið og það er líka pressa á því.“

Stjarnan besta liðið í dag Karlamegin er bikarhefð liðanna sem mætast í úrslitum mun meiri en kvennamingin. Stjarnan hefur þrisvar áður komist í bikarúrslit og alltaf unnið, síðast 2015. Njarðvík hefur hins vegar 15 sinnum áður komist í bikarúrslit og átta sinnum unnið bikarinn. Aðeins KR hefur oftast orðið bikarmeistari í karlaflokki, eða tólf sinnum.

Það eru hins vegar liðin 14 löng ár síðan Njarðvík varð síðast bikarmeistari. Liðið vann þá stórsigur á Fjölni, 90-64. Þjálfari Njarðvíkur 2005 var sá sami og er í dag; Einar Árni Jóhannsson. Hann kom Þór Þ. einnig í bikarúrslit 2016 og 2017 og hefur því mikla reynslu á þessu sviði.

Stjarnan hefur verið óstöðvandi undanfarnar vikur og unnið 13 leiki í röð í deild og bikar. Stjörnumenn töpuðu síðast leik 23. nóvember þegar þeir biðu lægri hlut fyrir Njarðvíkingum, 99-95.

„Stjarnan hefur haft svakalega yfirburði í deildinni eftir áramót og þeir hafa verið ógeðslega góðir.

» Einar Árni Jóhannsson gerði Njarðvík að bikarmeisturum 2005 vel og getur endurtekið leikinn í dag.

» Karlalið Stjörnunnar hefur aldrei tapað bikarúrslitaleik.

Þeir líta best út í dag. En það er mikil stemning í Njarðvíkurliðinu og góður andi. Þótt Njarðvík sé á toppnum í deildinni finnst mér vera meiri pressa á Stjörnuni,“ sagði Ágúst.

„Stjarnan er með besta liðið í dag. Þeir hafa spilað betur en Njarðvík. En Njarðvíkingar hafa styrkst eftir komu Erics Katenda. Hann hefur spilað mjög vel. Njarðvík er með mikla breidd og mjög sterka bakverði.“

Elvar Már Friðriksson hefur leikið einkar vel með Njarðvík eftir komuna frá Frakklandi. Ágúst segir að baráttu hans og leikstjórnaða Stjörnunnar, Ægis Þórs Steinarssonar, verði æði athyglisverð.

„Ægir er allavega nógu fljótur til að eiga við Elvar. Þetta er áhugavert einvigi. Ægir stoppar Elvar ekki en hann fær kannski ekki að leika lausum hala,“ sagði Ágúst.

Valinn maður er í hverju rúmi hjá báðum liðum og breiddin mikil. „Allir í byrjunarliðinu hjá Stjörnuni eru hættulegir. Það er enginn sem þú getur látið afskiptalaus. Það sama er reyndar uppi á teningnum hinum megin. Hjá Njarðvík kemur Logi Gunnarsson af bekknum. Hann var frábær gegn KR,“ sagði Ágúst en Logi skoraði 16 stig í sigrinum á Íslandsmeisturinum, 72-81, í fyrradag og hitti úr sex af níu skotum sínum.

„Þjálfarar beggja liða hafa gert mjög vel í vetur. Arnar [Guðjónsson] hefur stillt strengina hjá Stjörnuni mjög vel saman eftir brósuga byrjun. Og Einar Árni er gríðarlega reynslumikill og hefur unnið titla,“ sagði Ágúst að endingu.

ingvithor@frettabladid.is



CROSSLAND X Aktiv

FÖRUM ÚT AÐ LEIKA

Útivist kallar á réttan útbúnað

Þess vegna er **Opel Crossland X Aktiv** í aukinni veghæð, búinn öflugum vetrardekkjum, festingum, grindum, vetrarmottum og aurhlífum, allt til viðbótar við sjálfsögð þægindi, rými og öryggi.



Picor/BWA S/A

Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingar.


Frumskýning á Opel Crossland X Aktiv
laugardaginn 16. febrúar kl. 12–16 að Krókhálsi 9

Opel Crossland X Aktiv, verð frá:

3.190.000 kr.



Opel Crossland X er öruggasti bíllinn árið 2017 í sínum flokki, samkvæmt EURO NCAP.



Komdu við hjá okkur í nýjum sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.

Crossland X Aktiv er einnig frumsýndur í sýningarsal okkar í Reykjanesbæ.

Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bíllitö
Benna

Hatari er viðvörðun

Matthías Tryggvi Haraldsson og Klemens Hannigan í Hatara ræddu áætlanir sínar í Eurovision með semingi yfir kokteil á Hótel Holti. Þeir segjast ætla að knésetja kapítalið en selja nokkra boli í leiðinni.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Hatari komst áfram á fyrra undanúrslitakvöldi Söngvakeppninnar 2019 sem fór fram í Háskólabíói um síðustu helgi. Lag þeirra, Hatarið mun sigra, nýtur vinsælda en hljómveitin hefur líka sætt gagnrýni. Hatari er þekkt fyrir beitta þjóðfélagsgagnrýni og BDSM-klæðin vekja athygli.

Tveir meðlimir Hatara, þeir Matthías Tryggvi Haraldsson og Klemens Hannigan samþykktu að hitta blaðamann yfir kokteil að kvöldlagi á Hótel Holti. Þriðji meðlimur sveitarinnar, Einar Stefáns-son, var fjarri góðu gamni.

Hugðarefni strákanna í Hatara eru ekkert léttmeti. Dauðinn og umbýlting á kapitalisku samfélagi manna. Neysluhyggja og tilgerð í tilverunni. Og dómsdagur. Falsaðar fréttatilkynningar, pólitískur undirtónn, yfirlýsingar sem ganga í berhögg hver við aðra og fleira í þeim dúr hefur fylgt sveitinni frá upphafi. Hversdagurinn er svikamylla, segja þeir oft og leitast við að afhjúpa hann í verkum sínum.

Hvað hafið þið á móti hversdeg-inum?

Matthías: Við hefðum ekkert út á hann að setja ef hann væri ekki linnulaus svikamylla.

Getur þú útskýrt þetta betur?

Já.

(Löng þögn.)

Matthías: Ímynd okkar gengur kaupum og sölum. Við búum við holskeflu fjölmiðla, upplýsinga og fölsunar. Kapítalið hefur gersigrað.

Er Hatari andkapítalískur?

Matthías: Já, við höfum alltaf verið það.

Klemens: Í raun getur maður samt ekki verið andkapítalískur þegar maður er fæddur inn í ástand þar sem allt í kringum mann byggir á kapitalisma.

Matthías: Þannig hyggjumst við knésetja kapítalið en selja ef til vill nokkra boli í leiðinni.

Þannig að við erum gegnsósa?

Klemens: Já. Við erum það.

Þessar falsanir sem þið talið um, eruð þið að tala um samfélagsmiðla? Finnst ykkur við hafa týnst?

Matthías: Þetta er eins og Eurovision. Við hjúpum okkur glansmynd. Mörk ímyndar, persónuleika, borgarans og neytenda eru

Um Hatara

Hatari hefur verið valin besta tónleikasveitin í tvö ár í röð í Reykjavík Grapevine.

Sveitin hefur vakið mikla athygli erlendis fyrir lag sitt Hatarið sigrar. Mikið áhorf er á myndband þeirra á YouTube, þeir fá fjölmargar athugasemdir og eru umræddir á ótal bloggum um Eurovision. Þá røtuðu þeir í sjónvarpið nýverið á annarri stærstu sjónvarpsstöð í Ísrael þar sem til umfjöllunar var áskorun þeirra til Benjamins Netanyahu um að mæta þeim í glímu þann 19. maí næstkomandi.

Rob Holley, blaðamaður á breska blaðinu The Independent, hefur spáð Hatara sigri í aðalkeppninni í Ísrael.

Í viðtali við Stundina fyrir nokkru sögðust strákarnir í Hatara gagnrýnir á ísraelsk stjórnvöld og þau mannréttindabrot sem eru framin í landinu. Þeir sögðu frálett að Ísland tæki þátt í Eurovision þegar keppnin er haldin í ríki sem traðki á mannréttindum. Úr því sem komið er verði þó Íslendingar að nota dagskrárvald sitt. „Við teljum okkur hafa annars konar vald, vald hirðfíflsins,“ sögðu þeir.

„Hatari sýnir samfélagið í dökkum spegli og viðvörðunarorð þeirra eru skýr: Takið ykkur á áður en það er of seint og siðferðisleg hnignun samfélagsins verður svo mikil að Donalds Trump verði minnst sem höfsemdarmanns.“ Segir í tónlistarbloggi á The Guardian um tónlist þeirra á Airwaves tónlistarhátiðinni.

Hatari heldur úti einhvers konar falsfréttaáróðurssíðu, Icelandmusicnews.com. Þar er eingöngu að finna fréttir um sveitina.

Hatari á félagið Svikamyllu ehf. Um tilgang félagsins segir: Niðurrífsstarfsemi á síðkapitalismanum, að eiga og reka fasteignir, miðla íslensku og erlendum dómsdagskevðskap, margmiðlun, útgáfa, stunda innflutning og önnur verslunarviðskipti svo og lánstarfsemi.



Klemens og Matthías Tryggvi. Þriðji meðlimur Hatari, Einar, var fjarri góðu gamni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

máð út. Í því felst svikamyllan ekki síst.

Eurovision, þið fóruð svolítið í kjölinn á söngvakeppninni?

Matthías: Þakka þér fyrir að gefa þér það.

Tja, þið skoðuðuð alla vega í hverju svokölluð Eurovision-hækkun felst?

Klemens: Í byrjun ferlisins vorum við týndir. Hvernig gætum við samið gripandi tónverk sem myndi ná til pöpsulsins? Við fórum að rannsaka önnur tónskáld sem hafa tekið þátt í keppninni. Stöldrúðum við á hugtaki sem var margnotað, Everest-tindur tónskáldsins er þessi Eurovision-upphækkun. Þegar við áttuðum okkur á því þá small allt saman. Þetta einstaka tónverk varð til. Og við skrifuðum okkur inn í tónlistarsöguna og erum á meðal gömlu meistaranna.

Þið sögðuð fólki sem horfði á ykkur í sjónvarpinu í undankeppninni að það myndi sjá eftir því til eilífðarnóns myndi það ekki kjósa

ykkur áfram, standið þið við þessi orð?

Matthías: Já, við gerum það og gefum ekki afslátt af fyrri yfirlýsingum Hatara. Ég gaf eiginlega þrjá valkosti. Að horfa ekki á keppnina, kjósa Hatara eða sjá eftir því til eilífðarnóns.

En um glanshjúpinn, það eru allir á samfélagsmiðlum. Þið líka, þið eruð á Facebook, Instagram. Bara eiginlega öllum samfélagsmiðlum sem eru til, eruð þið ekki í mótsögn?

Matthías: Við lýstum því yfir að við myndum aldrei fara á samfélagsmiðla. En við lýstum því líka yfir að við myndum alltaf selja okkur réttu verði. Og við myndum svíkja öll loforð.

Klemens: Það er bara tímaspursmál hvenær við seljum okkur. Ef verðið er rétt, þá erum við til sölu.

Matthías: Dómsdagur er ástand sem við erum nú þegar í. Eins og maður sem stekkur fram af kletti og hrapar. Þar er mannkynið, í dómsdagsástandi. Við sem einstaklingar



HVERNIG GÆTUM VIÐ

SAMÍÐ GRÍPANDI TÓN

VERK SEM MYNDI NÁ TIL

PÖPULSINS? VIÐ FÓRUM

AÐ RANNSAKA ÖNNUR

TÓNSKÁLD SEM HAFU

TEKIÐ ÞÁTT Í KEPPNINI.

Klemens

erum í söluástandi. Augnablikið þar sem við seljum okkur sker ekki tímann í tvennt heldur hjúpar sig yfir hann. Við erum stöðugt að sökkva dýpra í þessa sölu- og neysluhyggju. Við erum fyrirtæki, sem rekur fyrirtæki sem rekur fjölmiðil og hljóm-sveit og stefnum á að framleiða gosdrykk. Sodadream verður gosdrykkurinn okkar. Og líka okkar helsti styrktaraðili.

Eins og ísraelska Sodastream?

Matthías: Sem framleiðir miklu óæðri vöru en Sodadream.

Margrét Friðriksdóttir lýsti því yfir á dögunum að hún myndi flytja úr landi ef þið færuð áfram í keppnina í Ísrael. Hvað fannst ykkur um það?

Matthías: Það var ánægjulegt þegar stjórn Svíkamyllu ehf. tilkynnti okkur að Margrét Friðriksdóttir hefði verið ráðin fjölmiðla-fulltrúi Hatara, enda hafa allar hennar yfirlýsingar verið okkur í hag og við þakklátir þeim. Hún stendur sig mjög vel.

Klemens: Hún verður höfð í heiðri í nýju kólóníunni okkar í Ísrael.

Matthías: Vilji Margrét flytja í BDSM-nýlendu Hatara, við botn Miðjarðarhafs, þá er hún velkomin. Það verður séð vel um hana.

Tölum aðeins um BDSM, hvers vegna veljið þið þennan lífsstíl?

Matthías: Það er sterkasta tjáning frjálslyndis sem fyrirfinnst. Það þrengir að en frelsar. BDSM er eins og kapitalið, heldur manni niðri en er í senn sterk einstaklingsbundin tjáning.

Eigið þið stóran aðdáendahóp, hverjir eru aðdáendur ykkar?

Matthías: Metalhausar, börn á öllum aldri, Svíar, fólk með græna hanakamba. Miðaldra karlar með blæti og húsmæður.

Klemens: Langömmur og langafar.

Matthías: Rússar á Instagram.

Klemens: Dóttir mín.

Matthías: Vinstri sinnaðir Ísraelsmenn.

Klemens: Þýskaland.

Matthías: Allir sem skilja kaldhæðni.

Þið hafið ekki komið til Ísraels. En fjölmiðlar þar eru mjög forvitnir um ykkur og þið voruð í stórrí umfjöllun á næststærstu sjónvarpsstöð landsins nýlega. Ef þið verðið ekki kosnir áfram, ætlið þið samt að fara til Ísraels?

Matthías: Við myndum vilja bera það undir Margréti Friðriksdóttur. Hvort við lýsum því yfir opinberlega.

Hvað eruð þið að lesa, hver er ykkar andlega næring? Hvaðan spretta allar þessar hugmyndir?

Klemens: Noam Chomsky, Yahya Hassan, Naomi Klein, Mark Fisher, Peaches og Elísabet Jökulsdóttir.

Eruð þið trúáðir?

Klemens: Já, ég trú á æðri mátt.

Matthías: Ég líka.

Fyrirlitið þið Eurovision?

Klemens: Nei.

Matthías: Eurovision er vettvangur og það er val fólksins hvað á hann er sett.

Klemens: Eurovision er fyrsti áfanginn í að knésetja kapitalismann.

Matthías: Og gott verkfæri sem slíkt.

Þið eruð verulega pólitískir?

Matthías: Já, og það er þversögn



ÞAÐ ÞRENGIR AÐ EN

FRELSAR. BDSM ER EINS

OG KAPÍTALIÐ, HELDUR

MANNI NIÐRI EN ER Í SENN

STERK EINSTAKLINGS-

BUNDIN TJÁNING.

Matthías

að segja annað um Eurovision og annan listrænan vettvang?

Hvað finnst ykkur fallett? Hvað hreyfir við ykkur?

Klemens: Dóttir mín.

Hvað er hún gömul?

Klemens: Hún er nitján mánaða gömul.

Matthías: Það fallegasta í þessum heimi eru stór og rúmgóð bílastæði, gripandi auglýsingaherferðir á orkudrykkjum og hljóðið í útvarpinu þegar það segir manni hvað maður er að hlusta á: FM 95,7. Þetta er fuglasöngur, árstíðirnar og lífið sjálft.

Þið eruð svolítið ólíkir? Er einhver togstreita í bandinu?

(Löng þögn.)

Klemens: Við erum sama manneskjan í grunninn.

Matthías: Á meðal hugsandi fólks er alltaf togstreita. Við erum fædd í mótsögn við okkur sjálf.

Að lokum, viljið þið segja eitthvað við lesendur sem eru að lesa þetta viðtal við ykkur?

Klemens: Hatari er viðvörðun. Þið ráðið hvort þið hlustið.

Matthías: Ef forsætisráðherra Ísraels, Benjamin Netanyahu, er að lesa þetta viðtal: Þá biðum við enn þá eftir svári. Hann má skrifa okkur á hatari@hatari.is eða svikamylla-ehf@svikamylla.is.

Áskorunin um að mæta okkur í

glímu stendur enn.

Finnst ykkur best að útkljá málin þannig?

Klemens: Það er ekkert sannara en heiðarleg glímukeppni.

Matthías: Málin eru best útkljáð þannig. Okkur þóknast ekki ofbeldi.

Hver eru gildin ykkar?

Matthías: Drengskapur og gagnrýnin hugsun.

(Og kynþokki, tuldrar Klemens ofan í bringuna.)

Matthías: Við vonum að stjórn-málamenn um alla Evrópu sýni drengskap í hvívetna. Hlusti á gagnrýni og virði mat hlutlausra dómara á borð við Sameinuðu þjóðirnar.

Næring+

Millimál í fernu

Næring+ er orku- og próteinríkur næringar-drykkur sem hentar vel þeim sem þurfa að þyngjast eða sporna við þyngdartapi.

Næring+ er vítamín- og steinefnabættur. Næring+ hentar einnig þeim sem vilja handhægt orku- og próteinríkt millimál.



+



+



+



+



**ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Gunnþórunn
Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Nína Dögg Filippusdóttir er með betri leikkonum landsins. Blaðamaður hitti þessa hæfileikaríku og ljúfu leikkonu á heimili hennar á Seltjarnarnesi á dögunum, en þau hjónin Gísli Örn Garðarsson, leikari og leikstjóri, fluttu þangað úr miðbænum fyrir um fjórum árum ásamt börnum sínum tveimur.

„Við erum að fara að taka allt í gegn hérna mjög fljótlega. Við þurftum bara smá tíma til að ákveða hvernig við vildum hafa þetta allt saman,“ segir Nína Dögg sem leiðir blaðamann í gegnum húsið. Heimilið er afar hlýlegt og stendur það alveg við hafið, sem tekur á móti manni í gegnum stóra glugga í stofunni. „Okkur líður alveg svakalega vel hérna svona nálægt náttúrunni. Það er gott að búa á Seltjarnarnesi. Okkur var ráðlagt þegar við fluttum hingað, að taka þetta bara alla leið. Sem við og gerðum. Erum búin að fara á öll þorrablótin og erum dugleg að sækja viðburði hérna. Jú, og svo var ég auðvitað Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2017. Það var tekið rosalega vel á móti okkur og við höfum eignast vini sem okkur þykir mjög vænt um. Það er líka frábært að vera með börn hérna. Það er svo mikið öryggi og það passa allir upp á alla.“

Nína Dögg hefur verið að gera það gott í leikhúsinu sem og á skjáum okkar landsmanna og víðar. Hún fer með aðalhlutverk í sýningunni Fólk, staðir, hlutir sem Gísli Örn leikstjóri. Leikritið hlaut fjölda Grímutilnefninga og hreppti Nína Dögg Grímuverðlaunin fyrir leik sinn. Borgarleikhúsið setti verkið upp í samvinnu við Vesturport og norska þjóðleikhúsið og sama listræna teymið setti leikritið upp á sitthvorum staðnum með sitthvora leikarana. Leikritið er eftir Duncan McMillan og sló í gegn í Englandi.

„Þetta leikrit kemur til okkar með þeim hætti að Gísli var staddur í tókum á sjónvarpsseríu í Newcastle. Hann hafði verið að velta fyrir sér að ég þyrfti að fara að fá eitthvert magnað hlutverk. Það var nýbúið að frumsýna þetta leikrit í London og hann skellir sér. Hann sá strax að þetta væri hlutverk sem ég þyrfti að fá að túlka og tryggði sér strax sýningarrétt á leikritinu,“ segir Nína. „Þetta var ótrúlega gaman og öðruvísi að setja upp leikritið í samvinnu við norska leikhúsið. Ég sagði bara við Gísla: Já, byrjaðu bara í Noregi og æfðu þig þar. Komdu svo heim og þá ertu búinn að gera öll mistökin svo við getum gert þetta hnökraust hér,“ segir hún og hlær.

Nínu og Gísla fannst tilvalið að setja upp leikritið hér á landi því að fikn er sjúkdómur sem tengist inn í margar fjölskyldur á Íslandi, þar á meðal Nínu Dögg. Hún á fjölskyldumeðlim sem fór óvænt þá leið í lífinu. Viðkomandi var kominn vel á miðjan aldur þegar fiknin tók yfir og segir Nína að það hafi komið svolítið aftan að öllum í fjölskyldunni hvernig það gerðist.

„Þetta skiptir mig því miklu máli þar sem þetta er mér mjög nærri en á sama tíma er þessi sjúkdómur mér líka hulin birtingarmynd. Einhvern veginn finnst mér vera mikil tenging milli þess að þú þróar með þér fiknisjúkdóm og þess að vera með stóra holi í hjartanu sem þú hefur ekki náð að vinna úr. Mér finnst það hafa verið þannig með manneskjuna sem stendur mér nærri. Þess vegna finnst mér svo mikilvægt að við viðurkennum að við þurfum hjálp og að við þurfum hjálp snemma því það er fyrirbyggjandi,“ segir Nína.

Gaman að vinna í sjálfum sér
Nína nefnir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, formann Viðreisnar, og frumvarp sem hún lagði fram í lok janúar um að hægt verði að fá almenna sálfræðipjónustu niður-



Nína hefur farið til sálfræðings síðan hún var þritug og segir það hið besta sem hún hefur gert fyrir sjálfa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Rosalegt ferðalag fíkilsins

Nína Dögg hefur slegið í gegn í hlutverki sínu í leiksýningunni Fólk, staðir, hlutir. Hún segir fikn vera mikið vandamál hér á landi enda þekki hún það í eigin fjölskyldu. Enginn er þar hólpinn og því mikilvægt að hlúa betur að andlegri heilsu.

greidda með sjúkratryggingum. Með frumvarpinu yrði sálfræðipjónusta felld undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands og veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta.

„Mér finnst svo frábært það sem Þorgerður Katrín er að gera með Viðreisn, að koma með þetta frumvarp. Auðvitað á að hlúa að andlegri heilsu til jafns við líkamlega heilsu. Þetta myndi auðvelda svo margt fyrir svo marga. En sem betur fer er það að breytast að mega tala um svona hluti. Þetta var einu sinni hálfgerð „tabú“ að fara til sálfræðings eða leita sér hjálpar vegna andlegra veikinda. Eða bara tala um tilfinningar yfir höfuð. Formæður og feður okkar misstu börnin sín og svo var bara haldið áfram. Það var bara einhvern veginn harkað af sér. En sem betur fer erum við komin langt frá því og þetta er að breytast,“ segir Nína. Sjálf hefur Nína farið til sálfræðings síðan hún var þritug og segir það hið besta sem hún hafi gert fyrir sjálfa sig.

„Ég hef farið til nokkurra sálfræðinga og það tekur mann alveg



**EINHVERN VEGINN FINNST
MÉR VERA MIKIL TENGING
MILLI ÞESS AÐ ÞÚ ÞRÓAR
MEÐ ÞÉR FÍKNISJÚKDÓM
OG ÞVÍ AÐ VERA MEÐ
STÓRA HOLU Í HJARTANU
SEM ÞÚ HEFUR EKKI NÁÐ
AÐ VINNA ÚR.**



FRUMSÝNUM
RAFMAGNAÐAN
CR-V
HYBRID

Í dag milli kl. 10:00 og 16:00



HONDA



**EF VIÐ VINNUM EKKI VEL
ÚR ÁFÖLLUNUM OKKAR,
ÞÁ GETUR VARNARKERFIÐ
OKKAR BRUGÐIST. VIÐ
VERÐUM SVO FLJÓTT
INNSÆISLAUS.**

tíma að finna þann rétta og finna taktinn og svona. En það er enn þá fólk sem finnst það vera of mikið að fara til sálfræðings og tala um það að vinna í sjálfu sér. Mér finnst það svo sorglegt því það er svo gaman að vinna í sér og kynnast sjálfum sér. Fá verkfæri til að leysa úr vanda- málum þegar þú lendir á vegg. Vá, lífið er svo alls konar og þú tekur alls konar beygjur og ferð inn um alls konar dyr og það lenda allir einhvers staðar á vegg eða koma sjálfum sér á óvart með viðbrögðum sínum. Ég mæli með Shalom, heild- rænni meðferðarstöð. Algjörlega frábært fólk sem er þar að störfum.“

Bratt en erfitt ferðalag

Aðstandandi Nínu Daggar fór frá því að vera þátttakandi í samfélag- inu, í góðri stöðu yfir í það að verða heimilislaus og á götunni. „Það er rosalegt ferðalag. Sem betur fer eru fæstir sem fara svona bratta leið en ferðalagið sem ég fór í með þessari manneskju sýndi mér bara það og kenndi mér að það er enginn hólpinn. Ef við vinnum ekki vel úr áföllum okkar, þá getur varnarkerfi okkar brugðist. Við verðum svo fljótt innsæislaus.“

Ýmis úrræði eru til staðar fyrir fólk í slíkum sporum. „Auðvitað má bæta margt en einnig er margt í boði. Aðstandandinn minn býr í svona búsetuúrræði, sem velferðar- ráð Reykjavíkur er með og er alveg frábært fyrirkomulag. Það ber yfir- skriftina Housing first og er þetta tekið að utan. Heimilislausir, fólk í neyslu, fólk með geðræn vandamál og aðrir sem eiga um sárt að binda geta nálgast þetta búsetuúrræði. Fólk þarf ekki að vera í neyslu en það má vera í neyslu. Það er ekki gerð krafa um að þú sért ekki í neyslu, sem er oft svo erfitt því það eru mörg úrræði fyrir fólk en þá er krafan um að vera ekki í neyslu. Það er mjög erfitt að segja fíklum að þeir verði að hætta fyrst. Þeir verði að drekka úti en ekki inni. Fólk sem er búið að missa fjölskyldu sína, æruna og lífið, það á erfitt með að fylgja svona reglum. Það sækir bara vinið sitt og dópið sitt.“ segir Nína.

„Þetta búsetuúrræði er alveg magnað. Það er einstakt teymi og starfsmenn sem vinna þarna og halda utan um þetta. Í mínu til- viki hafa þau gert svo ótrúlega hluti fyrir okkur og hafa farið svo langt út fyrir sitt starfsvið og starfslýsingu. Svo hugsar maður bara; er það ekki þannig með allt fólk sem er í umönnun, því það vinnur svo órláta og mikla vinnu miðað við laun, því miður, og allt sem því fylgir. Það er auðvitað ótrúlega þakklátt að í heilbrigðiskerfi okkar séu staðir eins og Vogur og Geðdeild Landspítalans 33A sem taka á móti fólk með fíkniva- anda. En betur má ef duga skal og það er til dæmis ekki forsvaranlegt að biðlistinn á Vogu sé eitthvað í kringum 600 manns, eins og var staðan í nóvember. Það er hræðilegt að svona fjöldi sé að bíða eftir því að komast að og fá hjálp við fíkn sinni eða sjúkdómi. En það er magnað að það sé til svona spítali, þar sem þú getur alltaf komið og beðið um hjálp. Það eru engin takmörk fyrir



Fólk, staðir og hlutir nær á ákveðinn hátt að snerta á mörgu sem snýr að fíkn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

því hvað þú mátt koma oft. Sumir hafa farið 30 sinnum, sumir einu sinni. Þessi fíkn og sjúkdómur er svo skritinn og það er bara ekki hægt að setja fingur á hvað það er.“

Þekkti ekki alkóhólista

Fólk, staðir, hlutir nær á ákveðinn hátt að snerta á mörgu sem snýr að fíkn, aðstandendum, samstarfs- félögum og einnig á fólk sem er líka í neyslu og þeim sem eru komnir lengra en viðkomandi í bata. Nína segist viss um að grunnurinn að fíknivanda sé þessi hola í hjartanu sem skapi kvíða og depurð og að fólk finni fyrir vanmætti. Þá er auð- velt að deyfja sig.

„Það veitir þér kannski vellíðan fyrst en svo fer þetta alltaf í ranga átt. Áfengi og vímuefni þróa með þér miklu meiri kvíða og miklu meiri depurð sem hleðst ofan á. Þannig að þú lendir í vítahring sem þú veist ekki hvernig þú átt að koma þér út úr.“

Leikritið fer fram á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu og því er mikil nánd við áhorfendur. Nína segir leikhópin heyrja áhorfendur taka andköf og svo virðist vera að svo margir tengi við aðstæður.

„Fólk kannast við þessar aðstæður. Fíkillinn verður svo áþreifan- legur og maður er með ákveðna töfra í höndunum. Við leikhópurinn vitum að við erum að snerta við ein- hverjum, við erum að hitta á punkt- ana,“ segir Nína.

Hún fór til London til þess að sjá

leikritið sjálf áður en hún fór að æfa hlutverkið. Verkið greip hana strax og hún segist hafa hugsad með sér að höfundur verksins, Duncan McMillan, hlyti að vera annaðhvort sjálfur alkóhólisti, gamall fíkill, eða einhver sem tengist honum svona djúpt þar sem hann náði svo góðri sýn á líf fíkkilsins og umhverfi hans.

„Svo hitti ég hann á bar og þá sat hann þar með bjór svo ég hugsaði með mér að hann væri líklega ekki alki. Eða þá væri hann í það minnsta fallinn. Ég spurði hann út í þetta og það skritna er að hann hafði enga tengingu við þetta, nema að hann sagði að hann vissi bara af þessari veröld og vinir hans drekka mis- mikið. En það er enginn alkóhólisti nálægt honum,“ segir Nína. „Þá hugsaði ég að það væri kannski þess vegna sem hann náði að gera þetta svona vel því hann sér þetta úr fjar- lægd og þess vegna nær hann að vera með innsýn í öll sjónarhorn og hann gerir það svo sérstaklega vel. Það er magnað að leika þetta hlutverk því maður finnur hvað þetta hefur áhrif. Eiginlega undantekningar- laust á einhver á Íslandi litla alkann sinn. Í nánast hverri fjölskyldu er það svoleiðis og við þurfum bara að opna á það og tala um það.“

Út fyrir þægindarammann

Nína Dögg er um þessar mundir í tókum á íslenski þáttaseriu um Valhallarmorðin sem Netflix hefur fest kaup á. Þau Björn Thors fara með hlutverk lögglumanna

sem rannsaka Valhöll, upptöku- heimili fyrir drengi. „Þórður Páls- son á hugmyndina að þessu verki og kemur þessu á laggirnar. Hann leikstýrir auk þess fjórum þáttum af átta. Hann vann pitch-keppni úti í London, kemur svo með þetta hingað heim og setur sig í samband við True North og Mystery Produc- tions. Það sem er magnað við þetta er að Netflix kemur inn í þetta og það er búið að selja seríuna um allan heim, og þá meina ég út um allan heim. Við hlæjum stundum að því þegar það er verið að keyra okkur áfram og segjum: Hei, engan asa hérna – við erum að gera Netflix- seríu skol!“ segir Nína og hlær.

„En þetta er rosalega spennandi. Það eru tveir aðrir leikstjórar að seriunni, Þóra Hilmarsdóttir og Davíð Óskarsson. Þau eru bæði ungir leikstjórar sem er frábært og einnig er bróðir minn að skjóta, Árni Filippusson. Það er ótrúlega gott fólk að baki þessu verkefni og vel valinn maður í hverri stöðu.“

Einnig er nóg að gera hjá Gísla Erni sem leikstýrir söngleiknum Elly sem hefur hlotið mikið lof. „Hann þurfti líka að hoppa aðeins inn í sýninguna fyrir Hjört Jóhann og það var svolítið skemmtilegt fyrir hann, að hoppa inn í sína eigin sýn- ingu en nú fer henni senn að ljúka og náðu þau 200 sýningum um síðustu helgi, sem er algjörlega geggjáð,“ segir Nína Dögg.

Er ekki brjáláð að gera hjá ykkur hjónum?



**ÞAÐ ER MJÖG GOTT AÐ
EIGA ÁHUGAMÁL MED
MAKA SÍNUM OG AÐ MAKI
MANNS SÉ BESTI VINUR
MANNS. ÉG ER ÞAKKLÁT
FYRIR ÞAÐ.**

„Jú, þetta kemur í törnum. Stund- um er allt á fullu og svo er rólegt. Það er ágætt. En við erum með gott bakland og eigum stórkostlega fjöl- skyldu. Tengdamóðir mín, Kolbrún Högnadóttir, hún er okkar stoð og stytta. Algjör dýrtingur og það er gott að vita af börnunum okkar hjá ömmu sinni. Það er mikilvægt að rækta það líka. Svo eru það Árni bróðir og Helena konan hans og Rakel, systir hans Gísla, og eigin- maður hennar, Björn Hlynur. Við erum oft í sömu verkefnum og sömu kreösu og það er ofboðslega dýrmætt að vinna svona náð með fjölskyldunni sinni.“

Verða engir áreksrar?

„Nei, merkilegtnokk. Við Gíslu vorum saman í leiklistarbeck og komumst inn 1997. Þá vorum við búin að vera par í tvö ár áður. Við þekkjum eiginlega ekkert annað en að vinna saman og okkur finnst það bara skemmtilegast. Eins og í sýningunni Fólk, staðir, hlutir, þar leikstýrir hann mér og það mæðir rosalega á mér og mínu hlutverki. Það var svolítið skondið eftir eina æfinguna, þegar hann spurði mig hvort hann hefði nokkuð verið of harður við mig. Ég svaraði bara blíðlega: Ha, nei, nei, þetta er allt í lagi. En langaði mig stundum að öskra á hann? Já. Var ég stundum alveg að fara að grenja? Já,“ segir hún og hlær.

„En það sem ég gerði var að ég pantaði tíma í dansi fyrir okkur, hjá Jóa og Theu í dansstúdíóinu. Við fórum í alls konar samkvæmis- dansa, rokk, zumba og fleira. Við fórum reyndar alltaf í danstímama beint eftir æfingu á leikritinu og ég hugsaði stundum með mér hvað ég væri eiginlega að hugsa að panta danstíma strax eftir svona krefj- andi æfingu með Gísla, sérstak- lega þegar mig langaði frekar að gefa honum einn á hann í staðinn. En svo var þetta bara svo ótrúlega gaman og alveg magnað! Dans er svo magnaður. Ég vildi óska að það væri danskennsla í grunnskólum í dag þar sem símanotkun hefur tekið öll völd og sumir skólar þora ekki að taka af skarið og banna síma. Þar með hefur tengslamyndun barna og nánd breyst. En ef allir þyrftu að dansa saman einu sinni í viku held ég að það myndi eitthvað stórkost- legt gerast,“ segir Nína.

„Ég mæli hiklaust með þessu fyrir þér. Maður þarf bara að muna að rækta sambandið. Þegar fólk er búið að vera saman svona lengi þá má þetta ekki gleymast.“

Nína og Gíslu hafa farið tvisvar á salsanámskeið til Króatíu bara tvö og segir Nína að þau geri reglulega eitthvað sem tekur þú út fyrir þæg- indarammann. Hún segir það lyk- ilinn að góðu sambandi.

„Já, og einnig að koma hvort öðru á óvart og víkka sjóndeildarhring- inn saman. En við erum heppin, mér finnst hann rosa skemmtilegur og mér finnst mjög gaman að vera með honum,“ segir Nína. „Svo erum við líka mikið í hestunum. Það er mjög gott að eiga áhugamál með maka sínum og að maki manns sé besti vinur manns. Ég er þakklát fyrir það.“

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation
that excites



NISSAN LEAF TIL AFGREIÐSLU STRAX!

Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í Evrópu frá fyrstu gerð árið 2010 og nú er ný sending tilbúin til afgreiðslu. Nissan Leaf er með 40 kWh rafhlöðu sem gefur allt að 250 km* raundrægi við íslenskar aðstæður. Nú þarf að bregðast skjótt við til að grípa tækfærið og skipta yfir í grænni lífsstíl á glænyjum Nissan Leaf.

Ný og fullkomin tækni

ProPilot er fyrsta kynslóð tækniþúnaðar frá Nissan í þróun sjálfkeyrandi bíla. ProPilot eykur öryggi í akstri og aðstoðar ökumann við að fylgjast með umferð auk þess sem þúnaðurinn getur lagt bílnum í stæði. ProPilot er staðalbúnaður í Tekna.

Með 3G tengingu í LEAF er hægt að stjórna miðstöð, sjá stöðu rafhlöðu, orkunotkun og margt fleira í gegnum Nissan **EV Connect** appið.

Nissan Leaf. Verð frá 4.490.000 kr.

Nánari upplýsingar á nissan.is

Zero Emission



WINNER
WORLD CAR AWARDS
2018 WORLD GREEN CAR

Nýr Nissan Leaf var kjörinn
The World Green Car 2018
á alþjóðlegu bílasýningunni í New York.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Persónur og leikendur

Á flóttu



Carles Puigdemont
fv. forseti



Toni Comín
fv. heilbrigðis-
málaráðherra



Clara Ponsati
fv. mennta-
málaráðherra



Meritxell Serret
fv. landbún-
aðarráðherra



Lluís Puig
fv. menningar-
málaráðherra



Marta Rovira
fv. þingmaður



Anna Gabriel
fv. þingmaður

Ákærðu



Oriol Junqueras
fv. varaforseti og
fjármálaráðherra

- Saksóknari dómsmálaráðuneytisins krefst 25 ára fyrir uppreisn og misnotkun almannaþjóf. ■ Ríkissaksóknari krefst 12 ára fyrir uppreisnaráróður og misnotkun almannaþjóf. ■ Vox krefst 74 ára fyrir uppreisn, skipulagða glæpastarfsemi og misnotkun almannaþjóf.



Jordi Turull
fv. æðsti ráð-
gjafi forseta

- Saksóknari dómsmálaráðuneytisins krefst 16 ára fyrir uppreisn og misnotkun almannaþjóf.



Joaquim Forn
fv. innan-
ríkisráðherra

- Ríkissaksóknari krefst 11,5 árs fyrir uppreisnaráróður og misnotkun almannaþjóf.



Raül Romeva
fv. utanríkis-
ráðherra



Dolors Bassa
fv. vinnu-
málaráðherra

- Vox krefst 74 ára fyrir uppreisn, skipulagða glæpastarfsemi og misnotkun almannaþjóf.



Josep Rull
fv. héraðs-
málaráðherra



Jordi Sanchez
formaður Kata-
lónska þjóð-
fundarins (ANC)



Jordi Cuixart
formaður
Omnium
Cultural



Carme Forcadell
fv. forseti kata-
lónska þingsins

- Saksóknari dómsmálaráðuneytisins krefst 17 ára fyrir uppreisn. ■ Ríkissaksóknari krefst 8 ára fyrir uppreisnaráróður. ■ Vox krefst 52 ára fyrir uppreisn og skipulagða glæpastarfsemi.

6. september 2017

- Meirihluti katalónska þingsins samþykkir að boða til þjóðar- atkvæðagreiðslu um sjálfstæði.

7. september 2017

- Stjórnlagadómstóll Spánar ögildir samþykktina.

20. september 2017

- Spænska lögreglan gerir rassíu í katalónskum ráðuneytum. Fjór- tán ráðgjafar héraðsstjórnarinnar handteknir. ANC og Omnium Cultural standa fyrir fjöldamót- mælum við fjármálaráðuneytið.

27. september 2017

- Hæstiréttur Katalóníu fyrir- skipar að loka skuli kjörstöðum.

1. október 2017

- Atkvæðagreiðslan fer fram. Kjör- sókn 43 prósent. 92,01 prósent segja já. Spænska lögreglan lokar kjörstöðum og veldur rúmlega þúsund Katalónum áverkum, samkvæmt katalónsku heil- brigðisstofnuninni. Aðgerðir lög- reglu og sniðganga sambands- sinna takmarka kjörsókn.

2. október 2017

- Birgitta Jónsdóttir, fyrrverandi þingmaður sem tók þátt í eftir- liti með atkvæðagreiðslunni, segir í samtali við Fréttablaðið að aðgerðir spænsku lögreglu- unnar hafi verið „alvarleg aðför að lýðræðinu á allan hátt“.

16. október 2017

- Cuixart og Sanchez sendir í gæsluvarðhald, sakaðir um uppreisnaráróður vegna mót- mælanna 20. september.

27. október 2017

- Efirlit með þjónustu- og gæðamálum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar og reksturs í ferðaþjónustu
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar
- Þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur
- Frumkvæði og drifkraftur

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík.

FJÁRMÁLASTJÓRI

Um starfið

Bjarg íbúðafélag leitar að öflugum einstaklingi í krefjandi stjórnunarstarf þar sem frumkvæði, samskiptafærni og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín. Framundan er spennandi verkefni við uppbyggingu leigufélags en Bjarg vinnur að 40 milljarða uppbyggingu um land allt. Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað.

Starfssvið

- Dagleg umsjón með fjármálum fyrirtækisins
- Fjármögnun verkefna
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana.
- Samskipti við fjármálastofnanir

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af reikningshaldi og fjármálastjórnun
- Reynsla af fjármögnun verkefna
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2019.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir á bjorn@bjargibudafelag.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



Bjarg íbúðafélag er sjálfseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Félagið vinnur nú að byggingu 1400 íbúða víðs vegar um land.

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?



SUMARSTARF HÚSVARÐAR

Isavia leitar að ábyrgum og úrræðagóðum einstaklingi til að sinna starfi húsvarðar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Um er að ræða vaktavinnu þar sem unnið er á dag- og næturvöktum. Helstu verkefni eru eftirlit með fasteignum, kerfum og búnaði sem og eftirlit með daglegum rekstrarverkefnum og framkvæmdum. Móttaka og úrvinnsla erinda, viðbrögð vegna rekstrarfrávika og önnur tilfallandi verkefni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Freyr Borgarsson, hópstjóri Rekstrarstjórnstöðvar, bjarni.borgarsson@isavia.is.

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun eða önnur sambærileg menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Aldurstakmark 20 ár
- Góð kunnátta í ensku og íslensku
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta skilyrði

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.



Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvæðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.



ISAVIA

STARFSSTÖÐ:
KEFLAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
24. FEBRÚAR

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA



ÁHUGAVERÐ STÖRF HJÁ ORKUBÚI VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða metnaðarfulla og ábyrga starfsmenn í spennandi framtíðarstörf á veitusviði. Í boði er áhugavert starfsumhverfi með krefjandi og fjölbreyttum verkefnum. Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 70 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill. Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægífraga náttúru er þetta tækifærið þitt!

Rafvirki - Rafveituvirki Norðanverðir Vestfirðir

Starfsmaðurinn verður hluti af vinnuflokki veitusviðs Orkubús Vestfjarða með höfuðstöðvar á Ísafirði. Starfsumhverfið er Ísafjörður og nágrenni.

Starfssvið:

- Daglegur rekstur flutnings- og dreifikerfis
- Nýframkvæmdir
- Viðhald á há- og lágspennubúnaði
- Reglubundið eftirlit í veitukerfi
- Önnur tilfallandi verkefni á veitusviði

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í fagi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af veitustarfsemi kostur
- Almenn tölvufærni
- Færni í samskiptum

Rafvirki Sunnanverðir Vestfirðir

Starfsmaðurinn verður hluti af vinnuflokki veitusviðs Orkubús Vestfjarða með höfuðstöðvar á Patreksfirði. Starfsumhverfið er sunnanverðir Vestfirðir.

Starfssvið:

- Fjölbreytt verkefni í flutnings- og dreifikerfi
- Nýframkvæmdir
- Viðhald á háspennu- og lágspennubúnaði
- Reglubundið eftirlit í veitukerfi

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Almenn tölvufærni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af veitustarfsemi er kostur
- Færni í samskiptum

Vélfræðingur eða vélstjóri Sunnanverðir Vestfirðir

Starfsmaðurinn verður hluti af vinnuflokki veitusviðs Orkubús Vestfjarða með höfuðstöðvar á Patreksfirði. Starfsumhverfið er sunnanverðir Vestfirðir.

Starfssvið:

- Daglegur rekstur hitaveitu og kyndistöðvar
- Viðhald og nýframkvæmdir í veitukerfi
- Rekstur og viðhald díselvéla
- Önnur tilfallandi verkefni á veitusviði

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í fagi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af veitustarfsemi kostur
- Almenn tölvufærni
- Færni í samskiptum

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um ofangreind störf. Ekki hika við að hafa samband og við tökum alltaf vel á móti þér. Fullum trúnaði heitið.



Lind Einarsdóttir



Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða lind@fastradningar.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störf in á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars nk.

FJÖLSKYLDUSVIÐ GARÐABÆJAR FORSTÖÐUMAÐUR STUÐNINGS- OG ÖLDRUNARÞJÓNUSTU

Fjölskyldusvið Garðabæjar auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns stuðnings- og öldrunarþjónustu. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á stjórnun og rekstri stuðningsþjónustu (heimaþjónustu o.fl.)
- Ber ábyrgð á stjórnun og rekstri félags- og tómstundastarfs eldri borgara
- Sinnir daglegum störfum í málaflokkunum
- Sinnir upplýsingamiðlun, vefsíðum, viðburðum og fræðslu ásamt samstarfi við ýmsa samstarfsaðila innan sveitarfélags og utan

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. starfsréttindi í félagsráðgjöf, þroskaþjálfun eða hjúkrunarfræði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Reynsla af starfi með öldruðu og fötluðu fólki
- Haldbær reynsla af rekstri
- Haldbær reynsla af stjórnun
- Góð tök á íslensku tungu og hæfni í framsetningu texta
- Góð tölvukunnátta
- Dugnaður og samviskusemi
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2019.


Nánari upplýsingar um starfið veita Hildigunnur Árnadóttir yfirfélagsráðgjafi í síma 525 8500 eða með því að senda tölvupóst á hildigunnur@gardabaer.is og Inga Þóra Þórisdóttir mannauðsstjóri í síma 525 8500 eða með því að senda tölvupóst á ingath@gardabaer.is.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda, menntun og reynslu sem varpað getur ljósi á færni hans til að sinna umræddu starfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli

- Leikskóla- eða grunnskólakennari
- Skrifstofustjóri

Hofsstaðaskóli

- Stuðningsfulltrúi

Urriðaholtsskóli

- Leikskólakennarar eða annað háskólamenntað fólk

Leikskólinn Hæðarból

- Leikskólakennari eða starfsmaður með aðra uppeldismenntun

Leikskólinn Krakkakot

- Starfsmaður í eldhús – afleysing

Leikskólinn Sunnhvoll

- Leikskólustjóri

Fjölskyldusvið


- Félagsráðgjafi
- Sumarstörf og framtíðarstörf – stuðningur við ungan mann heima og við ýmsa afþreyingu

Samveitur Garðabæjar

- Pípulagningarmenn eða véltæknimenntaðir aðilar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Timburverslun BYKO Breidd

Yfirmaður sérvinnslu

Við leitum að dugmiklum og vandvirkum aðila til að leiða sérvinnsluteymið okkar.

Starfssvið: Borðplötuvinnsla, endalímingar og önnur sérvinnsla á verkstæði.

Hæfniskröfur: Smíðsmenntun, reynsla af trésmíðaverkstæði, reynsla af tölvustýrðum yfirfræsara og flest annað er kemur að sérvinnslu og smíðum. Viðkomandi þarf að hafa gott viðmót og góða þjónustulund.

Umsóknir sendist á verslunarstjóra Timburverslunar renzo@byko.is.

Umsóknarfrestur er til 25. febrúar.



Tækni- og verkfræðingar

VSB Verkfræðistofa leitar að tækni- eða verkfræðingi til framtíðarstarfa á framkvæmdasviði.

Hefur þú áhuga á að starfa við fjölbreytt og krefjandi verkefni við:

- Framkvæmdaráðgjöf
- Byggingarstjórn
- Framkvæmdaefirlit
- Áætlunargerð

Á framkvæmdasviði **VSB** starfar öflugt teymi bygginga-, tækni- og verkfræðinga. Það er stefna framkvæmdasviðs að nýta sér tækni til þess að bæta gæði og nota starfsmenn rafræn eftirlitsverkfæri, BIM og dróna í sínu starfi. Frekari upplýsingar gefur Gísli Ó. Valdimarsson gisli@vsb.is

Umsókn um starfið með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað á ofangreint netfang eigi síðar en 3. mars nk. Starfsreynsla við mannvirkjagerð er æskileg. Fyllsta trúnaðar verður gætt.

VSB Verkfræðistofa er fjölhæf verkfræðistofa á sviði mannvirkjagerðar og framkvæmda. **VSB** veitir viðskiptavinum ráðgjöf með lausnum sem einkennast af hagkvæmni, fagmennsku og áreiðanleika. Á stofunni starfa 32 manns.

VSB
VERKFRÆÐISTOFA

Bæjarhrauni 20
220 Hafnarfjörður
www.vsb.is



Fræðslufulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs

Laust er til umsóknar starf fræðslufulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs. Um er að ræða nýtt starf til að fylgja eftir fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og uppbyggingarstarfi við miðlun upplýsinga. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra þjóðgarðsins en því skal sinna frá einhverri af meginstarfsstöðum þjóðgarðsins á landsbyggðinni; í Ásbyrgi, Mývatnssveit, á Skriðuklaustri/Fellabæ, Höfn í Hornafirði, Skaftafelli eða Kirkjubæjarklaustri.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þróa og framfylgja fræðsluáætlun þjóðgarðsins í samvinnu við þjóðgarðsverði/starfsfólki
- Umsjón með fræðslu fyrir gesti þjóðgarðsins og rekstraraðila í þjóðgarðinum
- Umsjón með skiltagerð og merkingum
- Umsjón með og samræmingu á útgáfu á vegum þjóðgarðsins
- Umsjón með vefsvæði og samfélagsmiðlum þjóðgarðsins
- Í starfinu felast m.a. ferðalög milli svæða þjóðgarðsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogaþæfni og frumkvæði til að hvetja aðra til árangurs
- Þekking og reynsla á starfsemi þjóðgarða, náttúruvernd og ferðamálum
- Reynsla af landvörslu, umhverfis- og náttúrutúlkun eða grenndarkennslu er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Nákvæmni, faglegur metnaður og skipulagsfærni
- Reynsla og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Tölvufærni og geta til að vinna eftir verkferlum
- Þekking á og reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2019. Sótt er um starfið á Starfatorgi og skal umsóknum fylgja ítarlegt yfirlit um menntun og starfsferil. Hvetjum jafnt konur sem karla að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með **25. febrúar 2019**

Umsóknareyðublöð vegna starfsins eru á Starfatorgi

Nánari upplýsingar veitir

Ingibjörg Smáradóttir – ingibjorg@vjp.is – s. 575 8403

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?



SUMARSTARF Í BÓKHALDI

Isavia óskar eftir að ráða sumarstarfsmann í bókhald. Helstu verkefni felast í skráningu, merkingu og bókun reikninga, afstemmingu lánadrottna og öðrum tilfallandi verkefnum.

Hæfniskröfur

- Viðurkenndur bókari eða menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af bókhaldi er skilyrði
- Þekking og reynsla af vinnu við Navision bókhaldskerfið kostur
- Kunnátta í öllum helstu tölvuforritum
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Helga Erla Albertsdóttir, deildarstjóri reikningshalds, helga.albertsdottir@isavia.is.

Starfsstöð: Keflavík

SUMARSTARF Í INNHEIMTU OG TEKJUSKRÁNINGU

Isavia óskar eftir að ráða sumarstarfsmann í innheimtu og tekjuskráningu. Helstu verkefni eru m.a. reikningagerð, bókanir, afstemmingar og gerð reikningsyfirlita. Auk innheimtu innlendra og erlendra krafna.

Hæfniskröfur

- Viðurkenndur bókari eða menntun sem nýtist í starfi kostur
- Reynsla af bókhaldi er skilyrði
- Þekking og reynsla af vinnu við Navision kostur
- Kunnátta í öllum helstu tölvuforritum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu jafnt sem riti

Nánari upplýsingar veitir Helga Erla Albertsdóttir, deildarstjóri reikningshalds, helga.albertsdottir@isavia.is.

Starfsstöð: Reykjavík



Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

UMSÓKNARFRESTUR:
24. FEBRÚAR

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA



ISAVIA

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífni og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

Sumarstörf

Umsóknarfrestur til:
25.02.2019

Reykjavíkurborg

Nánari upplýsingar:
reykjavik.is/sumarstorf

Su mar

Reykjavíkurborg óskar eftir starfsfólki í fjölbreytt afleysinga- og sumastörf. Störfín eru margvísleg og snerta daglegt líf borgarbúa með ýmsum hætti.



Leikskólaleiðbeinandi.

Kríasel ungbarnaleikskóli sem er einkarekinn óskar eftir að ráða vanan leikskólaleiðbeinanda í 100% starf sem getur hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á kríasel@simnet.is

Seltjarnarnesbær Laust starf

Grunnskóli Seltjarnarness

- Smíðakennsla, 80% staða.

Nánari upplýsingar um starfið og skil umsóknar má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til 28. febrúar næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélag.



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is



Barnaverndarstofa

Starf sérfræðings á meðferðar- og fóstursviði

Barnaverndarstofa auglýsir eftir sérfræðingi til starfa á meðferðar- og fóstursviði stofunnar. Um er að ræða fullt starf sem felur meðal annars í sér:

- Mat á upplýsingum barnaverndarnefnda og annarra fagaðila um umönnunar- og meðferðarþörf barna við umfjöllun umsókna um viðeigandi þjónustu.
- Leiðbeiningar og gæðaeftirlit með þjónustu við börn sem dvelja á fóstur- eða meðferðarheimilum og glíma við alvarlega hegðunar- og tilfinningaerfiðleika.
- Samskipti og ráðgjöf við barnaverndarnefndir, fósturför-eldra, meðferðaraðila á vegum Barnaverndarstofu og aðra fagaðila.

Menntun og reynsla:

- Krafa um meistaraþróf eða sambærilegt próf af heilbrigðis- eða félagsviði.
- Krafa um þekkingu á sviði frávika í hegðun og þroska barna og unglinga, matsaðferðum, greiningarhugtökum og –tækjum og fjölbreyttum aðferðum í meðferðarvinnu með börnum og foreldrum.
- Þekking og reynsla af barnaverndarstarfi og gagnreynndum aðferðum í þjónustu við börn og fjölskyldur er æskileg.

Persónulegir eiginleikar:

- Mikilvægt er að búa yfir hæfni til að vinna skipulega, markmiðatengt og lausnarmiðað.
- Lögð er áhersla á góða samstarfshæfni, sveigjanleika og jákvætt viðhorf til skjólstaðinga og samstarfsaðila.
- Krafa um góða íslenskukunnáttu í rituðu og töluðu máli.
- Krafa um góða enskukunnáttu og æskileg kunnáttu í einu Norðurlandamáli.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við úrvinnslu umsókna um störfín gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars n.k.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Rafvirki fyrir Sjómannadagsráð

Fasteignadeild auglýsir eftir starfsmanni til að taka þátt í viðhaldi við húseignir og búnað. Hjá deildinni starfa nú 7 iðnaðarmenn og 3 húsverðir, sem annast þjónustu við starfsemina á 4 stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Fasteignadeildin annast viðhald og þjónustu við 70 fm af húsnæði þar sem öldrunarþjónusta er veitt.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf eða meistaraþróf í rafvirkjun, (nám í rafeindavirkjun eða vélstjórn kemur einnig til greina)
- Sterk öryggisvitund og árvekni
- Lipurð í samskiptum
- Öguð vinnubrögð og gott skipulag
- Réttindi við brunaviðvörðunarkerfi æskilegt

Góður starfsandi er í hópnum og er vinnutíminn frá kl. 8-17 virka daga en hætt er kl. 16 á föstudögum. Ekki hika við að hafa samband, við tökum alltaf vel á móti þér. Fullum trúnaði heitið.

Sjómannadagsráð sinnir velferðarmálum sjómanna og er leiðandi aðili í öldrunarþjónustu á landinu. Í gegnum dótturfélag sín, Hrafnistu, Naustavör, Laugarásbíó og Happdrætti DAS, veitir félagið á annað þúsund landsmönnum í fimm sveitarfélögum daglega þjónustu.



Lind Einarsdóttir



Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða lind@fastradningar.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars nk.

SKAPANDI SAMFÉLAG Á FRÆÐASVIÐI LISTA

LISTAHÁSKÓLINN AUGLÝSIR EFTIR HÁSKÓLAKENNURUM

Háskólakennarar við Listaháskóla Íslands taka virkan þátt í uppbyggingu viðkomandi deildar undir stjórn deildarforseta og eru þátttakendur í því fræða- og fagsamfélagi sem skólinn byggir upp.

Hæfi umsækjanda verður metið í samræmi við reglur Listaháskóla Íslands um veitingu akademískra starfa, sjá nánar á lhi.is/log-og-reglur

- **Staða háskólakennara í arkitektúr**
Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.
 - **Staða háskólakennara í grafískri hönnun**
Starfshlutfall er 40% með möguleika á auknu hlutfalli.
 - **Staða háskólakennara í vöruhönnun**
Starfshlutfall er 50% með möguleika á auknu hlutfalli.
 - **Staða háskólakennara í listkennslu**
Starfshlutfall er 100%.
 - **Staða háskólakennara í skapandi tónlistarmiðlun**
Starfshlutfall er 60% með möguleika á auknu hlutfalli.
- Ítarlegri upplýsingar um störf, hæfiskröfur og umsóknargögn er að finna á lhi.is/laus-storf**

Ráðið er í störf frá 1. ágúst 2019.

Umsóknum skal skilað á netfangið starfsumsokn@lhi.is, eigi síðar en miðvikudaginn 3. mars 2019.

Upplýsingar um störf veitir deildarforseti viðkomandi deildar. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Starfsumhverfið er gefandi og kraftmikið samfélag nemenda á bakkalár- og meistarastigi sem stunda nám undir handleiðslu framúrskarandi listamanna og annarra sérfræðinga.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með viðurkenningu á fræðisviðinu listir. Skólinn starfar í fimm deildum, myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, tónlistardeild, sviðslistadeild og listkennsludeild. Starfsstöðvar skólans eru fjórar við Þverholt, Skipholt, Austurstræti og Laugarnesveg í Reykjavík.

Listaháskóli Íslands • Þverholti 11 • 105 Reykjavík • S. 552 4000 • lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

VERKEFNASTJÓRI – STOFNUN KVIKMYNDAEILDAR

Listaháskóli Íslands óskar eftir að ráða verkefnastjóra til tímabundinna starfa við undirbúning stofnunar kvikmyndadeildar.

Verkefnastjórinn heldur utan um starf stýrihóps, samskipti við hag- og fagaðila auk sérfræðinga Listaháskólans í samræmi við fyrirliggjandi verkferil um stofnun nýrrar háskóladeildar. Meðal verkefna er greining gagna og stefnumótun í samráði við stýrihóp auk skýrslugerðar. Um er að ræða 100% starf í 6–8 mánuði.

Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað rafrænt eigi síðar en 3. mars á netfangið starfsumsokn@lhi.is merkt: **Verkefnastjóri**. Frekari upplýsingar um starfið veitir Sóley Björt Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri, í tölvupósti soleybjort@lhi.is. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Listaháskólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Sjá nánar um starfsemi skólans á lhi.is

Listaháskóli Íslands • Þverholti 11 • 105 Reykjavík • S. 552 4000 • lhi.is

Menntun, reynsla, hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Greiningarhæfileikar
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Þekking á listum og kvikmyndagerð æskileg

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

SÍÐFERÐISGÁTTIN
Eflir vellíðan á vinnustað

www.sidferdisgattin.is



SÍÐFERÐISGÁTTIN

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlæggar hagskýrslur, hafa forystu um samþæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Hagstofa Íslands

Hagstofa Íslands óskar eftir því að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa.

Sérfræðingur í tekju- og skuldatölfræði

Ert þú sérfræðingur í tölfræði eða forritun og hefur áhuga á stórum gagnasöfnum? Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í tekju- og skuldatölfræði. Í starfinu felst tölfræðileg úrvinnsla, greining og hagskýrslugerð um tekju- og skuldatölfræði ásamt öðrum verkefnum á sviði félagsmálatölfræði. Verkefni eru spennandi og bæði er um að ræða reglubundnar útgáfur og nýsköpun í ótrúlega áhugaverðum málaflokki.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun til dæmis á sviði tölvu-, verk- eða tölfræði, framhaldsmenntun er kostur
- Mikil greiningarhæfni
- Reynsla af gagnagrunnvinnslu (t.d. SQL)
- Forritunarþekking
- Þekking og reynsla af tölfræðiforritum
- Þekking og reynsla af ferlavinnu og/eða gæðastarfi er mikill kostur
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu með stór gagnasett er kostur
- Reynsla af framsetningu tölulegra upplýsinga er kostur
- Þekking á tekjum, skuldum, skattaumhverfi og launum kostur
- Samskipta- og samstarfsfærni
- Frumkvæði, nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku er æskileg

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2019 og skulu umsóknir berast í pósti á: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is



Fræðslustjóri Erum við að leita að þér?

Alzheimersamtökin leita nú liðsmanns í stöðu Fræðslustjóra. Við leitum að einstaklingi sem brennur fyrir málefnum fólks með heilabilun og hefur reynslu af vinnu sem tengist þeim. Um er að ræða 80-100% stöðu.

Helstu verkefni:

- Skipulag og utnumhald fræðslu á vegum félagsins
- Ráðgjöf og stuðningur til skjólstæðinga og félagsmanna
- Ritstjórn heimasíðu og samfélagsmiðla
- Gerð fræðsluefnis
- Aðkoma og samvinna við skipulag og framkvæmd viðburða á vegum félagsins
- Önnur verkefni sem Fræðslustjóra kunna að vera falin

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- og/eða félagsmála
- Mikil þekking á heilabilunarsjúkdómum og málefnum þeim tengdum
- Reynsla af vinnu að öldrunarmálum/málefnum fólks með heilabilun
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og ánægja af að vinna með fólki
- Hæfni og reynsla af kennslu/kynningum.
- Góð tungumálakunnátta – enska og norðurlandamál
- Rit- og tæknileg færni

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf ekki síðar en 1. ágúst eða eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri s. 844 6500. Umsóknarbréf þar sem fram kemur hvers vegna sótt er um starfið ásamt ferilskrá berist Alzheimersamtökunum rafrænt á netfangið vilborg@alzheimersamtökunum.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2019.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og verður öllum svarað. Nánar um Alzheimersamtökin á heimasíðunni www.alzheimer.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LIÐSMAÐUR Á SKRIFSTOFU

Sinfóníuhljómsveit Íslands óskar eftir að ráða fulltrúa á skrifstofu í fullt starf.

HELSTU VERKEFNI:

- Almenn skrifstofustörf
- Aðstoð við skipulag hæfnisprófa
- Undirbúningur og skipulag funda
- Umsjón með flug- og hótélbókunum
- Upplýsingagjöf og afgreiðsla erinda
- Umsjón með kaffistofu og innkaupum
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR:

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Áhugi á klassískri tónlist kostur

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2019.

Umsókn, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur, mannaússtjóra (starf@sinfonia.is).

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS er ein stærsta menningastofnun landsins með um 100 manna starfslíð. Hljómsveitin hefur aðsetur í tónlistarhúsinu Hörpu og heldur um 100 tónleika á hverju starfsári, m.a. áskriftartónleika með heimsþekktum stjórnendum og einleikurum, fjölskyldutónleika og skólatónleika fyrir nemendur á öllum aldri.
www.sinfonia.is

Ritari bæjarstjóra

Laust er til umsóknar starf ritara bæjarstjóra. Ritari annast fjölbreytt verkefni fyrir bæjarstjóra og almenn skrifstofustörf. Starfið er á stjórnarsýsluviði bæjarins og felur í sér mikil samskipti við bæjarfulltrúa og stjórnendur.

Helstu verkefni:

- Almenn ritarastörf og símavarsla fyrir bæjarstjóra.
- Sjá um dagbók og fundarbókanir bæjarstjóra.
- Undirbúa fundi, annast fundarboð og taka á móti fundargestum.
- Skrá erindi og gögn í mála- og skjalavistunarkerfi.
- Rita fundargerðir á deildarstjóra- og sviðsstjórafundum.
- Annast síma- og netsamninga fyrir starfsfólk og bæjarfulltrúa.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, svo sem stúdentspróf eða skrifstofunám.
- Reynsla í opinberri stjórnarsýslu kostur.
- Góð samskipta- og samstarfshæfni.
- Góð þekking á ritvinnslu og skjalafrágangi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Harpa Hallsdóttir (harpahalls@kopavogur.is) sími 441 0000.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Kópavogs. Eingöngu er hægt að sækja um starfið á ráðningarvef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is.



Kópavogsbær

kopavogur.is

ALLTAF FRÍ Á SUNNUDÖGUM

Sumarstörf á skemmtilegum
vinnustað fyrir tvítuga og eldri



AFGREIÐSLA Í VÍNBÚÐUM

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt eftir
staðsetningu Vínbúðar.

STARFSFÓLK Á LAGER, DREIFINGARMÍÐSTÖÐ ÁTVR

Dreifingarmiðstöð ÁTVR sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu vara í Vínbúðir.
Við leitum að drífandi og jákvæðu starfsfólki á lager.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn lagerstörf
- Móttaka og tiltekt vöru
- Dagleg þrif

Hæfniskröfur

- Stundvísi og dugnaður
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Lyftarapróf er kostur

Um er að ræða fullt starf og vinnutími er
virka daga frá 7.30 - 16.30.
Mögulega unnið einhverja laugardaga.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Nánari upplýsingar veitir: Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKING – ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Lögð er áhersla á að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.



RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

ÞRIF 100% STARF.

LAUNÞEGI EÐA VERKTAKI.



ÞINGVANGUR EHF. ÓSKAR EFTIR KARL EÐA KONU Í 100% STARFVIÐ AÐ ÞRÍFA KAFFISTOFUR, SKRIFSTOFUR OG EIGNIR ÞINGVANGS. ÞARF AÐ HAFA REYNSLU AF ÞRIFUM OG HAFA EIGIN BÍL TIL UMRÁÐA. ÞARF AÐ GETA HAFIÐ STÖRF SEM FYRST

Upplýsingar veitir Kristján Sveinlaugsson í gegnum netfangið kristjan@thingvangur.is og í síma 6980088.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Þingvangur er byggingaverktaki. Hjá Þingvangi starfa um 100 manns auk fjölda undirverktaka og fyrirtækið er með öflugt starfsmannafélag.



DJÚFAVOGSHREPPUR

Skólastjóri Djúfavogsskóla

Staða skólastjóra Djúfavogsskóla er laus til umsóknar. Djúfavogsskóli er sameinaður grunn- og tónskóli. Nýr skólastjóri þarf að geta hafið störf eigi síðar en 1. ágúst nk. Djúfavogsskóli er heildstæður grunnskóli með ríflega 70 nemendum frá Djúpvaggi og aðliggjandi dreifbýli þaðan sem nemendum er ekið í skólabil. Í tónskólanum í veturnum eru um 35 nemendur. Skólinn er að taka fyrstu skrefin í innleiðingu á „Uppeldi til ábyrgðar“ auk þess sem skólinn, fyrstur skóla á Íslandi, er að innleiða hæglætisstefnuna Cittaslow inn í allt skólastarfið. Frekari upplýsingar má finna á: <https://djuvovogur.is/Thjonusta/menntun/Grunnskoli/> og <https://djuvovogur.is/Thjonusta/menntun/Tonskoli/>

Í Djúfavogshreppi eru u.þ.b. 475 íbúar. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið er að finna á heimasíðunni <https://www.djuvovogur.is>

Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af dugnaði og atorku samkvæmt gildandi fræðslustefnu, með virðingu, metnaði og gleði að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs í grunn- og tónskóla til framtíðar í samræmi við fræðslustefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla, aðalnámskrá tónlistarskóla og lög og reglugerðir um grunn- og tónlistarskóla. Hafa umsjón með daglegu starfi í lengdri viðveru sem er í boði fyrir 1.-3. bekk frá 13:10 – 16:00.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Leyfisbréf sem grunnskólakennari og farsæl kennslureynsla í grunnskóla.

Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða farsæl stjórnunarreynsla.

Færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð og vilji til að taka þátt í þróun skólastarfs.

Hæfni í samskiptum, jákvæðni og metnaður.

Reynsla í fjármálastjórnun kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samninganefndar sveitarfélaga (SNS) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ).

Næsti yfirmaður er sveitarstjóri.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl nk. Umsóknum skal skila á netfangið sveitarstjori@djuvovogur.is.

Með umsókn skal skila starfsferilskrá, nöfnum 2 umsagnaradila, stuttri kynningu á umsækjanda og greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir sýni sinni á skólamáli og faglegri reynslu og getu sem nýtist í starfi.

Umsækjandi þarf að veita leyfi til upplýsingaöflunar úr sakaskrá. Sveitarstjóri gefur fúslega frekari upplýsingar í síma 470-8700 og 843-9889

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Réttur áskilinn til að hætta við ráðningu og/ eða auglýsa stöðuna að nýju.



Vilt þú vinna við verndun vatns?


Hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar starf sérfræðings í vatnamálum á sviði náttúru, hafs og vatns. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á framsýni, samstarf og árangur í þverfaglegri teymisvinnu.

Helstu verkefni

- » Stjórnsýsla stjórnar vatnamála og fráveitumála sem fellur innan starfssviðs Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum og reglugerðum.
- » Verkefni sem falla innan verksviðs Umhverfisstofnunar og tengjast vörnum gegn mengun vatns og meðhöndlun seyru.
- » Verkefni sem tengjast stjórn vatnamála s.s. vinna við vöktunaráætlun, aðgerðaáætlun og vatnaáætlun fyrir Ísland.
- » Gerð leiðbeininga, umsagna, gagnaskil og samstarf við hagsmunaaðila.
- » Erlent og innlent samstarf sem tengist stjórn vatnamála og fráveitumálum

Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfsins er að finna á starfatorg.is og www.umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2019.



TRS óskar eftir nýjum liðsmönnum

Sérfræðingur í þjónustudeild UT

Helstu verkefni:

Rekstur og áframhaldandi uppbygging á hýsingarumhverfi. Rekstur á tölvukerfum viðskiptavina.

Hæfniskröfur:

Tæknilegar vottanir eða önnur menntun sem nýtist í starfi er kostur. Haldgöð reynsla af rekstri tölvukerfa er skilyrði. Göð þekking á Microsoft, Linux og tölvunetum er mikill kostur. Þekking á ISO27001 er kostur. Þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni. Sjálfstæði, frumkvæði og framúrskarandi þjónustulipurð. Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.

Umsjón með ráðningum hefur Gunnar Bragi Þorsteinsson. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að skila umsóknum til starf@trs.is.

Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2019.

Rafiðnaðarmaður

Helstu verkefni:

Almenn rafvirkjavinna. Viðhald á fjarskiptakerfum.

Hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun. Geta til að vinna sjálfstætt. Vinna vel undir álagi. Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót. Til greina kemur að ráða nema eða aðila með starfsreynslu sem nýtist í starfi.



TRS er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni ásamt því að reka öfluga tæknideild er sinnir fjarskiptum og raflögnum.

Fjöldi starfsmanna TRS hefur vaxið ár frá ári og nú eru 35 manns að störfum hjá fyrirtækinu.

Síðastliðin sjö ár hefur TRS hlotið útnefningu sem Framúrskarandi fyrirtæki hjá Credit Info, en einungis fyrirtæki sem skara framúr í sínum rekstri hljóta þann heiður, eða um 2% íslenskra fyrirtækja.

Hjá TRS er rekin metnaðarfull endurmenntunarstefna starfsfólks með það að leiðarljósi að starfsfólki líði vel í starfi og viðskiptavinir okkar fái framúrskarandi þjónustu. Hjá TRS er öflugt starfsmannafélag og góður liðsandi.

Sjá nánar um TRS <https://www.trs.is/um-trs>



Ein heild í þina þógu






Esjumel 9
s. 511 6960
www.eei.is

Verkefnastjóri og verkstjóri

Vegna aukinna verkefna framundan óska Esju-Einingar ehf. eftir að ráða drifandi og metnaðarfulla einstaklinga í starf verkefnastjóra og verkstjóra vegna byggingaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á thorgeir@logmat.is
Nánari upplýsingar veitir Þorgeir Þorgeirsson í síma 630-5050.



Spennandi störf hjá Fjarðabyggð

Á framkvæmdasviði Fjarðabyggðar eru laus til umsóknar eftirfarandi störf:

Verkefnastjóri á framkvæmdasviði

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra. Um er að ræða fullt starf. Meginviðfangsefni verkefnastjóra verða að auka flokkun, endurvinnslu og nýtingu sorps í sveitarfélaginu, auka eftirlit, samstarf og fræðslu við fyrirtæki og íbúa er snýr að málaflokknum, auk innleiðingar á gæðamálum veitna sveitarfélagsins (vatns-, fráveitu og hitaveitu).

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars.

Vélstjóri

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir laust til umsóknar starf vélstjóra fyrir Fjarðabyggðarhafnir, en um er að ræða fullt starf auk bakvakta. Starfið felur í sér vélstjórn dráttarbáts Fjarðabyggðarhafna, auk annarra starfa á framkvæmda- og þjónustu-miðstöð.

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars.

Hafnarvörður

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir laust til umsóknar starf Hafnarvarðar við Fjarðabyggðarhafnir. Um er að ræða fullt starf auk bakvakta. Starfið felur í sér hafnarvörslu, vigtnu og þjónustu við viðskiptavinum hafnarinnar, auk annarra starfa á þjónustu- og framkvæmdamiðstöð. Starfið er lifandi og kallar á mikil samskipti við fólk og fyrirtæki.

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars.

Skipstjóri

Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir laust til umsóknar starf skipstjóra hjá Fjarðabyggðarhöfnum. Um er að ræða fullt starf auk bakvakta. Starfið felur í sér skipstjórn á dráttarbát Fjarðabyggðarhafna og ábyrgð á að dráttarbáturinn sé ávallt tilbúinn til notkunar þegar þörf krefur auk afleysingar í hafn-sögu. Skipstjóri sinnir auk þess ýmsum störfum og verkefnum hjá framkvæmdamiðstöð.

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars.

Allar nánari upplýsingar um störfn eru á heimasíðu Fjarðabyggðar www.fjardabyggd.is. Umsóknnum skal skila í gegnum ráðningavef Fjarðabyggðar, starf.fjardabyggd.is.



Hefur þú ríka þjónustulund?

Tveir öflugir og jákvæðir einstaklingar hafa nú tækifæri til að ganga til liðs við góðan hóp þar sem laus eru störf í afgreiðslu ríkisskattstjóra á Laugavegi 166 og á eftirlitssviði.

Fulltrúi í afgreiðslu

Helstu verkefni og ábyrgð

Helstu verkefni eru móttaka viðskiptavina, upplýsingamiðlun, móttaka og afhending gagna ásamt því að veita leiðbeiningar til viðskiptavina varðandi skattamál, fyrirtækja- og ársreikningaskrá.

Hæfnikröfur

- Stúdentspróf.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Önnur tungumálakunnátta kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Fáguð framkoma, jákvæðni, þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Öguð og skipulögð vinnubrögð ásamt hæfileika til að vinna undir álagi.
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi.

Upplýsingar um starfið veitir Jónína Jónasdóttir, sviðsstjóri, í síma 442-1000 og í tölvupósti jonina.jonasdottir@rsk.is

Samtímaeftirlit

Helstu verkefni og ábyrgð

Starfið felst m.a. í skatteftirliti þar sem rekstraraðilar eru heimsóttir á starfsstöð og farið yfir staðgreiðsluskil, virðisaukaskattsskil og tekjuskráningu. Jafnframt felst í starfinu leiðbeininga- og forvarnarhlutverk. Samtímaeftirlit ríkisskattstjóra sinnir eftirliti á landsvísu en er stýrt frá Reykjavík.

Hæfnikröfur

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. á sviði viðskiptafræði eða lögfræði.
- Haldgóð þekking og reynsla af bókhaldi og reikningsskilum ásamt almennri þekkingu á skattframkvæmd.
- Góð íslensku- og enskukunnátta. Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.

Upplýsingar um starfið veitir Stefán Skjaldarson, sviðsstjóri, í síma 442-1000 og í tölvupósti stefan.skjaldarson@rsk.is

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á Starfatorgi. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun, fyrri störf, umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá ríkisskattstjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Starfshlutfall er 100%. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til og með 4. mars 2019** og verður öllum umsóknnum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.

Meginstefna RSK í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu á milli stofnunar og starfsmanna og starfsmanna sín í milli. Unnið er eftir gildunum: **Fagmennska - Jákvæðni - Samvinna.**



rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00



Nánari upplýsingar á rsk.is

Leikskólastjóri Holti



Reykjanesbær auglýsir starf leikskólastjóra við leikskólann Holt laust til umsóknar. Leikskólinn er fjögurra deilda með um 95 börn á aldrinum tveggja til sex ára. Í skólanum er starfað í anda Reggio Emilia. Einkunnarorð skólans eru gleði, virðing, sköpun og þekkingarleit.

Leikskólinn er staðsettur þar sem stutt er í skemmtileg og fjölbreytt útvistarsvæði. Útinámssvæði er í nálægð skólans sem byggt var upp af leikskólum og grunnskólanum í hverfinu. Holt hefur verið þátttakandi í Evrópusamstarfi Erasmus+ og eTwinning og hlotið viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni. Leikskólinn er einnig þátttakandi í verkefninu Heilsuefandi leikskóli á vegum Embættis landlæknis. Holt hefur fjórum sinnum fengið Grænfánann.

Leitað er að metnaðarfullum stjórnanda sem býr yfir leiðtogaþæfileikum og hefur góða þekkingu á leikskólastarfi.

Starfssvið

- Vera faglegur leiðtogi
- Bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi leikskólans, stjórna daglegri starfsemi hans og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu leikskólans
- Vinna náið með starfsfólki að því að skapa frjótt námsumhverfi þar sem vellíðan er tryggð og styrkleiki hvers og eins fá að njóta sín
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutillögum og starfsþróun
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Áhugi og reynsla í að leiða þróunarstarf
- Góðir samskiptahæfileikar og sveigjanleiki í starfsháttum
- Framsækni og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Bryndís Hilmarisdóttir leikskólafulltrúi Reykjanesbæjar ingibjorg.b.hilmarsdottir@reykjanesbaer.is

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsókninni fylgi starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda í leikskólum.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um rafrænt á ráðningarvef Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is undir Laus störf.

Rafvirki óskast



Straumleidir ehf rafverktaki óskar eftir að ráða rafvirkja, góð verkefnastaða.

Áhugasamir sendi umsókn sína ásamt ferilskrá á netfangið straumleidir@gmail.com eða í síma 8972811



Hjúkrunarheimilið Fellsendi,
371 Búðardal

Matreiðslumeistari

eða einstaklingur með reynslu í matreiðslu óskast til starfa á hjúkrunarheimilið Fellsenda. Um er að ræða fullt starf, unnar eru 10 tíma vaktir og önnur hvor helgi.

Í starfinu felst matreiðsla, framreiðsla á mat, bakstur, frágangur í eldhúsi og pantanir.

Nánari upplýsingar veitir,
Jóna Helga Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri
Sími: 863 5090 / 433 1805 jona@fellsendi.is



Starf fagstjóra búfjárræktar og þjónustusviðs

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir fagstjóra búfjárræktar og þjónustusviðs. Um er að ræða stjórnendastarfa á öðru af tveimur fagsviðum í nýju skipuriti.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Faglegur leiðtogi og fyrirliði teymis sem vinnur að búfjárrækt og þjónustu í landbúnaði.
- Fagsviðið hefur meðal annars umsjón með ræktunarstarfi búfjárfyrirgjafa, almennri þjónustu og ráðgjöf til landbúnaðar
- Fagstjóri ber lykilaþbyrgð á stýringu mannauðs og gætir þess að ráðgjafar á sviðinu nýtist sem best fyrir heildina
- Fagstjóri ber ábyrgð að innan teymisins séu verkefni og ráðgjöf markviss.

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði búvísinda, raungreina, eða náttúruvísinda æskileg
- Stjórnunarreynsla krafist
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafastarfssemi RML.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda og sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemi er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars.

Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson klk@rml.is og Gunnfríður Elin Hreiðarsdóttir geh@rml.is



Sumarstörf 2019

Coca-Cola á Íslandi auglýsir fjölbreytt sumarstörf

Á höfuðborgarsvæðinu

- Meiraprófsbilstjóri í Dreifingu
- Starfsmaður á Fjármálasviði
- Sólumaður í Söludeild
- Tæknimaður í Tækni- og viðhaldsteymi
- Starfsmaður í Gosframleiðslu
- Starfsmaður í Vöruhúsi
- Þjónusturáðgjafi í Viðskiptaþjónustu

Á Akureyri

- Starfsmaður í Bjórframleiðslu

Nánari upplýsingar eru að finna á www.ccep.is.

Áhugasamir geta sótt um störfina á ráðningarvef

Coca-Cola European Partners:

<http://careers.cokecce.com>.



JAFNLAUNAVOTTUN
2018 - 2021

Við bjóðum spennandi vinnustað í alþjóðlegu umhverfi þar sem við erum í sífelldum breytingum og umbótavinnu til að mæta þörfum viðskiptavina. Viðskiptavinahópur okkar er fjölbreyttur og við viljum að starfsmenn okkar endurspegli þá fjölbreytni.

Allir einstaklingar sem uppfylla hæfniskröfur auglýstra starfa eru hvattir til að sækja um störf, óháð kyni, trúarbrögðum, litahætti, uppruna, kynhneigð, aldri eða fötlun.

Coca-Cola á Íslandi hefur djúpar rætur í íslensku samfélagi og hefur verið starfrækt síðan 1942.

Fyrirtækið hefur síðan 29. júlí 2016 verið hluti af Coca-Cola European Partners sem er stærsta sjálfstæða átöppunarfyrirtæki í heimi miðað við veltu. Coca-Cola European Partners starfar í 13 mörkuðum í Evrópu með yfir 20.000 starfsmenn og býður neytendum og viðskiptavinum fjölbreytt úrval drykkja undir merkjum þekktustu vörumerkja í heimi.

Umsóknarfrestur er til og með
25. febrúar nk.



Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík
525 2500, Info@ccep.is



SÖLUMADUR Í VERSLUN

Óskum eftir að ráða kraftmikinn sölumann í verslun okkar að Stórhöfða 21, 110 Reykjavík.

Vinnutími er frá kl. 9-18 alla virka daga og annan hvern laugardag frá 10-14. Frá 01.06 - 01.09 er lokað á laugar-dögum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Helstu verkefni sölumanns eru:

- Sala og framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini verslunarinnar.
- Áfyllingar, framstillingar, móttaka á vörum, afgreiðsla af lager og á kassa.
- Önnur almenn verslunarstörf.

Kröfur um hæfni og reynslu:

- Reynsla af sölu- og verslunarstörfum.
- Framúrskarandi þjónustulund og áhugi á sölustörfum.
- Sjálfstæði, dugnaður og frumkvæði í starfi.
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi.
- Góð samskiptahæfni, kurteisi og jákvæðni.
- Lyftarapróf æskilegt

Nánari upplýsingar um starfið veitir. Þórður Magnússon flis@flis.is



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Starf félagsþjónustufulltrúa sveitarfélaga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsir stöðu sérfræðings í málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga á lögfræði- og velferðarsviði. Félagsþjónustufulltrúi starfar ásamt öðrum sérfræðingum sviðsins að margþættum og sýbreytilegum verkefnum, sem tengjast félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum velferðarmálum sem varða starfsemi sveitarfélaga.

Leitað er að hæfum einstaklingi, karli eða konu, sem hefur til að bera frumkvæði, sjálfstæði, hæfni í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og forystu- og skipulagshæfileika. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf í maí.

Eignaborg kynnir glæsilegar nýjar íbúðir í 10 hæða húsi á eftirsóttum stað miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, stutt frá Smáralind. Við hönnun íbúðanna var lögð áhersla á að skapa björt og opin alrými, með rúmgóðu eldhúsi og stofu. Íbúðum er skilað fullbúnum með gólfefnum og tækjum. Björt og rúmgóð herbergi með skápum. Vandaðar innréttingar.

Afhending við kaupsamning

Upplýsingar í síma 416 0500 og eignaborg@eignaborg.is
Óskar Bergsson, löggiltur fasteignasali 893 2499

EIGNABORG
FASTEIGNASALA



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957



GRENSÁSVEGUR 11



SÍMI 588 9090



KYNNING Á SKRIFSTOFU SUNNUDAGINN 17. FEBRÚAR MILLI KL. 13.00 – 14.00

Garðabær – Lyngás 1

NÝJAR ÍBÚÐIR Í SÖLU MIÐSVÆÐIS Í GARÐABÆ

Hagkvæmar 3ja og 4ra herbergja íbúðir með stæði í bílageymslu. Íbúðirnar eru miðsvæðis í Garðabæ, í göngufæri frá skólum, sundlaug, íþróttasvæði og verslun. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. **Afhending í maí nk.**

Þórarinn M. Friðgeirsson
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882



Hilmar Þór Hafsteinsson
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



Daði Hafþórsson
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



Ármann Þór Gunnarsson
löggiltur fasteignasali
armann@eignamidlun.is
Sími 847 7000



Verið velkomin í glæsilega sýningaríbúð

Sölusýning Breiðakur 2-4 Garðabæ

Nýjar þrjú og fjögurra herbergja íbúðir



Aðeins þrjár íbúðir eftir

Laugardaginn 16. febrúar frá 14:00-15:00
Sunnudaginn 17. febrúar frá 14:00-15:00

Glæsilegt nýtt, átta íbúða, fjölbýli með lyftu í vinsælu hverfi í Garðabæ. Íbúðir afhendast fullbúnar án gólfefna. Stærðir frá 122- 138 fm verð frá 66.9 millj. Öllum íbúðum fylgja rúmgóð stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar.



Guðbjörg Guðmundsdóttir
löggiltur fasteignasali
gudbjorg@manalind.is
sími: 899 5533



Thelma Víglundsdóttir,
löggiltur fasteignasali
thelma@manalind.is
sími: 860 4700

MÁNALIND
BYGGINGAFÉLAG

www.manalind.is Lág múla 6 sími 511 1020

Fjölhús fasteignasala kynnrir Sifjarbrunnur 2-8 í Úlfarsárdal



Ný mjög vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, gott útsýni. Gert ráð fyrir 4 svefnherbergjum.

Bókið skoðun

Húsin skilast fullbúnar að utan, einangruð og klædd með áklæðningu, tilbúnar til innréttinga að innan, skv. skilalýsingu byggingaraðila.

Afhending áætluð í maí 2019.

Húsin eru frá 197,7 fm.
Verð frá 72,9 millj.



Guðbjörg Guðmundsdóttir
löggiltur fasteignasali
gudbjorg@fjolhus.is
sími: 899 5533

FJÖLHÚS
FASTEIGNASALA

www.fjolhus.is Lág múla 6 sími 511 1020

Mánalind kynnrir Freyjubrunnur 31 í Úlfarsárdal



Aðeins þrjár íbúðir eftir

Fallegt sjö íbúða fjölbýli með lyftu á góðum stað í Úlfarsárdal.

Bókið skoðun

Fjögurra herbergja 126,1 fm endaíbúð á annarri hæð auk 22,2 fm bílskúrs alls 148 fm.
Verð 61.5 millj.

Tveggja herbergja íbúðir stærð frá 70 fm.
Verð frá 35.9 millj.

Fallegar HTH innréttingar, AEG tæki. Húsið er einangrað að utan og klætt með áklæðningu. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar



Thelma Víglundsdóttir,
löggiltur fasteignasali
thelma@manalind.is
sími: 860 4700

MÁNALIND
BYGGINGAFÉLAG

www.manalind.is Lág múla 6 sími 511 1020

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



FORD F350 KING RANCH 4X4 nýskr. 01/2008, ekinn 174 þ.km, dísel, sjálfskiptur, pallhús. TILBOÐ 2.850.000 kr. stgr. Raðnúmer 288297



RENAULT MASTER DCI125 L2H2 nýskr. 08/2015, ekinn 54 þ.km, dísel, 6 girar. TILBOÐ 2.390.000 kr. + vsk. Raðnúmer 257493



MAZDA CX-3 VISION AWD nýskr. 10/2016, ekinn 27 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000 kr. Raðnúmer 380315 á BILO.is



MAZDA CX-5 VISION AWD nýskr. 04/2017, ekinn 29 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.290.000 kr. Raðnúmer 380318 á BILO.is

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

LITLA bílasalan



MMC Outlander Intense PHEV árgærd 2018, ekinn 13 þ.KM, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.112746. Á staðnum.



MERCEDES-BENZ ML 250 Bluetec 4Matic. Árgærd 2015, ekinn 98 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.000. Rnr.112354. Á staðnum



GMC Sierra 3500hd. 35" árgærd 2015, ekinn 76 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.900.000. Verð með Vsk Rnr.112786. Á staðnum.



DODGE Ram 3500 Laramie Sport. 35" árgærd 2018, ekinn 27 þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur. Verð 6.950.000. Rnr.242861. Á staðnum.



MAZDA 2. árgærd 2017, ekinn 18 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.242696. Á staðnum

Litla bílasalan
Eirihöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
Opíð á laugardögum 12-15
www.litla.is

Bílar til sölu



YFIRTAKA Á LÁNI.
VW Up árgærd 2014 ekinn 80 þ.km Nýsk. 5/2014 Næsta skoðun 2020 4 manna 5.dyra beinskíptur. Uppl. í síma 8920018

Bílaþjónusta

VAKA
VIÐ VÖKUM MEÐ ÞÉR!
KRANABÍLAÞJÓNUSTA
ALLAN SÓLAHRINGINN



Sími: 567 6700 | vakahf.is

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málara

MÁLARAR.

Faglærðir Málara. Tökum að okkur alla almenna málingarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

JD FLUTNINGAR.

Flutningaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki: vöruf., búslóðafl., sorpufl. og fl. S: 7868899 jdflutningar.com

Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 11 trucka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

Góð þjónusta - vönduð vinna þauvanir menn - Ávallt gott verð.

Silfri ehf | S. 894 9690 | silfrieihf.is

Fasteignir



Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Hringbraut 2a, 220 Hafnarfjörður

Mjög góð eign miðsvæðis í bænum, fallett útsýni.



Opíð hús: Mánudag 17:30-18:00



Björt og fallett fjögurra herbergja endaíbúð á efstu hæð í þessu vinsæla fjölbýli misvæðis í Hafnarfirði, glæsilegt útsýni, tvennar svalir. Íbúðin er skráð 106,2 fm en þar af er mjög góð geymsla í snyrtilegri sameign 9,7 fm, vel staðsett sér stæði í upphitadri bílageymslu innangengt. Verð 56.9 millj.

Allar frekari upplýsingar veitir Hilmar Þór Bryde löggiltur fasteignasali í síma 892-9694, hilmar@hraunhamar.is

Hilmar Þór Bryde Löggiltur fasteignasali.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Rafvirkjun

RAFVIRKI

Vantar þig rafvirkja strax í smáverk Gvendarbás ehf. - S. 853 1199

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllum almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677



Óskum eftir tilboði í Linde V11 tinslutæki. Árgærd 2008 og notuð ca 2.000 tíma og í topp standi. Lyftigetna 1.100 kg og lyftihæð á göflum 3,2 metrar. Auka rafgeymir fylgir. Eignum 3 tæki. Uppl. í síma 665-8157.



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Fasteignir

Dalhús 54

Fallett einbýli á frábærum stað í Grafarvogi

Opíð hús sunnudaginn 17. febrúar 2019, kl. 13:00 – 13:30



OPÍÐ HÚS

Fallett, vandað 221 fm einbýlishús á einni hæð innst í lokaðri götu útvið óbyggt svæði með fallettu útsýni. Örstutt í alla skóla, sundlaugina, Íþróttir, barnaskíðalyftu og fl. 4 svefnherbergi, gott skipulag. Getur losnað fljótlega ef vill. Verð 94,8 millj.

Völuteigur 11 – Mos.

Atvinnu/íðnaðarhúsnæði á góðu verði.



Nýlegt (2006) Íðnaðarhúsnæði alls 665 fm með glæsilegri starfsmanna- og skrifstofu aðstöðu. Stórt afgirt útipláss og góð aðkoma á rólegum stað í Mosfellsbæ. Gólfhliti, 6 innkeyrsluhurðar, lofthæð í mæni ca 7 mtr. Skiptist í dag í stóran ca 275 fm sal og annan ca 135 fm. Síðan um 40 fm innkeyrslubíl (í leigu í dag) og um 215 fm skrifstofu, kaffi, fundar og starfsmanna aðstöðu. Verð 120 milljónir. Tilvalið fyrir hverskonar íðnaðar, byggingar eða þjónustu starfsemi eða t.d. fyrir Bifreiðar-ferðaþjónustu fyrirtæki.

VALHÖLL
STEIGNASAL

Síðumúla 27, S: 588-4477

SÍÐAN 1995



Ingólfur Gissurarson lg.fs. s: 896-5222 ingolfr@valholl.is 30 ára farsælt starf við fasteignasölu á Íslandi.

Einbýlishús í pnr.108 eða nágrenni óskast fyrir fjársterkan kaupanda allt að 150 millj. Bein kaup.

Upplýsingar veitir Herdis Valb. Hölludóttir lg.fs. s. 694-6166 | herdis@valholl.is

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003



FLORIM

FLÍÐAR FYRIR FAGURKERA

ÍTÖLSK GÆÐI OG GLÆSILEIKI

Birgisson®

Hugað að húðinni í kuldanum

Veturinn býður upp á fjölmörg skemmtileg tækifæri til útivistar en útivistin getur tekið sinn toll af húðinni sem getur orðið ansi þurr þegar sól, snjór og vindur sameinast um að herja á hana. Það er því mikilvægt að nota góð rakakrem og verja húðina hnjaski eins og mögulegt er.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



og bólgur og sýkingar taki sér bólfestu með tilheyrandi vanlíðan og óþægindum. Það borgar sig því að huga að húðinni þessa mánuðina.

Leitaðu til sérfræðings

Það er alveg þess virði að panta tíma hjá húðlækni eða snyrtifræðingi og fá ráðleggingar um hvað hentar þinni húð og þú gætir

Kuldaboli bitur kinnarnar þessa dagana og mörg upplifum við að húðin á okkur verður þurr og þreytt í slíku loftslagi, jafnvel þannig að hún flagni




Sólarvörn er ekki síður mikilvæg á veturna þegar sólarljósið verður sterkt og vindur bitur kinnar. NORDICPHOTOS/GETTY



Feitt rakakrem getur komið í veg fyrir óþægindi í húð af völdum kulda og sterks sólarljóss og þannig bætt geðið og létt lundina.

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir

Eftir

Evonia er hlaðin bæti-efnum sem næra hárið og gera það gróskumeira. Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is

jafnvel komist að því að dýru kremin sem þú hefur smurt á þig árum saman virka kannski bara ekkert betur fyrir þig en ódýrasta rakakremið úr apótekinu.

Hugaðu að rakanum

Þó að rakakremið þitt sé fullkomið á vorin og sumrin þá er það ekkert endilega nógu sterkt fyrir veturinn. Á veturna þarf húðin á okkur krem með olíugrunni frekar en vatnsgrunni þar sem olían verndar húðina og heldur rakanum inni. En það er ekki sama hvaða olía er notuð á andlitid og mælt er með að kremin innihaldi avókadólíu, rósaolíu eða mündluolíu.

Notaðu sólarvörn

Nei, sólarvörn er ekki bara fyrir sumarnot. Vetrarsólin og endurvarp hennar af snjónum getur líka valdið húðinni skaða. Berið sólarvörn á andlit og hendur um hálfri klukkustund áður en farið er út.

Hugaðu að höndunum

Húðin á höndunum er þynnri en á flestum öðrum stöðum líkamans og þar eru færri fitukirtlar. Þess vegna er erfiðara að halda höndunum rökum, einkum í köldu og þurru veðri. Passaðu því að vera með hlýja vettlinga, helst úr ull, og ef þeir stinga þig er ráð að vera í þunnum bómullarhónskum undir.

Drekktu vatn fyrir heilsuna, ekki húðina

Sumir halda að það leysi öll húðvandamál að drekka bara nógu mikið vatn en samkvæmt húðlæknum er raunin önnur. Vatn er auðvitað gott fyrir allan líkamann og líffærin en það sést ekki á venjulegri húð hvort húðhafi drekki meira en tvo lítra af vatni á dag eða ekki. Sumir vatnsþamb-



Húðin á höndunum er þynnri en annars staðar á líkamanum og með fáum fitukirtlum svo það er mikilvægt að spara ekki handábúrdinn á veturna.



Þurr og viðkvæm vetrarhúð getur þróast yfir í húðertingar og jafnvel sjúkdóma eins og exem.

arar eru með mjög þurra húð þrátt fyrir það.

Skautaðu fram hjá skrubbum

Ef andlitshúðin er óþægilega þurr eru andlitsskrúbbar ekki endilega bestu vinir þínir. Á þessum árstíma borgar sig að halda sig við milda andlitshreinsa frekar en ágenga andlitsskrúbba og nota rakamaska frekar en leirmaska sem draga raka úr andlitinu. Og svo bara að minnka almennt við sig hreinsivörur.

Volgt en ekki heitt bað

Það er auðvitað freistandi að leggjast í sjóðheitt bað eftir langan dag úti í kuldanum en snarpheit búið brjóta niður varnir húðarinnar og geta leitt til þess að raki minnkar. Volgt bað með haframjöli eða matarsóða getur dregið úr kláða ef húðin er orðin skráfandi þurr og svo borgar sig líka að margbera á sig rakakrem. Svo er bara að njóta vetrarins og huga að húðinni en þetta tvennt getur vel farið saman ef farið er að ofangreindum ráðum.

Fyrsta Skiptið



„Fyndnasta sýningin á höfuðborgarsvæðinu“

SH Morgunblaðið

Sýningar komnar í febrúar

Næstu sýningar

Föstudagur 22. febrúar

Fimmtudagur 28. febrúar **Uppselt**

Föstudagur 1. mars

Miðvikudagur 6. mars **Uppselt**

Fimmtudagur 7. mars



Fáðu sjálfa þig tilbaka!

Ný TT námskeið
hefst **25. febrúar**

Aðhaldsnámskeiðin TT1 (25+) og TT3 (16-25)

Krefjandi og markviss líkamspjálfun,
sex vikna matarlisti, ummálmæling, vigtun
og vikulegir póstar.

Njóttu þess að finna hvernig fötin passa þér betur,
öll hreyfing verður léttari og skemmtilegri
og þú verður líkari sjálfri þér!

Margir tímar í boði

Kynntu þér málið á jsb.is
Innritun í síma 581 3730

LÍKAMSRÆKT

JSB

leggur línurnar

Markviss, fjölbreytileg og öflug líkamsrækt
fyrir konur og stelpur sem tekur mið af þörfum ólíkra hópa
og skilar auknum krafti, hreysti og vellíðan.

Velkomin í okkar hóp!
Innritun og nánari upplýsingar
í síma 581 3730 og á jsb.is

Verum örugg á snjöllum heimilum

Huga þarf að öryggisþáttum þegar keypt eru snjalltæki og snjalllausnir á heimili. Best er að velja tæki frá framleiðendum sem þekktir eru fyrir stöðuga hugbúnaðarþróun og uppfærslur.

Sólveig
Gísladóttir

solveig@frettabladid.is



Snjallvæðing heimila var yfirskrift fyrirlestrar sem Ingvar Guðjónsson, forstöðumaður rekstrarlausna hjá Opnum kerfum, hélt á UTmessunni nýverið. Þar ræddi hann þær lausnir sem eru í boði og að hverju þurfi að huga varðandi val á tækjum og öryggi.

„Helstu snjalllausnir sem fólk er farið að nýta sér á heimilum eru ljósa- og hitastýringar, hitastýringar og svo öryggiskerfi líkt og þau sem Öryggismiðstöðin og Securitas eru að bjóða. Þetta er snjallheimilislausn sem er hægt að sniða að þörfum hvers og eins með glugga-, hreyfi- og vatnsskynjurum,“ segir Ingvar en snilldin snýst um að fólk getur stjórnað eða séð stöðuna á þessum skynjurum á miðlægum stað.

Snjöll heimilistæki

Einnig eru komin á markað alls kyns snjöll heimilistæki á borð við kaffivélar, eldavélar og ísskápá sem eru þó ekki enn orðin mjög algeng á Íslandi. „Ísskáparnir eru nýlega komnir á markað erlendis en þeir geta skynjað neysluhegðun fólks. Ef mjólkinn er að klárast pantar ísskápurinn sjálfkrafa nýja af Amazon,“ lýsir Ingvar. Einnig sé hægt að koma sér upp ýmsum hnöppum um allt hús. „Til dæmis væri hægt að setja upp hnapp í þvottahúsinu sem hægt væri að ýta á ef þvottaefnið klárast. Þá færi það strax á rafræna innkaupalistann.“ Þó þetta hljómi eins og framtíðardraumar segir Ingvar okkur sigla hraðbyri í þessa átt. „Nú þegar eru verslanir farnar að bjóða upp á að fólk kaupir matvöru á netinu.“

Fylgst með heimilinu úr fjarlægð

Ingvar er sjálfur mjög tækni-sinnaður og búinn að snjallvæða heimili sitt nokkuð. „Ég hef sett upp gluggaskynjara til að sjá hvort þeir eru opnir eða lokaðir, ljósa- og hitastýringu, ljósmæla, lýsingu undir stiga og ég get séð hvort fjölskyldu-medlimir eru heima eða ekki.“

Spurður að því hvernig hann fari að því að vita hver er heima segir hann tvær leiðir færar í því. „Annars vegar getur snjalltækjalausnin



Ingvar Guðjónsson hélt fyrirlestur um snjöll heimili á UTmessunni.

talað við þráðlausa netið og séð hvort simi viðkomandi fjölskyldu-medlims er tengdur við netið eða ekki. Hins vegar getur fólk verið með kubb til dæmis á lykklappunni sinni og þá er skynjari sem skynjar hvort kubburinn er innan íbúðar.“ Kosturinn við þetta fyrirkomulag segir Ingvar vera að hægt

sé til dæmis að setja kerfi á vörð ef enginn er skilgreindur heima.

Ingvar er einnig með snjallmyndavél á heimilinu. „Við vildum fylgjast með hundinum okkar og hvernig honum liði þegar við værum ekki heima. Við þóssum hins vegar að stilla hana þannig að það slokknar á henni

„Tæki geta verið misörugg og allt of oft sem upp koma öryggisgallar.“

þegar einhver annar er heima en hundurinn.

Öryggið er mikilvægt

Ingvar leggur áherslu á að fólk hugi að öryggi í kringum snjalltæki og snjalltækjalausnir. „Tæki geta verið misörugg og allt of oft sem upp koma öryggisgallar. Því þarf að lesa sér vel til um tækin sem á að kaupa, ekki bara um gæði heldur líka öryggi þeirra.“ Best sé að velja tæki frá framleiðendum sem séu öryggisþenkjandi og þekktir fyrir stöðuga þróun á hugbúnaði þannig að tæki fái reglulega uppfærslu. Ingvar vill ekki nefna neina sérstaka framleiðendur en bendir þó á að fólk eigi að forðast ódýr kínversk merki frá framleiðendum sem horfi meira á að selja mikið og hratt en á öryggisatriði.

En hvað getur gerst?

„Hættan liggur í að óprúttinn aðili getur tengst tækinu frá netinu og í gegnum það reynt að tengjast öðrum tölvum og tækjum heimilisins og komist þannig að persónulegum upplýsingum.“

Hann bendir á að fólk ætti aldrei að opna frá netinu beint inn á snjallheimilistæki. „Ef þetta eru tæki á þráðlausa netinu ættu þau að vera á sér einangruðu neti sem nær ekki að tala við önnur tæki á heimilinu.“

Ingvar segir góða reglu að slökkva alltaf á myndavélum þegar fólk er heima hjá sér eða líma yfir myndavélar á tölvum þegar ekki er verið að nota þær.

„Ef einhver kemst inn á myndavélina getur hann verið að taka upp hljóð og mynd,“ segir Ingvar og telur hættuna mjög raunverulega.

„Staðreyndin er sú að það er mikið af óværum á netinu og í langfæstum tilfellum gerir fólk sér grein fyrir að það sé komið með óæskilegan hugbúnað í tölvuna eða jafnvel simann sinn.“

MARKADURINN.IS

NÝR VEFUR FYRIR VIÐSKIPTALÍFIÐ

30 DAGA PRUFUÁSKRIFT + TVÆR SKÝRSLUR AÐ EIGIN VALI!

% 8.535

% 9.4256

% 1.3323

% 8.5



Snæbjörn Ingólfsson, úr hinn fallegu sveit Mývatnssveit, við skrifborðið.



Risaeðlurnar slógu í gegn svo um munaði. Þó var ekki laust við að sumir væru hræddir þegar félagarnir birtust.



Á UTmessunni, sem haldin var í Hörpu um síðustu helgi, var hægt að fá sér hressandi drykk á vélmennabarnum.

Hvern hefur ekki dreymt um að reyna að skora hjá Björgvini Páli. Hann birtist í dulargervi vélmenna-markvarðar á UTmessunni.

Gervigreind og sjálfvirkni aukast

Það stýttist í mannláusar búðir, 5G ryður sér til rúms, fjarstýringar fara að hverfa og fleira og fleira. Það er margt spennandi í kristalskúlu tækninnar.

Það er stundum talað um að á næstu 20-30 árum munum við sjá meiri tækniþróun en síðastliðin 200-300 ár. Það er dálítið sturluð þæling ef við veltum fyrir okkur hvað hefur gerst á þessum tveimur til þremur öldum," segir Snæbjörn Ingi Ingólfsson, viðskiptastjóri hjá Origo.

Hann segir að það sé margt spennandi fram undan á árinu í upplýsingatækni. „Við munum sjá aukna sjálfvirknivæðingu, m.a. sjálfsafgreiðslu á öllum sviðum. Það stýttist í mannláusar búðir og það er raunar bara spurning hvenær það gerist. Greiðslur með símunu munu aukast og það stýttist í að greiðslukort og peningar hætti að vera til. Það verður aukin sjálfvirkni á bak við tjöldin.“

Hann segir að á þessu ári verði líklega komnir 20 milljarðar tengdra tækja. „5G fer líklega á flug á árinu og fyrirtæki munu hefja uppsetningu á 5G-kerfum, kannski ekki á Íslandi en klárlega erlendis. Við sjáum þá líklega fyrstu 5G símana koma á markað. Það býður upp á meiri hraða og hágæða sjónvarpsefni sem verður streymt hnökralaust. 5G verður undirstaðan í þessum breytingum sem eru fram undan. Tæknin á bak við 5G er allt önnur en í forverunum og býður upp á meiri stjórn á kerfinu. 5G mun verða lykilkjör í sjálfkeyrandi bílum og alls konar snjallvæðingu innviða sem fyrirtækin eru að skoða í dag.“

Snæbjörn segir að gervigreind verði enn meiri á þessu ári og öflugri. „Notkun gervigreindarlausna kemur víða inn. Það verður fullt komið af lausnum sem við munum ekki gera okkur grein fyrir að gervigreind sé á bak við. Eins munu tækin læra meira sjálf. Við erum farin að sjá fyrirtæki leysa flókna hluti á skömum

tíma sem tók kannski fleiri manns nokkra daga að gera áður. Það er ekki endilega gervigreind á bak við það, heldur svokölluð vélmenna-væðing (e. robotics). Þá er búið að skilgreina ferla á bak við tjöldin þar sem verkin leysast eitt af öðru í réttri röð án beinnar aðkomu notenda.“

Örgjörvaframleiðsla er í vanda og það hægir á þróun að sögn Snæbjörns. Hann segir að aðrir þættir muni spila inn í þessa þróun eins og aukinn orkusparnaður, minni hitamyndun og lengri líftími, þar sem ekki endilega sé hægt að auka reiknigetu endalaust eins og staðan er.

Snæbjörn segist telja að þetta verði vandræðaár samfélagsmiðla. „Almenningur fær nóg af virðingarleysi gagnvart persónuvernd notenda hjá Facebook og fleiri samfélagsmiðlum. Þá mun Snapchat eiga í miklum vandræðum þar sem samkeppnin er að koma með betri lausnir og er með stærri notendahópa. Persónuvernd er sífellt að aukast og það er verið að varast persónuverndarbrot, það munu koma fleiri reglugerðir sem stuðla að aukinni persónuvernd, sem verður þrándur í götu samfélagsmiðla,“ segir hann.

„Það stýttist í að tækjaframleiðendur hætti að framleiða og selja fjarstýringar með tækjum, raddstýringar eru að ryðja sér til rúms og eru þar Amazon Alexa og Google Home fremst. Þá getum við í stað þess að nota fjarstýringar talað við tækin á einfaldan hátt. Árið gæti hreinlega verið upphaf endaloka snjallsímanna. Sala þeirra er að dragast saman, þar sem þróun tæknibúnaðar er að hægjast/breytast verður krafan um að skipta um síma minni við hverja nýja útgáfu,“ segir Snæbjörn.

Viltu auka afköst og skilvirkni?

Þú getur sparað tíma, fyrirhöfn og peninga með einföldum og sveigjanlegum lausnum



Edico Handheld handtölvulausn flýtir skráningu gagna þannig að upplýsingar um

birgðir, innkaup og sölu eru skráðar í rauntíma í handtölvu sem starfsfólk er með á sér jafnvel á öllum stundum. Þannig er hægt að afgangi viðskipti með mun hraðari og einfaldari máta auk þess að hafa betri yfirsýn yfir vörurnar þínar.

„Edico er með nútímalega og lausnamiðaða nálgun og það skiptir miklu máli í dag til að einfalda rekstur fyrirtækja og sækja fram með nýrri og hagkvæmari tækni.“

Sigurður Long, forstöðumaður UT deildar Olís

Dæmi um notkun á Edico Handheld handtölvulausn:

- > Vörutalning
- > Vörumóttaka
- > Birgðaskráning
- > Söluutiltekt
- > Söluafhending
- > Uppfletting á vörum

Meðal fyrirtækja sem nota Edico Handheld:



EDICO



„Heimasmíðuð vefumsjónarkerfi eru á undanhaldi og við teljum okkur geta veitt viðskiptavinum meiri möguleika með því að fylgja þróun á kerfum sem þjónusta heimsmarkað.“ segir Halldór Áskell, deildarstjóri vef- og hugbúnaðarsviðs Premis.

MYND/STEFÁN

Ný hugsun í vefumsjón

Heimasmíðuð vefumsjónarkerfi eru á undanhaldi víða um heim og því veitir Premis viðskiptavinum sínum meiri möguleika með vefumsjónarkerfum á borð við WordPress og Contentful.


Halldór Áskell er yfir vef- og hugbúnaðarsviði Premis, en fyrirtækið fagnar 20 ára afmæli í ár. Þrátt fyrir tveggja áratuga sögu er félagið tiltölulega óþekkt utan upplýsingatæknisamfélagsins og við spyrjum Halldór um félagið. „Félagið hefur vaxið nokkuð hratt síðustu ár og hefur m.a. sameinast minni félögum eins og Omnis, Opex, Skapalóni, Davíð og Goliát og nú um áramótin fyrirtækinu Tölvustöð. Þessar sameiningar hafa flestar tengst kjarnasviði félagsins á sviði reksturs og hýsingar tölvukerfa en hafa einnig styrkt félagið á sviði vef- og hugbúnaðargerðar. Eftir allar þessar sameiningar starfa nú um 60 manns hjá Premis.“

Mótuð stefna í vefumjón

Eftir að sameiningu þessara félaga lauk blasti við sú áskorun að fyrirtækið var með nokkur ólík vefumsjónarkerfi sem keyrðu vefi viðskiptavina þeirra segir Halldór. „Flest voru þau heimasmíðuð, enda lenska síðustu ára að vefstofur á Íslandi hafa búið til eigin kerfi. Þessi kerfi eru svo dýr í viðhaldi og þróun og eiga því á hættu að dragast aftur úr í framþróun og viðhaldi. Við sáum líka að það væri ákveðin þróun hjá viðskiptavinum okkar að fara frá þessum umhverfi.“

Contentful og WordPress

Því var ákveðið fyrst að draga úr vægi heimasmíðuðu kerfanna og sækja fram með WordPress og hann bætir við: „WordPress er stærsta vefumsjónarkerfið í þessum bransa og er frjálst hugbúnaður (e. open source) en við sáum að þarna vildu margir viðskiptavinir okkar staðsetja sig. Þá hentar lausnin bæði sem stöðluð lausn og í sérhönnuð verkefni. Á sama tíma eru auðvitað annmarkar á svona opnu og ókeypis kerfi. Það hentar ekki endilega stærri viðskiptavinum sem vilja meira öryggi og aðra útgáfustjórnun. Því fjárfestum við í þekkingu í þýsku kerfi sem heitir Contentful og er



Vefur Alvogen fékk nýlega tilnefningu sem vefur ársins hjá stórum fyrirtækjum, í tengslum við hin árlegu Íslensku vefverðlaunin.

leiðandi í nýrri tegund vefstjórnunarkerfa, einbeitir sér að því að sjá um texta og myndir eingöngu en samþættist síðan auðveldlega við aðrar þjónustur sem sinna þá öðrum sérhæfðum verkefnum á vefnum. Þannig getum við púslað saman klæðskerasniðinni lausn fyrir hvern og einn viðskiptavin.“

Ólíkir þarfir – ólíkar lausnir

Premis hefur t.d. unnið með

Alvogen við að setja vefi þeirra yfir í Contentful en þarfir alþjóðlegs fyrirtækis af þeirra stærðargráðu rímuðu vel við þær lausnir sem Premis gat dregið að borðinu með Contentful. Vefur Alvogen fékk einmitt tilnefningu til vefs ársins hjá stórum fyrirtækjum í tengslum við Íslensku vefverðlaunin sem verða afhent 22. febrúar. „Á sama tíma höfum við unnið spennandi verkefni í Word Press, en nýleg

Innri vefir og námskeiðskerfi

Premis hefur í gegnum árin þróað vef- og hugbúnaðarlausnir sem hjálpa mörgum af fremstu fyrirtækjum landsins í sinni vinnu segir Halldór Áskell, deildarstjóri vef- og hugbúnaðarsviðs Premis. „Dæmi um þessar lausnir eru Corrian og Amon lausnirnar hjá okkur. Corrian varð til í kringum þörfina fyrir eitt samskiptatorg eða svokallaðan innri vef fyrirtækja. Þar inni er m.a. viðburðaskráning fyrirtækisins, símaskrá, samskipti, ferlaskráning og margs konar gagnlegar upplýsingar aðgengilegar starfsmönnum á þægilegum vef sem er aðgangsstýrður.“

Amon er lausn frá Premis sem einblínir á kennslu- og námskeiðskerfi á vegum fyrirtækis segir Halldór. „Þannig er Amon nýtt til þess að tryggja ákveðna

þekkingu og eftirlit með þeirri þekkingu innanhúss hjá fyrirtækjum. Hvert sem það snýst um réttindi starfsmanna, öryggisreglur, reglur um persónuvernd eða aðra almenna þekkingu sem við verðum að mæla og treysta að sé til staðar.“

Þá hefur grunnur þessara kerfa og margra annarra nýst hjá Premis til þess að þróa lausnir í fleiri áttir bætir Halldór við. „Við erum með bókunarkerfi, verkþókhaldskerfi, skýrslutól og samþættingu fjölda kerfa sem svo auðvelda viðskiptavinum okkar að sinna starfi sínu. Þessar lausnir okkar eru í notkun hjá fyrirtækjum á borð við Airport Associates, Háskólanum í Reykjavík, Húsasmiðjunni, Kópavogsbæ, Reykjavíkurborg, Öryggismiðstöðinni og svo mætti lengi telja.“

dæmi þar eru fréttamiðillinn Mannlíf, barnafataverslunin Fífa og íþróttafélagið Breiðablik svo eitthvað sé nefnt.“

Framsækin hugsun

Hann segir Premis í raun vera að fylgja áherslum viðskiptavina og þeirri þróun sem hefur átt sér stað um allan heim. „Heimasmíðuð vefumsjónarkerfi eru á undanhaldi og við teljum okkur geta veitt viðskiptavinum meiri möguleika með því að fylgja þróun á kerfum sem þjónusta heimsmarkað. Þá eru vefir í auknum mæli að nýta sér samþættingu mismunandi kerfa, svo sem vefverslanir við bókhaldskerfi, upplýsingar á vefjum eða bakendum við rekstrarkerfi eða jafnvel skráningarform frá vefjum yfir í umsýslukerfi viðskiptavina. Því er mikilvægt að byggja á sterkum lausnum og teymi sem þekkir þær vel. Með þessum sameiningum og þessum kerfum setjum við okkur í fremsta flokk.“

Við hjá Alvogen vorum á þeim tímamótum að umfang vefmála félagsins var orðið meira en við töldum þáverandi lausnir ráða við til lengri tíma. Við rekum fjölmarga stóra vefi og heildarfjöldi vöru- og landavefja er um 60 talsins um allan heim á ólíkum tungumálum. Útgáfustjórnun og framþróun veflausna var því lyklatríði þegar við fórum að skoða hentugar lausnir til framtíðar. Niðurstaðan var að nota alþjóðlega vefumsjónarkerfið Contentful, sem er lausn þróuð í Þýskalandi. Contentful býður upp á ýmsar áhugaverðar lausnir þar sem góð hönnun fær að njóta sín og hentar mjög vel alþjóðlegu fyrirtæki eins og okkar.

Halldór Kristmannsson framkvæmdastjóri markaðs- og kynningarmála

Rafrænt og pappírslaust bókhaldskerfi

Yfir fimm hundruð ný fyrirtæki taka upp dk viðskiptahugbúnað á hverju ári. Mörg þeirra taka einnig upp dk Pos og dk iPos afgreiðslulausnir. Fullþróað bókhalds- og sölukerfi í skýinu með yfir 20 ára reynslu.

dk hugbúnaður

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Fyrirtækið er orðið 20 ára og starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Í dag vinna 63 starfsmenn hjá fyrirtækinu. „Rúmlega 6.500 fyrirtæki nýta sér viðskiptahugbúnað dk og þeim fjölga um 500 á hverju ári,“ segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.

dk iPOS afgreiðslukerfið

Hafsteinn segir markaðinn hafa

kallað eftir snjalltækjalausnum og dk hugbúnaður hafi svarað því kalli. „dk POS pantanaappið fyrir iPad hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir fjórum árum. Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS,“ segir Hafsteinn. „Öll sala í dk iPOS afgreiðslukerfinu og samskipti við dk bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu, dk vistun. Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Hafsteinn.

Sjálfsafgreiðsla með dk

Sjálfsafgreiðsla er farin að ryðja sér til rúms á Íslandi. „Við erum með sérsníðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu og af þeim fyrirtækjum sem hafa tekið upp sjálfsafgreiðslukerfi dk POS, til að stytta biðaðir á háannatíma má nefna Læknavaktina Austurveri og einnig má nefna Perluna með dk iPOS sjálfsafgreiðslukerfið sem keyrir á iPad og er beintengt bókunarvél Bókunar. dk mun

dk Pos er útbreiddasta afgreiðslukerfið á Íslandi.

dk hugbúnaður er með sérsníðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu. Fleiri lausnir eru væntanlegar á árinu.

koma með fleiri sérhæfðar sjálfsafgreiðslulausnir á árinu svo það eru svo sannarlega spennandi tímar fram undan,“ segir Dagbjartur.

Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.



hugbúnaður

dk iPos snjalltækjalausn Fyrir verslun og þjónustu Einfalt, fljótlegt og beintengt dk fjárhagsbókhaldi

dk iPos er hluti af snjalltækjalínu dk hugbúnaðar. Líttu við og fáðu kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018



Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Heimilið

Barnavörur



VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Skólar & Námskeið

Námskeið



ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA

Levels/Stig: 1 - 6: Start/Byrja: 4/3, 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7, 19/8, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-4 students/nem. Morn/Aftern/ Evening. Morgna/ Síðd/ Kvöld. Price/Verð: 48.000,- Most labour unions pay back part of course price/ Flest stéttafélög endurgreiða hluta námsgjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

BAKARÍ

Starfskraftur óskast til aðstoðar/ afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti annan hvern laugardag frá kl. 7-10 ekki, yngra en 20 ára. Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is

Tilkynningar

Fundir

Aðalfundur bilaklúbbsins Crusar verður haldinn á Höfðabakka 9, sunnudaginn 23. febrúar kl. 10:00

GEFÐU
HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

Til sölu



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



Skemmtanir

CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnámán

HEPPNI Í KEPPNI

Gullnámán

GLÆSILEGUR SPILASALUR

Komdu og freistaðu gæfunnar!

LIFANDI TÓNLIST

TRAP

Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ 16-19

FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVÖGUR

WWW.CATALINA.IS

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Bilvogur eh/f

Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran í vetraraksturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Friða www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Tímamantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

TILBOÐ
199kr.



TILBOÐ
99kr.
KLAKI 2.L



BANANAR
99kr./kg



HVÍTLAUKSBRAUÐ
99kr.



TILBOÐ
199kr.
1.5 kg poki



MIKIÐ
ÚRVAL AF LÍFRÆNU
GRÆNMETI OG ÁVÖXTUM



HÁGÆÐA VÖRUR FRÁ **REMA 1000** BLEYJUR ALLAR STÆRÐIR



799 kr.
ALLAR STÆRÐIR



PAPPÍR FRÁ
499 kr.

99 kr.
BLAUT ÞURKKUR
MEÐ SVANSMERKINU





BORG

FASTEIGNASALA

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 • 108 REYKJAVÍK • FASTBORG.IS

BÓKIÐ SKOÐUN



MEISTARAVELLIR 5 107 REYKJAVÍK		
ÍBÚÐ	5 HERBERGI	129.6m ²
VERÐ:	BJÖRT OG RÚMGÓÐ MIKIÐ ENDURNÝJUÐ	
64.9M	ÚLFAR ÞÓR DAVÍÐSSON 897 9030	

BÓKIÐ SKOÐUN



AUSTURBERG 28 111 REYKJAVÍK		
STÚDÍÓ ÍBÚÐ	43.2m ²	VEL SKIPULÖGÐ OG
VERÐ:	UPPGERÐ ÍBÚÐ MEÐ 35m ² SÉR AFNOTAREIT	
26.7M	ÚLFAR ÞÓR DAVÍÐSSON 897 9030	

Opið hús Sun. 17. feb. frá kl. 14:00-14:30



HELLULAND 13 108 REYKJAVÍK		
RADHÚS	3 HERBERGI	168.3m ²
VERÐ:	ENDARAÐHÚS MEÐ BÍLSKÚR	
85.9M	ÚLFAR 897 9030 og BÖRKUR 832 8844	

Opið hús Mán. 18. feb. frá kl. 17:15-17:45



ÖLDUGATA 34 101 REYKJAVÍK		
SÉRHÆÐ	3 HERBERGI	128.7m ²
VERÐ:	SÉRHÆÐ OG BÍLSKÚR	
64.9M	ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447	

BÓKIÐ SKOÐUN



SKIPHOLT 11-13 105 REYKJAVÍK		
ÍBÚÐIR	78-81m ²	ÞRJÁR ÍBÚÐIR
VERÐ:	Á ÞRÍÐJU HÆÐ Í LYFTUHÚSI	
42.9M	ÚLFAR 897 9030 og GUNNLAUGUR 844 6447	

Opið hús Sun. 17. feb. frá kl. 15:00-15:30



HRAUNBÆR 120 120 REYKJAVÍK		
ÍBÚÐ	5 HERBERGI	117m ²
VERÐ:	MIKIÐ ENDURNÝJUÐ - SÉR ÞVOTTAHÚS	
41.9M	GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR 621 2020	

Opið hús Sun. 17. feb. frá kl. 16:00-16:30



SKÓGARSEL 41-43 109 REYKJAVÍK		
ÍBÚÐ	3 HERBERGI	143m ²
VERÐ:	FALLEG ÍBÚÐ MEÐ STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU	
73.9M	ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882	

Opið hús Mið. 20. feb. frá kl. 17:00-17:30



KRÓKARMÝRI 80B 210 GARÐABÆR		
ÍBÚÐ	101.6m ²	ÍBÚÐ Á EFRI HÆÐ
VERÐ:	Í LITLU FJÖLBÝLI, FRÁBÆR STAÐSETNING	
51M	GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON 844 6447	



LÆKJARMELUR 12 116 REYKJAVÍK		
ATVINNUHÚS	219m ²	LAUST STRAX
VERÐ	AUKINN LOFTHÆÐ AÐ HLUTA	
42.9M	BRANDUR GUNNARSSON 897 1401	

Opið hús Sun. 17. feb. frá kl. 15:00-15:30



VATNSSTÍGUR 20-22 101 REYKJAVÍK			
ÍBÚÐ	129m ²	3 HERB.	5. HÆÐ
VERÐ:	STÆÐI Í BÍLASKÝLI - FALLEGT ÚTSÝNI		
129M	ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882		



GRÓFIN 1 101 REYKJAVÍK		
ATVINNUHÚS	599m ²	LAUST FLJÓTLEGA
VERÐ	FRÁBÆR STAÐSETNING	
TILBOÐ	BRANDUR GUNNARSSON 897 1401	



Eyborg Guðmundsdóttir á vinnustofu sinni. Hún lést langt um aldur fram árið 1977, þá 52 ára gömul. Listunnendur geta nú notið verka hennar á yfirlitssýningu sem stendur yfir á Kjarvalsstöðum. MYND/

Leyndarmál íslenskrar listasögu

Fyrsta yfirlitssýningin á verkum **Eyborgar Guðmundsdóttur** stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Hér á landi fékk þessi merka listakona ekki þá athygli sem hún átti skilið.

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Á Kjarvalsstöðum stendur yfir yfirlitssýning á verkum Eyborgar Guðmundsdóttur en hún lést langt um aldur fram árið 1977, 52 ára gömul. Sýningarstjórar eru Heba Helgadóttir og Ingibjörg Sigurjónsdóttir.

„Þetta er fyrsta yfirlitssýningin sem er haldin á verkum Eyborgar og löngu tímabær,“ segir Ingibjörg. „Eyborg hélt sjálf þrjár einkasýningar á Íslandi og tók þátt í

fjölda samsýninga bæði hérlandis og erlendis. Sýningin hefur yfirskriftina Hringur, ferhyrningur og lína sem er tilvísun í ummæli frá Eyborgu þar sem hún segir að hún sé alltaf að vinna með þessi grunnform í umhverfi okkar. Mér finnst svo heillandi þessi aðdáunarverða þolinmæði sem hún hefur fyrir fletinum og hvernig hún er alltaf að takast á við hann.“

Þær segja verkin á sýningunni koma úr ýmsum áttum. „Það var víða leitað fanga,“ segir Ingibjörg. „Verkeftir Eyborgu eru í opinberum söfnum og mjög mörg eru í einkaeign.“ Heba bætir við: „Það er langt síðan Eyborg féll frá, og það kom okkur á óvart og var mjög ánægju-



Ingibjörg og Heba hafa veg og vanda af sýningunni, sem er fyrsta yfirlitssýning á verkum Eyborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

legt hversu vel gekk að safna saman verkum eftir hana.“

Föst og hrein form

Ekki kunna allir skil á þessari stórmerku listakonu og Heba rifjar upp feril hennar. „Eyborg fæddist árið 1924 og ólst upp á Eyri við Ingólfsfjörð. Hún greindist ung með berkla og var á Vífilsstöðum. Hún flutti til Reykjavíkur árið 1944 og bjó á Vesturgötu 53. Valtýr Pétursson bjó undir sama þaki og þarna voru listamenn tíðir gestir. Í tólf ár vann hún skrifstofustörf hjá Búnaðarfélagi Íslands en árið 1957 fór

hún markvisst að sinna list sinni. Hún kynntist Dieter Roth sem leiðbeindi henni og hann ásamt Þorvaldi Skúlasyni hvatti hana til að halda til Parísar í nám. Hún hófnám í fremur hefðbundnum skóla, Académie Julian, 35 ára þroskuð kona með frekar mótaðar hugmyndir. Kennslan í skólanum átti ekki við hana og hún leitaði að leiðbeinanda og valdi sér franskan geómetriskan þungavigtarmann, Georges Folmer. Folmer stofnaði árið 1961 hópinn Groupe Mesure um framþróun geómetríunnar og Eyborg var ein af fimmtán stofnmeðlimum. Helsta

markmið þeirra var að tengja listina út í samfélagið og í arkitektúr og að listin væri ekki lokuð inni á söfnum. Eyborg átti fimm ára tímabil með þessum hópi og sýndi víða. Þarna var hún að hreinsa svolítið til í geómetríunni, litirnir urðu einfaldari og hún fór alveg niður í kjarnann í geómetríunni. Á Parísarárunum naut hún einnig reglulega leiðsagnar frumkvöðuls op-listarinnar, Victors Vasarely, sem hafði áhrif á áhuga hennar á beinum áhrifum markvissra forma og reglu á sjónskynjun og upplifun.

Hún var alltaf á ákveðinni leið

kaffi og árið 1975 hélt hún stóra sýningu í Norræna húsinu þar sem má sjá ákveðna þróun í verkunum. Hún lék sér þar með tvívíddarflötinn og flest verkanna voru op-verk ásamt lágmyndum.“

Mikilvægur hlekkur

„Ef hún hefði lifað lengur finnst mér sennilegt að hún hefði reynt að vinna að fleiri verkefnum tengdum arkitektúr. Hún hafði mikinn áhuga á samtvinnun myndlistar og arkitektúrs,“ segir Ingibjörg. „Hún gerði stígaðandið á kvennaheimilið á Hallveigarstöðum, óskaplega fallegt smíðajárnshandið. Við vitum til að hún gerði tillögu að framhliðinni að



Allir listunnendur ættu að bregða sér á Kjarvalsstaði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYBORG

Tollhúsinu, sem þeir sem sáu segja að hafi verið alveg stórkostleg hugmynd, en við höfum ekki fundið hana. Framlag hennar til grafískrar hönnunar er líka eftirtektarvert en hún hannaði bókarkápur og forsiður á tímarit, auk þess að hanna sín eigin boðskort og sýningarskrár fyrir sýningar sínar.“

Um stöðu Eyborgar í íslenskrri myndlist segir Heba: „Eyborg var lengi vel eitt best geymda leyndarmál íslenskrar listasögu. Hún er ákaflega mikilvægur hlekkur milli formrænnar abstraktlistar og SÚM. Með þessari yfirlitssýningu á verkum hennar er verið að sýna týndan hlekk í listasögu okkar.“

LISTASAFN REYKJAVÍKUR



HÖFUNDAREINKENNI

HENNA ERU FÖST OG

HREIN FORM ÞAR SEM

SJÓNÆN ÁHRIF REGLU-

BUNDINNA FORMA ERU

MEGINÁHERSLAN.

og tók ýmislegt frá umhverfinu. Þessi sýning endurspeglar ansi vel hvernig hún þróaði list sína í ýmsar áttir innan geómetrísku og op-lista rammans. Höfundareinkenni hennar eru föst og hrein form þar sem sjónræn áhrif reglubundinna forma eru megináherslan.“

Var jaðarsett

Eyborg flutti heim til Íslands árið 1965. „Þá var geómetrían gengin yfir hér á landi þannig að Eyborg var jaðarsett og fékk ekki þá athygli sem hún átti skilið. Hún hefur samt alltaf átt sér ákveðna aðdáendur,“ segir Heba. „Fyrsta einkasýning hennar var árið 1965 í Bogasal Þjóðminjasafnsins og verkin einkenndust af sterkum einföldum formum. Árið eftir hélt hún sýningu á Mokka

FATÓ

MERKJAVÖRUMARKAÐUR
VÖNDUÐ MERKI FYRIR MINNA

50-60%
AFSLÁTTUR

... finnur þú gullmola
í þinni stærð?

BY MALENE BIRGER
SAMSØE & SAMSØE
HELMUT LANG
NOTES DU NORD
CALVIN KLEIN
J. LINDBERG
KENZO
DIESEL
WHYRED
SIX ÁMES
JUST FEMALE
SUIT
2ND DAY
BILLI BI
SHOE THE BEAR
BRAKO
TATUAGGI
ROSEMUNDE
5 UNITS
PART TWO
NÜ
INWEAR
PIESZAK
& FLEIRI FLOTT MERKI

FATNAÐUR & SKÓR
FYRIR DÖMUR & HERRA

FATÓ

Skólavörðustíg 6

OPNUNARTÍMI

LAU 10 - 18

SUN 13 - 18

VÖRUR ÚR EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM :

GK
REYKJAVÍK

KARAKTER
KONUR

gs skór

Kultúr

galleri sautján

Kultúr
menn

COMPANYS



Svansvottað
harðparket

PERGO®

100% vatnshelt með Aquaseal.
Pressuð fösun og náttúrulegri
áferð en áður.

Egill
Arnason™

GERÐU KRÖFUR



Gáfu þjóðinni gamalt plötusafn

Landsbókasafni Íslands hefur áskotast yfir 7.000 hljómplötur og eðal hljómflutningstæki úr safni Sigurjóns Samúelssonar (1936-2017), Hrafnabjörgum við Ísafjardardjúp.

Faðir okkar, Sigurjón Samúelsson, safnaði plötum af ástríðu og átti líka úrval af hljómflutningstækjum, allt frá gömlum grammófónum til nútímagræja. Hann lést 4. ágúst 2017 en það var ásetningur hans að gefa þessa dýrgrip, það hafði komið fram í spjalli við hann oftar en einu sinni. Hann vildi að almenningur hefði aðgang að plötunum, gæti fengið að heyrta tónlistina og njóta hennar. Svo ég afhenti Landsbókasafninu nýlega safnið, fyrir hönd okkar bræðra, mín og Kristins Þorbergs," segir Samúel Sigurjónsson vélstjóri.

Samúel er uppallinn að Hrafnabjörgum við Ísafjardardjúp, þar sem faðir hans var bóndi. Spurður hvort þeir feðgar hafi oft verið að hlusta á tónlist saman



Samúel við safn föður síns sem er til sýnis í Þjóðarbókhöðunni. Elsti grammófóninn er frá árinu 1914, svokallaður His Master's Voice trektarfónn, sem enn getur spilað. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI



Safnarinn, Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum.

svarar hann: „Það kom fyrir, en við höfðum ekki sama smekk, við pabbi, ég var meira í nýrri tónlist. Elstu íslensku plöturnar hans pabba voru frá 1910, það eru 78 snúninga plötur úr hertu gúmmii. Pabbi átti nánast allar íslenskar 78 snúninga plötur sem voru gefnar út. Fyrstu plötuna fékk hann að gjöf, tíu ára gamall, hún var með Gunnari Óskarssyni, barnastjórnu þess tíma. Svo fór hann

á sjóinn sem unglingur og safnaði sér fyrir plötum, átti alltaf nýjustu plöturnar og var stundum plötusnúður á böllum við Ísafjardardjúp þar sem hann spilaði bæði nýju og gömlu dansana. Það voru plötubúðir á Ísafirði en hann verslaði víða, pantaði til dæmis plötur frá Noregi og Svíþjóð. Harmóníkusnillingarnir Gellin og Borgström voru í miklu uppáhaldi hjá honum.“



Elstu íslensku plöturnar hans pabba voru frá 1910, það eru 78 snúninga plötur úr hertu gúmmii.

Alls voru hljómplötur Sigurjóns orðnar yfir 7.000, flestar heillegar og vel með farnar. Í safninu er fyrsta íslenska harmóníkuplatan sem kom út, upptaka Jóhanns Jósefssonar frá Ormarslóni, 78 snúninga plata, hljóðrituð 1933. Sigurjón átti allar söngplötur með Einari Kristjanssyni og Stefáni Íslandi, allt upprunalegar upptökur og báðar plötur Einars Hjaltsted sem teknar voru upp í New York 1916. Áhugamálinu fylgdi svo söfnun á fróðleik um tónlist og tónlistarfólk.

Samúel list vel á þær aðstæður sem safnið er nú í á Landsbókasafninu. „Þar er tónlistin tekin upp á stafrænt form og hægt að hlýða á allt efni sem ekki er varið höfundarétti. Sá réttur varir, að mig minnir, í 70 ár og þannig bætist alltaf við það sem dettur út úr honum og hægt er að hlusta á.“

Sýning hefur verið opnuð í Þjóðarbókhöðunni á þessum nýja feng, hljómplötunum og græjunum frá Hrafnabjörgum.

gun@frettabladid.is

Meirgætt, hlýja og virðing *Víð andlát ástvinar*

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441 Þjónusta allan sólarhringinn

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elsku dóttur minnar, systur, mágkonu og frænku,

Helgu Stefánsdóttur
Keilusiðu 7b, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar og Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaklega góða umönnun.

Stefán Sigurðsson
Lilja, Sóldis og fjölskyldur.

+

Elsku eiginkona mín, móðir og amma,

Svala Hannesdóttir – Kastenholz
53902 Bad Münstereifel – Iversheim
Euskirchener Str.131,
lést 11. febrúar.

Hún verður jarðsöngin þann 8. marz kl. 14.00 í St. Laurentius kirkju í Iversheim. Þeim sem vilja minnast hennar bendum við á líknarfélag.

Með kærleik og þakklæti,
Ulrich, Susanne og Freyja

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Axelsdóttir
Hlíðarvegi 11, Kópavogi,
lést þann 14. febrúar sl. á hjartadeild Landspítalans. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

Stefanía Hjartardóttir
Sveinn Hjörtur Hjartarson
Þórunn I. Hjartardóttir
Axel Garðar Hjartarson
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurveig H. Sigurðardóttir
Sveinn B. Larsson
Rannveig Sigurðardóttir

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Ástþór Ragnarsson
iðnhönnuður,
verður jarðsönginn frá Nesirkirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 13.

Elisabet Harpa Steinarsdóttir
Ágústa M. Þorsteinsdóttir

Gauti Þór Ástþórsson
Erna Ástþórsdóttir
Þorsteinn Jón Gautason
Ásta Þórunn Ólafsdóttir

Ástþór Ragnar Gautason

+

Ástkæri eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Kristinsson
forstjóri,
lést mánudaginn 11. febrúar á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

Greta Bachmann
Ágústa Kristin Magnúsdóttir
Kristinn Guðjónsson
Ragnheiður S., Guðrún, Magnús, Ragnheiður K., Kristinn,
Einar og barnabarnabörn.

Sigurður Jónsson

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður tengdafaður, afa og langafa,

Gunnars Ingibergssonar
innanhússarkitekts,
Unnarbraut 24.

Eva Jóhannsdóttir
Ólöf R. Sigurðardóttir
Benedikt Á. Guðmundsson
Sæmundur Sævarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Bjarki Gunnarsson
Helena Gunnarsdóttir
Marta Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Víð erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Jón G. Bjarnason, umsjón útfara

Útfararþjónusta
& lögræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Saga og lög fléttast saman

Tónverk Olivier Manoury við eina af sögum Tove Jansson um múminálfana verður frumflutt á Íslandi í Langholtskirkju á morgun af barnakór, hljómsveit og sögumanni.

Hver vill hugga Krilið nefnist litríkt verk í tónum og tali sem flutt verður í Langholtskirkju á morgun, sunnudag, klukkan 14 og tekur um 40 mínútur. Þar er um að ræða glænýja þýðingu Þórarins Eldjárns á einni af sögum Tove Jansson um múminálfana, sem hann gerði fyrir þetta tilefni við tónverk eftir Olivier Manoury. Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, sér um skipulag og umsjón.

„Þetta verkefni barst þannig upp í hendur mínar að hann Olivier Manoury, maðurinn hennar Eddu Erlendsdóttur píanóleikara, einn af tengdasonum Íslands, eins og stundum er sagt um erlenda listamenn sem tengjast Íslandi á þennan hátt, samdi þetta verk og það var frumflutt af barnakór úti í París fyrir tveimur árum. Hann langaði að koma því á framfæri hér, því það er fallett og Íslendingar þekkja líka vel múminálfasögurnar og Olivier bað Þórarin Eldjárn að þýða textann, því þessi bók var ekki til á íslensku.“

Margrét segir tónlistina vera í fjölbreyttum stíl, klassíska, djassskotna og suðurameríska. Flytjendur eru um átta tíu börn úr barnakórnum Þjóðkirkjunnar, og fjögurra manna hljómsveit sem skipuð er þeim Olivier Manoury sem leikur á suðurameríska dragspilbandoneon, Eddu Erlendsdóttir á píanó, Birgi Bragasyni á kontrabassa og Péttri Grét-



Egill Ólafsson og barnakór á æfingu í Langholtskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Margrét Bóasdóttir.

arssyni, slagverksleikara. Guðmundur Óli Gunnarsson stjórnar flutningnum.

Verkið byggist upp þannig að Olivier bjó til átta lög um efni bókarinnar, Egill Ólafsson les söguna, svo kemur fyrsti söngurinn og þannig fléttast sagan og lögín saman, að sögn Margrétar. „Verkið

fjallar um strák sem er lítill og óframfærinn og eignast enga vini af því hann þorir ekki að gefa neitt af sér. Gengur einn og hræddur þangað til hann gefur aðeins færi á sér. Þóðskapurinn er sá að maður verður að þora að opna sig fyrir öðrum til að ná að eignast vini,“ lýsir hún og heldur áfram: „Múminálfasögurnar lifa auðvitað líka mikið af myndskreytingunum í bókunum og við vörpum myndum þessarar bókar á skjávarpa eftir því sem sögunni vindur fram. Þetta er svona heildarlistaverk, með söng, hljóðfæraleik, sögu og myndlist.“
gun@frettabladid.is



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Steinunn Helga Sigurðardóttir

sem lést á Dalbæ, Dalvík, þann 11. febrúar verður jarðsungi frá Dalvíkirkirkju 22. febrúar kl. 13.30.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Dalbæjar.

Elin Rósa Ragnarsdóttir, Guðrún Siglaugsdóttir og fjölskyldur.



Faðir minn,

Július Kristinn Magnússon

Bylgjubýggð 67, Ólafsfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Siglufirði, laugardaginn 9. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn

21. febrúar kl. 15. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands í Fjallabýggð og Sjúkrahússins á Akureyri fyrir hlýhug og góða umönnun.

Vera Júlíusdóttir og fjölskylda.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Páll Sigurgeirsson

Fróðengi 3, Reykjavík, frá Hlíð A-Eyjafjöllum,

lést í faðmi fjölskyldunnar

föstudaginn 15. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Landsbjörg njóta þess.

Þórhildur Margrét Guðmundsdóttir

Guðjón Þór Pálsson

Sigurgeir Pálsson

Anna Dóra Pálsdóttir

Dolores Mary Foley

Sus Kirk Holbech

Hrafn Sveinbjarnarson

börn og barnabörn.



Móðir okkar og tengdamóðir,

Guðrjúður Bjargey Helgadóttir

frá Austurhlíð í Blöndudal,

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks 11. febrúar. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 23. febrúar kl. 13.00.

Helgi Sæmundsson

Ásdís Sæmundsdóttir

Sigrjúður G. Friðriksdóttir

Brynjólfur Friðriksson

Kristín Friðriksdóttir

Ólína Þóra Friðriksdóttir

Bjarney Guðrún Þórarinsdóttir

Gunnar Karl Guðjónsson

Guðmundur Guðmundsson

Jóhanna Helga Halldórsdóttir

Eiríkur Jónsson



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma, systir og mágkona,

Guðrún Egilsdóttir,

áður til heimilis á Grenimel 49,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund að morgni þriðjudagsins 5. febrúar. Útförin fer fram frá

Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 18. febrúar klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

Kristín Ágústa Björnsdóttir

Estiva Birna Björnsdóttir

Sigurður Egilsson

Viðar F. Welding

Baldur Þ. Harðarson

Guðbjörg Valdímarsdóttir

ömmu- og langömmubörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Puríður Þorsteinsdóttir

Úthlíð 12,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi sunnudaginn 10. febrúar.

Útförin fer fram frá Háteigs Kirkju mánudaginn 18. febrúar kl. 13.00.

Laufey Barðadóttir

Margrét Barðadóttir

Þorsteinn Barðason

Ævar Guðmundsson

Guðrún Þ. Björnsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Antonsdóttir

hjúkrunarfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans föstud. 8. feb. Jarðsett var í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkuð en þeim, sem vilja minnast hennar, er bent á Félag nyrnasjúkra og Minningarsjóð líknardeilda og heimahlýningar Landspítalans. Þökkum starfsfólki líknardeilda og vinkonum Sigríðar alla þá virðingu, vinsemd og kærleika sem hún og við nutum.

Guðfinna Harðardóttir

Hrafnkell Harðarson

Eygló Huld Jónsdóttir

Líney, Hildur, Jón Egill, Sigríður Erna,

Hafþór Arnar og Sóley



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Prúður Gunnarsdóttir

Skaröshlíð 11f, Akureyri,

er látn.

Útför hennar mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum öllum sem sýndu mömmu kærleika og virðingu.

Einar Jónsson

Gunnar Kr. Jónsson

Sigríður Ósk Jónasdóttir

Anna Jóna Þróðardóttir

Gauja Jónasdóttir

Sigríður Ingólfssdóttir

Davíð Björnsson

og ömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnheiður Jónína Valdímarsdóttir

Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Nesvöllum, þriðjudaginn 12. febrúar.

Útför hennar fer fram frá Keflavíkirkirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.00. Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

Valdímarsdóttir

Þorgeir Þorgeirsson

Margrét S. Karlsdóttir

Hulda K. Jóhannsdóttir

Ólöf Karlsdóttir

ömmu- og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Málfriður Finnsdóttir

hjúkrunarfræðingur

frá Hvílt í Öfundarfirði,

síðast til heimilis að Efstaleiti 14, Reykjavík,

lést á Hrafnistu miðvikudaginn 13. febrúar.

Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á ABC barnahjálp.

Guðm. Stefán Mariasson

Áslaug Mariasdóttir

Bryndís H. Mariasdóttir

Árni Mariasson

Hildur Mariasdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Jónsdóttir

Skúli Lýðsson

Kristján Einarsson

Guðrún Oddsdóttir

Þórður Oddsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Júlíus Jósefsson

plötu- og ketilsmiður,

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, þann 10. febrúar síðastliðinn.

Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 20. febrúar klukkan 13.

Böðvar Magnússon

Jósef Rúnar Magnússon

Ragnar Sveinn Magnússon

Marjorie Nivin Mota Arce

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Friðný Guðrún Pétursdóttir

sagnfræðingur

frá Oddstöðum á Melrakkasléttu,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir

fimmtudaginn 7. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 19. febrúar klukkan 13.

Pétur Guðjónsson

Snævar Guðjónsson

Árni Pétur Guðjónsson

Kjartan Guðjónsson

Herdís M. Guðjónsdóttir

Trausti Jarl Valdimarsson

og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Puríður Þorsteinsdóttir

Úthlíð 12,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi sunnudaginn 10. febrúar.

Útförin fer fram frá Háteigs Kirkju mánudaginn 18. febrúar kl. 13.00.

Laufey Barðadóttir

Margrét Barðadóttir


Þorsteinn Barðason

Ævar Guðmundsson

Guðrún Þ. Björnsdóttir


barnabörn og barnabarnabörn.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




Lausnarorð síðustu viku var

UPPLÝSINGARÖLD



LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist ólaunuð hjálparhella Íslendinga í útlöndum. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „16. feb“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Að vetrarlagi** eftir **Isabel Allende** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Árni Stefánsson**, **550 Sauðárkróki**

Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 1 Það eru engir kjánar sem lesa við svona lampa (9)
- 7 Þetta þurfum við að gera fyrir sumarið (7)
- 11 Nú þýtur þú þangað í fri (6)
- 12 Í ferð ferfætlinga má alltaf búast við skripalátum (9)
- 13 Gaf minn besta klár þegar ég komst niður í Lambaskarð (7)
- 14 Nýjasti lottómillinn vill kaupa S-Súdan og A-Tímor (6)
- 15 Bindindið í bælinu er best fyrir e-n sem býr á staðnum (9)
- 16 Held að niskur synji nafnlausum (7)
- 17 Hentug stjórn fyrir leiði (6)
- 18 Sjálf(ur) geturðu verið dóni,

- ég er að leita að fugli! (9)
- 19 Líðum ótta í útlimum (7)
- 21 Útlimaýlda mun reyta hrærða (7)
- 24 Dauft áfengisbragð gefur ornum merki um rugl (10)
- 29 Taldi svona blóm best fyrir sjóara (6)
- 32 Um þessar öskjur vil ég segja: Raða öðruvísi! (8)
- 33 Fann ég fuglinn steinrunnin (8)
- 34 Lyftir andrúmsloftinu á hærra plan (6)
- 35 Hlupu í kapp við klukku liðinna tíma (6)
- 37 Herskarar rithöfunda gæla við garminn (8)
- 38 Geri lítilsverð leiði að engu (9)
- 40 Tel óþægindin koma

- Manna í uppnám (5)
- 41 Þessi litli ormur kann því illa að vera skammaður (8)
- 44 Feyskin tók til fótanna (5)
- 47 Hrasa og dett við aflimun (9)
- 48 Á hestanestinu skuluð þér þekkja þá (8)
- 49 Við smygjum helst bleyðum (5)
- 50 Aðstoð fyrir viðurkennda starfsemi og duglega menn (7)
- 51 Það er hreyfing á Öldu og útgáfunni (6)
- 52 Dugir sá græni þótt ringlaður sé? (5)
- 53 Uppgötvaði rjóðar snótir innan um nónblomin (10)

LÓÐRÉTT

- 1 Jörturdýr fær sér í svanginn (9)
- 2 Sáum kjána í rauðum, bláum og hvítum fötum (9)
- 3 Leitfur í augum lifði stutt (9)
- 4 Set Nonna í rafmagnað samband við nafna hans og andstæðu (9)
- 5 Er hamur af máfum efnid í þessum fornu skræðum? (10)
- 6 Brugðum lykkju um ljóðin sem við þýddum (8)
- 7 Þessi sjóræningi er víst alltaf í boltanum (8)
- 8 En er refsing hin rétta lausn? Ójá! (7)
- 9 Brún hrín á þeim sem drepnar eru með dálkum (9)
- 10 Það hitnar undir flúrunum

- yfir þeim sem hitnar í (7)
- 20 Þessi gamli sauður er óður af elli (7)
- 22 Það sem sagt er og rætt í meðalári (13)
- 23 Semjum söngvasveig; ræktum rósateig (6)
- 25 Fórum í svo marga bíltúra að við ofkeyrðum okkur (7)
- 26 Hvernig rímar gruggvangi við úldinn fuglinn í 33 lárétt? (7)
- 27 Þegar hingað koma 49, 50 manns, þá er allt á fullu (5)
- 28 Sú drukknar og daðurgjarna vökvar minn hug (12)
- 30 Seinka högg- og kvikmyndum, sjáum hvernig það spílask (7)
- 31 Fljótaskrift við kvæðagerð

- framkallar mikinn sársauka (7)
- 36 Slær alveg nýjan tón við lagagerð (9)
- 39 Stakur stakkur fyrir staka (8)
- 41 Þetta er ekki beint flokkur, en þið fagnið þó (6)
- 42 Af guðsmönnum á framfæri hins opinbera (6)
- 43 Veð út í eðju og drullu fyrir allan peninginn (6)
- 44 Sendi silakeppinn með axlabandið í öfugsnúinn salinn (6)
- 45 Bið hinn öra guð um þunga hluti (6)
- 46 Frjó eru efni í eldspáandi ófreskju (6)

LÉTT

5	7	9	8		2	6
6	9	5			4	
8	2	7	6		5	
				9	3	8
2	6			1	7	4
3	4			6		
	8			5	7	6
	5		2		3	1

MIDLUNGS

5	2		9		4		
3			2		6	8	4
		9					5
8	9	3		6			
	4			5			
			4	2			6
					1		6
1	5		3				
	3		8	9	5	7	

ÞUNG

				7	8		2
1							6
			1				7
7			4	6			9
8							3
	6			9			2
	1	8	3				
4		6					5
		3			1		

6	1	4	8	2	9	5	7	3
8	2	5	7	3	6	9	4	1
3	7	9	4	1	5	2	6	8
1	4	7	5	6	8	3	2	9
9	8	6	2	7	3	4	1	5
5	3	2	1	9	4	6	8	7
4	5	1	9	8	2	7	3	6
7	9	3	6	4	1	8	5	2
2	6	8	3	5	7	1	9	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Vitos Bondo Medhus (1788) virðist vera í vandræðum gegn Philip Uhre Knudsen (1394) í fyrstu umferð NM ungmenna í Borgarnesi í gær. **24. Bxf7+! Kxf7 25. Dxf4+ Kg8 26. He2** og hvítur vann nokkru síðar. Íslensku ungmennin byrjuðu vel og hlutu 6½ af 10 mögulegum í fyrstu umferð. Teft verður um alla helgina og geta skákáhugamenn fylgst vel með íslensku landsliðsungmennunum á www.skak.is.

www.skak.is: NM í skólaskák

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

VEL SPILAÐUR SAMNINGUR

Það gladdi hjarta margra Íslendinga þegar sterk íslensk sveit Grants Thornton hafði sigur í sveitakeppni Bridgehátíðar, enda hefur íslenskur sigur, í annarri hvorri keppni á Bridgehátíð, ekki verið algengur síðustu ár. Sveit Grants Thornton endaði með 149,90 stig og í öðru sæti var einnig íslensk sveit, Hótel Hamar sem endaði með 146,59 stig. Sveit Denmark endaði í þriðja sæti keppinnar með 143,88 stig. Spilarar í sveit Grants Thornton voru bræðurnir Hrólfur og Oddur Hjaltasynir, Anton Haraldsson, Guðmundur Snorrason, Ragnar Hermannsson og Sveinn Rúnar Eiríksson. Menn voru sammála um að sveit Grants Thornton hefði spilað best

allra í mótinu. Gott dæmi um það er þetta spil sem kom fyrir í lokaumferðinni. Fyrir síðustu umferð var sveit Grants Thornton einnig efst með 131,06 stig og andstæðingurinn var ekki af verri endanum. Sveit sem kallaði sig „Silla“ og var skipuð Norðmönnumunun Boye Brogeland, Erik Sælendsminde, Per Erik Austberg og Englendingnum Simon Gillis. Sveit Grants Thornton gerði sér lítið fyrir og vann stórsigur, 18:84-1,16 og tryggði sér sigur í mótinu. Í þessu spili í leiknum var lokasamningurinn 3 grönd í AV. Hann fór niður hjá sveit Silla en Anton Haraldsson í sveit Grants Thornton var ekki á því að tapa spilinu. Norður var gjafari og AV á hættu:

<p>Norður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ K10954 ♥ G865 ♦ 1083 ♣ 9 	<p>Vestur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ G3 ♥ ÁK1042 ♦ Á752 ♣ ÁK 	<p>Austur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ Á62 ♥ 73 ♦ D96 ♣ D10742
<p>Suður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ D87 ♥ D9 ♦ KG4 ♣ G8653 		

Austberg í norður opnaði á gervisögninni 2♦ í norður sem gat sýnt veika hönd með báða hálti. Sælensminde bauð upp á 2♠ á suðurröndina og Anton kom inn á 2 gröndum á veströndina. Guðmundur lyfti í 3 grönd sem varð lokasögnin. Útspil Austbergs var spaðatían og Sælensminde setti drottninguna þegar Anton setti lítið spil í blindum. Vörnin fékk að eiga 2 næstu slagana á spaða og sá þriðji var eign sóknarinnar á spaðaásinn. Anton tók ÁK í hjarta og laufi og spilaði einfaldlega tigli á niuna í blindum. Suður var illilega endaspilaður, bæði í laufi og tigli og spilaði sig á endanum út á tigli. Því var hleypt yfir á drottningu og Anton stóð sitt spil. Fékk 3 slagi á lágglitina, 2 á hjarta og 1 á spaða.

Langalína 24
210 Garðabær
Glæsileg eign með sjávarútsýni

Stærð: 125,6 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2016
Fasteignamat: 67.700.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Opið hús laugardag 16. febrúar kl. 14:00-14:30

Verð: 69.900.000



Guðlaugur og RE/MAX Senter kynna í einkasölu mjög vandaða og glæsilega þriggja herbergja 125,6 fm. íbúð með útgengi frá stofu út 49,3 fm verönd með einstöku útsýni til sjávar. Sérmerkt bílastæði í bílajakallara með rafmagnstengi ásamt sér geymslu í kjallara. Um er að ræða vandaða eign á eftirsóttum stað í fallegu húsi við Langalínu 24, 210 Garðabæ, húsi sem byggt var árið 2016. Eftirsótt staðsetning í fallegu húsi með sjávarútsýni.

Stutt frá bæði leikskóla og Sjálandskóla, svo eru fallegar göngu- og hjólaleiðir allt í kring.

Bókið skoðun hjá Gulla í síma 661 6056 eða með tölvupósti á netfangið gulli @remax.is

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is



Sogavegur 115
108 Reykjavík
Efri hæð með flott og gott útsýni

Stærð: 87,9 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1978
Fasteignamat: 41.750.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Opið hús laugardag 16. febrúar kl. 15:00-15:30

Verð: 42.900.000



Guðlaugur og RE/MAX Senter kynna í einkasölu, fjögurra herbergja 87,9 fm endaíbúð á 2. hæð (efstu) með fallegt og mikið útsýni í snýrtilegu fimm íbúða fjölbýli við Sogaveg 115, 108 Reykjavík. Eign á eftirsóttum stað miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðinni fylgir rúmgott og bjart herbergi með parket og glugga í kjallara ásamt sér geymslu.

Árið 2018 var skipt um þakjárn, þakpappa og loftfúður ásamt því að þakkantur hússins var endurbýggður. Einnig hefur m.a. aðalhurð og hurð bakdyrarnar inn í sameign verið endurnýjuð ásamt því að gólf sameignar var endurnýjað og steypt upp smahlíða við framkvæmd á snjóbræðslulufu í stétt hússins.

Bókið skoðun hjá Gulla í síma 661 6056 eða með tölvupósti á netfangið gulli @remax.is

Gunnar Sverrir
Lögg. fasteignasali
8622001
gunnar@remax.is



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Vatnsstígur 21
101 Reykjavík
Vönduð eign með sjávarútsýni

Stærð: 163,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Fasteignamat: 113.950.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Opið hús laugardag 16. febrúar kl. 12:30-13:00

Verð: 89.800.000



RE/MAX Senter kynnar: Mjög glæsilega fjögurra herbergja 163,4 fm íbúð á 2. hæð með sjávarútsýni í eftirsóttu og glæsilegu lyfthúsi við Vatnsstíg 21, í Skuggahverfinu 101 Reykjavík. Þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. L-laga svalir til suðurs og vesturs. Sérmerkt bílastæði í bílajakallara og geymsla fylgja. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning.

Allar nánari upplýsingar gefa bæði Guðlaugur J. Guðlaugsson, löggiltur fasteignasali í síma 661-6056 / gulli@remax.is og Gunnar Sverrir, löggiltur fasteignasali í síma 862-2001 / gunnar@remax.is

Gunnar Sverrir
Lögg. fasteignasali
8622001
gunnar@remax.is



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Ystibær 1
110 Reykjavík
Séríngangur og útleigugeining

Stærð: 117,7 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1963
Fasteignamat: 40.400.000
Bílskúr: Já

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Opið hús laugardag 16. febrúar kl. 16:00-16:30

Verð: 52.900.000



Guðlaugur og RE/MAX Senter kynna í einkasölu vel staðsetta 91,8 fm fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð í tvíbýli við Ystibæ 1, 110 Reykjavík með séríngangi og 25,9 fm bílskúr sem útbúin hefur verið sem leigubúð með möguleika á góðum leigutekjum. Samtals stærð 117,7 fm. Þar að auki eru tveir geymsluskúrar/smáhús (ekki inn í fm tölu) á lóð bavið húsið ásamt palli sem er séreign íbúðar, hægt er að ganga í bakgarðinn frá baðherbergi. Stór og snýrtilegur sameigninlegur garður og góð aðkoma.

Bókið skoðun hjá Gulla í síma 661 6056 eða með tölvupósti á netfangið gulli @remax.is

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Smíðsbúð 12
210 Garðabær
Geymslurými "Dótakassi"

Stærð: 106,3 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 2004
Fasteignamat: 21.700.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Hátt til lofts og mjög góð aðkoma.

Verð: 39.900.000

Allt húsnæðið er mjög glæsilegt og því fylgir sérmerkt þinglýst útsvæði sem er 165,4 fm. Aðgangshlið er með opnun í gegnum síma. Húsnæðið er opið rými með innkeyrsluhurð og aðstöðu fyrir bíla/hjól osfrv. Gengið er upp stigatröppur frá bíla aðstöðu upp á efri pall sem liggur meðfram aðstöðunni og í enda þess. Á efri palli er aðalíngangur ásamt skósiðum gluggum inn í rýmið. Mjög hátt er til lofts, bjart og snyrtilegt. Smekklegt eldhús ásamt snyrtingu þar við hlið.

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

Austurkór 23
203 Kópavogur
Efri hæð með séríngangi

Stærð: 114,3 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2014
Fasteignamat: 46.150.000

RE/MAX
Senter



Opið Hús

Opið hús sunnu. 17. feb. kl. 17:00-17:30

Verð: 54.900.000

Nýleg íbúð á vinsælum stað með sér íngangi. Íbúðin er mjög snyrtileg og vel skipulögð. Forstofa með fataskáp og flísu á gólf. Stofan er björt og opin inn í eldhús, parket á gólfum. Úr stofunni er gengið út á svalir með fallegu útsýni. Eldhúsið er með góðu borð og skápláss. Baðherbergið er með baðkari með sturtu aðstöðu, upphengdu salerni, innréttingu, flísar á gólfum og veggjum. Þvottahús er innan baðherbergi. Hjónaþerbergið er með stórum fataskáp og parketi á gólf. Barnaþerbergin eru með fataskápum og parketi á gólfum.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is



RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is


KRAKKAR

Konráð

340

og félagar á ferð og flugi

„Petta lýst mér vel á,“ sagði Kata. „Epli! Nú fær maður eitthvað almennilegt að borða.“ „Því miður Kata mín,“ sagði Lísaloppa. „Þú mátt borða þau ef þú getur leyst þrautina,“ sagði Konráð. „Heyrið þið mig nú,“ sagði Kata ergileg. „Parf maður að vinna fyrir öllu,“ hún var verulega fúl yfir þessu. „Nei, nei, ég segi bara svona,“ sagði Konráð. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En þá fæ ég fleiri epli en þið.“ „Ef þú leysir þrautina þá máttu það mín vegna,“ sagði Lísaloppa. „Mín vegna líka,“ bætti Konráð við.



„Allt í lagi, hver er þrautin,“ spurði Kata. „Þrautin er þessi,“ sagði Lísaloppa. „Dragðu þrjár línur á milli eplanna þannig að til verði sjö reitir og eitt epli í hverjum þeirra.“

Getur þú hjálpað Kötunni að leysa þessa þraut?



Skemmtilegt skraut í snjónum

Það er hægt að gera margt sér til dundurs í snjónum. Það má búa til fallegar snjóboltaluktir með því að hlaða snjóboltum ofan á kerti í luktum. Það er líka hægt að búa til fallegar myndir úr klaka og þá finnst mörgum afskaplega gaman að búa til fallegt fuglanammi og hengja upp í tré. (Hugmyndir: Pinterest.com)



Flott fuglanammi hengt á greinar.



Fallegir skúlptúrar úr ís.



Luktir úr snjóboltum.



Útielldhús í snjónum að brasa í.



Eftir hundrað ár munu fleiri leika sér

Jónína Kjartansdóttir er fimm ára og er sannfærð um að í framtíðinni verði heimurinn betri en í dag. Hana langar agalega mikið í lítinn, sætan kettling og ætlar að verða fimleikastjarna þegar hún er orðin stór og kemst bæði í splitt og spikat.

Nafn: Jónína Kjartansdóttir

Aldur: Ég er fimm ára

Hvenær áttu afmæli? 18. ágúst, þá verð ég sex ára.

Hvað heitir leikskólinn þinn? Vesturkot.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum? Mér finnst skemmtilegast að fara í val, þá vel ég púða- eða listakrók. Eða iPad.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Grjónagratutur með kanil. En ekki rúsinum!

En er eitthvað sem þér finnst ekki gott að borða? Já, tómatar!

Áttu systkini? Já, ég á bróður sem er eins árs. Það er gaman að leika við hann og stundum fæ ég að hnoðast með hann.

Hvað er skemmtilegast að gera með mömmu og pabba? Fara í ísbúðina og fá trúðaís.

ÉG Á BRÓÐUR SEM ER EINS ÁRS. ÞAÐ ER GAMAN AÐ LEIKA VIÐ HANN OG STUNDUM FÆ ÉG AÐ HNOÐAST MEÐ HANN.

En hvað finnst þér leiðinlegt að gera? Fara í útiveru og biða eftir mömmu.

Hvernig verður framtíðin – eftir svona 100 ár? Heimurinn verður góður og fleiri munu leika sér.

Áttu gæludýr? Nei, ekkert! Mig langar í lítinn, sætan kettling.

Hvað langar þig að verða þegar þú ert orðin stór? Mig langar til þess að verða fimleikastjarna. Ég er í djassballett og get farið í splitt og spikat og ég get líka staðið á höndum.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Matarmiklar súpur
FULLELDAÐAR
Aðeins að hita

**MINNA PLAST
MINNI MENGUN**



Umhverfisvænni
UMBÚÐIR
Sömu góðu súpurnar

1.598
kr. 1 kg


Mexíkósk Kjúklingasúpa, 1 kg
Ungversk Gúlassúpa, 1 kg
Íslensk Kjötsúpa, 1 kg

120
hylki



2.998
kr. stk.

Protis Kollagen
120 hylki




BONUS **EKKERT BRUÐI**



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 17. febrúar eða meðan birgðir endast.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur




Hæg breytileg átt fram eftir degi en snýst til vaxandi NA-áttar síðdegis, fyrst S- og V-lands. Vindur 13-23 m/s undir kvöld, hvassast syðst með slyddu eða snjókomu við S- og A-ströndina. Léttskýjað víðast hvar en þykknar upp austan til síðdegis. Frost 1-10 gráður en frostlaust við S-ströndina er líður á daginn.


Heimurinn




Reykjavík




Ísafjörður




Akureyri




Egilsstaðir



Kirkjubæjarklaustur



Pondus



Geljan



Barnalán



Fedasz Dental Hungary
Your Specialist in Dental Tourism

Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary

Special winter offers!*

*for more informations, don't hesitate to contact us:

☎ 0036 70 942 9573

info@fedaszdental.hu



KOMDU

Í

KOLAPORTIÐ

- dásamleg deild samfélagsins



OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 - 17

Njóttu þess að hlakka til

vita

Afbragðs þjónusta
og frábær verð

Sérferðir VITA 2019



Uppgötvaðu perlur Andalúsíu

Njóttu lífsins á sólríkum söguslóðum hinnar ómótstæðilegu Andalúsíu. Granada, Córdoba og Sevilla eru sannkallaðar perlur fyrir alla unnendur matar, menningar og miðaldasögu. **Skerptu á sagnfræðinni í sumar á ótrúlegu verði.**



7. - 14. maí, 8 dagar / 7 nætur

Verð: **224.500** kr.*

+ 12.500 vildarpunktar

Verð án Vildarpunkta: 234.500 kr.

*Á mann miðað við tvo í tvíbýli.

Flogið með Icelandair

Fararstjóri: Kristinn R. Ólafsson

Fjöldi annarra ferða fram undan á árinu. Nánari upplýsingar á VITA.is

GRANADA - CÓRDOBA - SEVILLA

14.-27. apríl 2019



PÁSKARÍKINA

9.-25. október 2019



SUÐUR-AFRÍKA

23. október - 15. nóvember 2019



SIGLING TIL HAWAII

VITA er í eigu Icelandair Group
ICELANDAIR
GROUP

Bókaðu draumaferðina þína á VITA.is

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is



Til sölu verk eftir Nínu Tryggvadóttur. Stærð 90x130 sm.

Verkið valdi Nína sem sýnisverk á sýningar í Louisiana Museum of Modern Art í Danmörku og á sýningu í New York.

Upplýsingar í síma 833-6906.



Samráð um mótun atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð

Vatnajökulsþjóðgarði hefur frá upphafi verið ætlað að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins en sérstakt ákvæði þess efnis kom inn í lög um þjóðgarðinn við breytingu árið 2016.

Stjórn þjóðgarðsins vinnur nú að mótun atvinnustefnu og vill tryggja að tekið sé tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila við mótun hennar, samhliða vernd þjóðgarðsins.

Lögð er áhersla á að eiga gott samstarf við alla þá sem nýta þjóðgarðinn beint eða óbeint til atvinnusköpunar. Þeim og öðrum sem áhuga hafa er boðið til samráðsfunda þar sem efnisatriði atvinnustefnunnar verða rædd.

Fundir verða haldnir á öllum rekstrarsvæðum þjóðgarðsins, auk þess sem haldin verður einn fundur í Reykjavík. Að auki verður boðið upp á vefkönnun þar sem leitað er eftir sjónarmiðum um sömu efni og tekin verða til umræðu á samráðsfundum. Nánari upplýsingar um samráðsfundina og vefkönnunina er að finna á vef þjóðgarðsins, www.vjp.is.

Samráðsfundir verða haldnir sem hér segir:

• Reykjavík, Hótel Natura við Nauthólsveg	21. febrúar	kl. 15-17
• Smyrlabjörgum	25. febrúar	kl. 15-17
• Vík í Mýrdal, Kötlusetri	27. febrúar	kl. 15-17
• Egilsstöðum, Hótel Héraði	28. febrúar	kl. 16-18
• Húsavík, Fosshótel	5. mars	kl. 15-17

Vefkönnunin verður opin frá 21. febrúar til 7. mars.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is

Ekki missa af neinu, fylgdu Frettablaðinu á Facebook



Vera Panitch, Páll Palomares, Hrafnkell Orri Egilsson og Þórarinn M. Baldursson.

Nýr kvartett kveður sér hljóðs á Íslandi

TÓNLIST



Kammertónleikar

Verk eftir Webern, Mozart og Borodin í flutningi Kordo kvartettsins.

Norðurljós í Hörpu

Sunnudaginn 10. febrúar

Ég sá nýlega skopmynd með fyrirsögninni „Ef Richard Wagner hefði verið bloggari“. Á myndinni sitja Wagnerhjólin hvort við sína tölvuna. Konan segir: „Richard elskan, af hverju getur þú ekki bloggað stutt eins og aðrir bloggarar?“ Óperur Wagners eru nefnilega óvanalega langar, og stórvirkið hans, Niflungahringurinn, sem er fjórleikur, tekur um 16 klukkustundir í flutningi!

Sex bagatellur op. 9 eftir Anton Webern, sem hinn nýstofnaði Kordo kvartett lék á debut-tónleikum sínum í Hörpu á sunnudaginn, voru hins vegar eins og Twitter-færslur. Hver bagatella var örstutt, bara nokkrar hendingar, örtiltir hljómar, smávægis hrynjandi – og búið. Verkin voru samin út frá tölftónakerfinu, sem er ómstritt og torrætt, enda var tónlistin dálítið spúki. Hún var þó prýðilega flutt. Hljóðfæraleikararnir eru í Sinfóníuhljómsveit Íslands, fiðluleikararnir

Páll Palomares og Vera Panitch, víóluleikarinn Þórir Már Baldursson og sellóleikarinn Hrafnkell Orri Egilsson. Þau voru með allt á hreinu. Leikur þeirra var þrunginn viðeigandi blæbrigðum sem voru fagurlega mótuð og skiluðu sér í notalegru dulúð.

Næst á dagskrá var strengjakvartett nr. 21 í D-dúr eftir Mozart. Hann er sá fyrsti í röð hinna svonefndu þrússnesku kvartetta, sem voru tileinkaðir Friedrich Wilhelm II Prússakeisara. Tónskáldin í gamla daga tileinkuðu hefðarfólki gjarnan verk sín í von um að hafa peninga upp úr krafsinu. Í þá daga hélt aðallinn bláfátæku listafólkinu uppi, líkt og starfslaun og aðrir styrkir gera í samtímanum.

Kvartettinn er frísklegur og fjórugur, og fjórmenningarnir léku af krafti. Mikið var um hröð tónahlaup og voru þau ætíð jöfn og meitluð. Samspilið var nákvæmt, heildarhljómurinn þéttur og safaríkur; útkoman var unaðsleg áheyrnar.

Ekki síðri var kvartett nr. 2 eftir rússneska tónskáldið Alexander Borodin, hvorki verkið sjálft né flutningurinn. Borodin, sem var uppi á nítjándu öldinni, var tónskáld í háverkum og leit á tónlistina sem hobbí. Hann starfaði sem læknir og efnafræðingur og fram-

lag hans til lífefnafræði var drjúgt, hann gerði margar uppgötvunir. Í dag er hans þó aðallega minnst fyrir tónlistina.

Í kvartett Borodins skiptu þau Páll og Vera um sæti, hún var fyrsta fiðla en hafði verið önnur fiðla í hinum verkunum. Tónlistin var hrífandi rómantísk, stefin innileg og hástemmd, úrvinnsla grunnhugmyndanna full af ólgandi tilfinningum. Allt þetta skilaði sér í vönduðum leiknum, sem var pottþéttur og markviss, túlkunin ávallt gædd sannfærandi ákefð og tilþrifum.

Borodin samdi kvartettinn til eigin konu sinnar og ef marka má tónlistina var hann greinilega ákaflega ástfanginn af henni. Hægi kaflinn er frægur, enda laglínan sérstaklega gripandi. Kaflinn er vandasamur í flutningi, stundum er leikið mjög hátt á tónsviðinu, tónarnir eru naktir og má því ekkert út af bera ef tónlistin á ekki að verða óhrein. Leikur fjórmenninganna var þar svo gott sem fullkominn, tónlistin var seiðandi fögur í höndum þeirra.

Spennandi verður að fylgjast með Kordo kvartettinum í framtíðinni og er hann hér með boðinn velkominn í röð fremstu kammerhópa landsins. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Afar vel leikið og tónlistin fallg.

Leiðarstefið er tungumál hjartans

Ljóðabókin *Gangverk* eftir Þorvald Sigurbjörn Helgason kom út nú í vikunni á vegum Máls og menningar. Þorvaldur Sigurbjörn er sjálfstætt starfandi rithöfundur og sviðshöfundur. Hann hefur áður sent frá sér ljóðabókina *Draumar á þvottasnúru*. Fyrir handritið að *Gangverk* hlaut hann Nýræktar-



styrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta og úr umsögn bókmenntaráðgjafa þeirrar miðstöðvar eru eftirfarandi línur ritaðar á bókarbak: „Gangverk er heillandi ljóðabók eftir ungt skáld með merkilega lífsreynslu að baki... Leiðarstefið er tungumál hjartans, á forsendum bæði læknisvísindanna og ástarinnar, með þeim hætti að það veitir einstaka innsýn í líf og líðan ljóðmælanda.“

–gun

12. ágúst

vakna í svitabaði

draumveruleikinn byrgir sýn slagverkið í brjóstinu yfirgnæfir hugsanir

klöngrast úr blautri spennitreyju út á flúorlýstan gang

ég er einn og hjartað vill komast út.

Nýjar myndir með eldra yfirbragði

Myndir sem gerðar eru með aldagamalli tækni eru til sýnis og sölu í Galleríi Korku á Skólavörðustíg 4. Að baki sýningunni standa átta íslenskar konur. Af þeim er ein hönnuður en hinar sjö ljósmyndarar, þeirra á meðal er Christine Gísladóttir, sem nú nemur listfræði við Háskóla Íslands.

„Það er mikil vinna lögð í þessar myndir en hún er skemmtileg. Þetta er gamalt handverk, bromoil er það kallað,“ segir Christine og lýsir aðferðinni lauslega. „Upphaflega eru þetta venjulegar ljósmyndir sem unnar eru í myrkraberbergi á sérstakan pappír. Þegar þær eru orðnar þurrar eru þær settar í klórblöndu þar sem myndefnið leysist upp að mestu, síðan er flöturinn þurrkaður, hitaður, bleyttur og blekborinn til skiptis.“

Aðferðin gerir myndirnar mjúkar og lætur þær lita út eins og þær tilheyri fortíðinni. Christine kannast við það. „Myndir verða voða tíma-lausar þegar þær eru meðhöndlaðar á þennan hátt og helst þyrfti líklega eitthvert skilti að vera sjáanlegt til að staðfesta að mynd sé úr nútímanum,“ segir hún.

Allar hafa listakonurnar farið á nokkur námskeið hjá Kanadamanninum David Lewis sem kennt hefur aðferðina hér á landi, að sögn Christine, og hún segir þær stefna að því að halda áfram. „Það er nánast eins og hugleiðsla að sitja við myndirnar, því það tekur alveg fleiri klukkutíma að búa til svona mynd og vegur á móti hraða heimsins í dag.“

Sýnendur ásamt Christine eru Ágústa Arna Grétarsdóttir, Bára Kristjánsdóttir, Jóna Þorvaldsdóttir, Salbjörg Rita Jónsdóttir, Sigríður Kolbeinsdóttir, Sigrún Hjaltalín og Vigdís H. Viggósdóttir.

Sýningin verður í Galleríi Korku til 21. febrúar.

gun@frettabladid.is



„Það tekur alveg fleiri klukkutíma að búa til svona mynd og vegur á móti hraða heimsins í dag,“ segir Christine Gísla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ein af myndum Christine á sýningunni.

Engin samkeppni heldur samvinna

Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Páll Eyjólfsson gítarleikari halda tónleika í Hömrum í Hofi á Akureyri á morgun, sunnudaginn 17. febrúar, klukkan 17.

„Við erum með fjölbreytta dagskrá sem nær allt frá barokktímanum til dagsins í dag,“ byrjar Páll, þegar hann er inntur eftir því hvað þau Laufey ætli að spila. „Við erum til dæmis með verk eftir Pergolesi, sem er barokkhöfundur og Paganini, ítalskan fiðlusnílling og tónskáld.“

Voru gítarar á barokktímanum?

„Nei, ekki eins og nútímagítarar eru í dag en barokksónótur voru spilaðar á alls konar hljómahljóðfæri. Öll verkin, nema tvö, hef ég umritað fyrir gítarinn frá pianói og fleiri hljóðfærum.“

Það hlýtur að vera list út af fyrir sig?

„Þú segir það. Það er að minnsta kosti heilmikil vinna.“

Spurður hvort gítarinn megi sín einhvers í samkeppni við fiðluna svarar Páll: „Þetta er engin samkeppni, heldur samvinna, enda heitir eitt lagið Samtvinna, það samdi John Speight sérstaklega fyrir okkur og við frumfluttum það í júlí 2018 í Fuglasafninu í Mývatnsveit. Þar var gaman að spila fyrir fuglana og fólkið.“

Frédéric Chopin og John Williams eru meðal höfunda á efnis-skránni, að sögn Páls. „Ég verð líka að nefna eitt frábært tónskáld, það er hin franska Chaminade sem fæddist í kringum miðja 19. öld og lifði fram undir miðja þá 20. Það var erfitt fyrir hana að fá að læra á hljóðfæri á sínum tíma, hún átti bara að vera heima að sinna konu-hlutverkinu, en braust til mennta. Við spilum þrjú verk eftir hana.“



Pau Laufey og Páll hófu samstarf árið 1986 og eiga að baki marga konserta, upptökur fyrir útvarp og sjónvarp og einn geisladisk, Ítölsk tónlist frá 1996.

SUMIR SEGJA AÐ GÍTARINN SÉ HLJÓMSVEIT Í HÖNDUNUM Á GÓÐUM SPILARA!

Svo erum við með sígaunaverk eftir uppáhaldsfiðluleikarann hennar Laufeyjar, Fritz Kreisler, og endum á titillagi myndarinnar Schindler's list, sem er samið fyrir fiðlu og hljómsveit en sumir segja að gítarinn sé hljómsveit í höndunum á góðum spilara!

Það er Tónlistarfélag Akureyrar sem stendur fyrir þessum tónleikum í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar og Félag íslenskra tónlistarmanna. gun@frettabladid.is

FJÁRFRAMLÖG TIL LISTA- OG MENNINGARSTARFSEMI 2019

Menningar- og nýsköpunarnefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna listviðburða og menningarmála árið 2019

Hér undir falla áður árviss fjárframlög til margvíslegrar menningarstarfsemi í bænum, auk nýrra. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagsamtök eða stofnanir, innan sem utan Mosfellsbæjar. Menningar- og nýsköpunarnefnd óskar sérstaklega eftir umsóknum sem efla nýsköpun á sviði lista og menningar.

Fjárframlög til lista og menningarmála eru af tvennum toga:

- FJÁRFRAMLÖG TIL ALMENNARR LISTASTARFSEMI
- FJÁRFRAMLÖG VEGNA VIÐBURÐA EDA VERKEFNA

Umsóknum skal skilað í síðasta lagi þann 15. mars 2019 rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar í samræmi við reglur og leiðbeiningar sem þar er að finna.

www.mos.is/listogmenning

Nánari upplýsingar í síma 525 6700

Niðurstöður menningarmálanefndar Mosfellsbæjar munu liggja fyrir eigi síðar en 2. apríl 2019 og eru háðar samþykki bæjarstjórnar.



MOSFELLSBÆR



FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Morgunverðarfundur Vegagerðarinnar: Umferðaröryggi á þjóðvegum verður haldinn þann 19. febrúar



Auður Þóra



Einar



Jóhannes Þór



Hörður

Þriðjudaginn 19. febrúar nk. heldur Vegagerðin morgunverðarfund um umferðaröryggi á þjóðvegum landsins. Fjallað verður um þetta mikilvæga málefni af starfsmönnum Vegagerðarinnar og fulltrúum frá ferðaþjónustunni og flutningsaðilum. Allir eru velkomnir.

Fundurinn verður haldinn á Hotel Hilton Nordica við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Skráning og morgunverður frá kl. 08:00 en síðan verða flutt fjögur erindi og hefst sá hluti kl. 08:30, reiknað er með að fundi ljúki um kl. 10:00. Fundurinn verður í sal FG á annari hæð.

Allir eru velkomnir en þurfa að skrá sig á vegagerdin.is

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/umferdaroryggi-a-thjodvegum>

Fundargjald er 2.500 kr. og er morgunverðurinn innifalinn.

Dagskrá:

Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar Vegagerðarinnar

Einar Pálsson, forstöðumaður þjónustudeildar Vegagerðarinnar

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Hörður Gunnarsson, forstjóri Ólúdreifingar fyrir flutningasvið Samtaka verslunar og þjónustu.

Umræður og fyrirspurnir



Söngbókarbrot sem fylla upp í eyðu

Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur segir að rannsókn sín fylli upp í eyðu sem hafi verið í tónlistarsögu Íslands á 16. öld.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Tónlistarfræðingurinn Árni Heimir Ingólfsson hefur rannsakað tvö íslensk söngbókarbrot frá 16. öld sem varðveitt eru í Konungsbókhöfðu í Stokkhólmi. Í nýjasta hefti Griplu er að finna grein eftir hann um þessi söngbókarbrot.

Árni Heimir segir að rannsóknin á þessum brotum fylli að nokkru leyti upp í eyðu sem hafi verið í tónlistarsögu Íslands á 16. öld. Spurdur hvenær hann hafi fyrst frétt af þessum söngbókarbrotum segir Árni Heimir: „Fyrir nokkrum árum spurði mig Einar G. Pétursson, prófessor á Árnastofnun, hvort ég hefði frétt af Grallarabroti sem væri í Konungsbókhöfðunni í Stokkhólmi. Ég kom af fjöllum og hann benti mér á skrá sem Jón Samsonarson gerði á sínum tíma um íslensk handrit sem geymd eru þar. Forvitni mín vaknaði svo ég fór til Stokkhólms og sá að þetta brot var enn merki-legra en ég hafði haldið. Þarna var sem sagt ekki einhver að skrifa upp úr sálmabókinni (Grallaranum) sem Guðbrandur Þorláksson gaf út á Hólum árið 1594 og var undirstaða messusöngs hér í mörg hundruð ár. Þetta var eldra brot sem hafði aldrei komið út á prenti.

Þegar ég fór að kanna þetta betur uppgötvaði ég annað handritsbrot sem geymdu að hluta til sama efni og hafði heldur aldrei verið gefið út á prenti. Þetta leiddi til verkefnis sem við Svanhildur Óskarsdóttir vinnum að sem snýst meðal annars um að kanna hvað var að gerast í tónlist og kirkjusöng frá því að lúterskur siður var lögtekinn í Skálholti árið 1541 og þar til Grallarinn kom út 1594. Kirkjusöngur fór fram með ýmsum hætti á meðan ekki var

búið að gefa út opinbera söngbók, og við vitum að það var ósamræmi milli biskupsdæmanna um það hvað var sungið. Svo að segja engar nótur hafa varðveist frá þessum tíma, sem er að mörgu leyti skiljanlegt því um leið og Guðbrandur Þorláksson gaf út Grallaranum urðu eldri handrit úrelt. En á þessu ríflega 50 ára tímabili urðu auðvitað til ýmsar lausnir, og meðal annars hefur einhver tekið sig til og þýtt gamla kaþólska sléttisönginn yfir á íslensku. Það eru engin lúthersk sálmalög í þessum brotum heldur er um að ræða kaþólskt efni á íslensku. Þetta er býsna óvenjulegt og sýnir að einhverjir hafa viljað halda í gamlar hefðir.“


Notuð í umslög og bókband

Árni Heimir er spurdur af hverju þessi brot hafi ratað til Stokkhólms en ekki varðveist hér á landi. „Í Stokkhólmi á 17. öld var gert töluvert af því að safna saman, rannsaka og gefa út gamlar íslenskar sögur. Íslendingar voru ráðnir til sænska Fornfræðaráðsins til að rannsaka gamlar bókmenntir og tóku með sér handrit þangað út. Enginn hafði áhuga á þessum söngbókarbrotum sem voru algjörlega ónýtt efni í huga 17. aldar manna. Þannig að þeir notuðu þau fyrir umslög og í bókbönd. Þess vegna eru handritin mjög tætt og illa útlitandi og sumt þar er nánast ólesilegt.

Þessi brot fylla að einhverju leyti upp í 50-60 ára gat í tónlistarsögu okkar. Við vitum hvernig tónlist



„Forvitni mín vaknaði svo ég fór til Stokkhólms,“ segir Árni Heimir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Mynd af söngbókarhandriti sem Árni Heimir hefur rannsakað. Það virðist hafa verið notað í bókbönd og ber þess merki.

ÞAD ERU ENGIN LÚTERSKE SÁLMALÖG Í ÞESSUM BROTUM HELDUR ER UM AÐ RÆÐA KAÞÓLSKT EFNI Á ÍSLENSKU. ÞETTA ER BÝSNA ÓVENJULEGT OG SÝNIR AÐ EINHVERJIR HAFU VILJAÐ HALDA Í GAMLAR HEFÐIR.

við erum smám saman að fylla upp í þá eyðu. Kannski koma svo einhverntímann fleiri handrit í ljós.“

Sýnisbók á leiðinni

Árni Heimir segir næsta skref hjá sér vera að skoða handritauppskriftir af Grallaranum. „Þegar einhver skrifar upp prentaða bók, þá er hann um

leið orðinn ritstjóri efnisins og getur sleppt því sem hann hefur ekki áhuga á og tekið eitthvað annað inn. Við eigum tölf handritauppskriftir af Grallaranum og það er áhugavert í menningarsögulegu samhengi að bera þær saman, skoða að hvaða leyti þær eru líkar og að hvaða leyti ólíkar og sömuleiðis að hvaða leyti handritin spegla aðstæður sem þau verða til í. Það er ótrúlega gaman að rannsaka þessa gömlu tónlistarmenningu okkar enda er enn svo margt ókannað hvað varðar tónlist á Íslandi fyrir á öldum.“

Árni Heimir er síðan að skrifa bók, sýnisbók íslenskra nótnahandrita frá 1100-1800, sem kemur út hjá Crymogeu í haust.

TE & KAFFI

TAKK

KAFFIÐ OKKAR ER UPPÁHALDSKAFFI ÍSLENDINGA* - MÁ BJÓÐA ÞÉR BOLLA?

Við erum ótrúlega glöð yfir því að kaffið okkar sé uppáhaldskaffi þjóðarinnar! Til að sýna þakklæti okkar í verki bjóðum við þér að koma á eitt af kaffihúsum okkar með topp af Te & Kaffi kaffipakka og fá í staðinn kaffibolla að eigin vali.

Takk fyrir að leyfa okkur að vera með þér á hverjum degi.

*Könnun Zenter frá september 2018. Tilboðið gildir út mars 2019.



Pollapönkarar verða í farabroddi og í miklu stuði ásamt Lúðrasveit Hafnarfjarðar og Kór Öldutúnskóla í Íþróttahúsinu við Strandgötu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

16. FEBRÚAR 2019

Hvað: Vinnustofa kennara: Lectio divina
Hvenær: 10.00-12.00
